



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**MA ritgerð
í Sagnfræði**

Eigur vinnuhjúa í Skagafirði um miðja 19. öld

Kolbeinn Sturla G. Heiðuson

Leiðbeinandi: Már Jónsson, prófessor
September 2023

DEILD HEIMSPEKI, SAGNFRÆÐI OG FORNLEIFAFRÆÐI

Eigur vinnuhjúa í Skagafirði um miðja 19. öld

Kolbeinn Sturla G. Heiðuson
041196-2039

Lokaverkefni til MA-prófs í Sagnfræði
Leiðbeinandi: Már Jónsson, prófessor

Deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði
Hugvísindasvið Háskóla Íslands
September 2023

Eigur vinnuhjúa í Skagafirði um miðja 19. öld

Ritgerð þessi er 30 eininga lokaverkefni til MA-prófs
við deild sagnfræði, heimspeki og fornleifafræði á Hugvísindasviði Háskóla Íslands

© Kolbeinn Sturla G. Heiðuson, 2023

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Ágrip

Í þessari ritgerð er fjallað um eignastöðu vinnuhjúa í Skagafirði um miðbik 19. aldar. Markmið hennar er að sýna fram á fjölbreytileika einstaklinga sem störfuðu við vinnumennsku og hversu þunn skilin voru milli þess að vera vinnuhjú og bóndi. Einkum er stefnt að því að brjóta niður þær hefðbundnu hugmyndir um að vinnuhjú hafi myndað afmarkaða samfélagsstétt sem einkenndist einna helst af mikilli fátækt og erfiðri lífsbaráttu. Í fyrri hluta ritgerðarinnar er greint frá stöðu, fjölda og starfsemi vinnuhjúa á Íslandi á 19. öld og gerð grein fyrir því lagaumhverfi sem var við lýði á tímabili rannsóknarinnar. Í seinni hluta ritgerðarinnar eru dánarbú valinna einstaklinga skoðuð til að meta raunverulega eignastöðu vinnuhjúa þessa tíma. Fimmtíu dánarbú úr Skagafirði frá tímabilinu 1840-1870 voru valin og síðan voru sextán fulltrúar teknir sérstaklega fyrir og gerð ítarleg greining á efnahagsstöðu þeirra og æviferli. Því næst eru einstaklingarnir bornir saman með tilliti til eignastöðu, aldurs, kyns og uppruna. Niðurstaða rannsóknarinnar er sú að vinnuhjú voru margslunginn hópur og mikill munur gat verið á efnahagsstöðu þeirra bæði á milli aldurshópa og kynja. Aldur og uppruni skýrðu í meginatriðum hvernig eignastöðu þeirra var háttað. Einnig er ljóst að ekki er hægt að líta á vinnuhjú sem afmarkaða samfélagsstétt í ljósi þeirra þunnu skila sem lágu á milli vinnumennsku og búskapar. Vinnumennsku má að hluta líkja við starfsþjálfun sem langflestir einstaklingar um miðja 19. öld gengu í gegnum til að búa sig undir að stofna eigið býli síðar meir.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	7
1.1. Markmiðslýsing	8
1.2. Fyrri umfjöllun	9
1.3. Heimildir og nálgun.....	12
1.4. Uppbygging ritgerðar	16
2. Vinnuhjú á 19. öld	17
2.1. Hvað voru vinnuhjú?	17
2.2. Lagaumhverfi.....	27
3. Eignastaða	32
3.1. Vinnuhjú í Skagafirði á 19. öld	32
3.2. Skagfirsk dánarbú 1840–1870	35
3.3. Yngri vinnuhjú.....	38
3.3. Eldri vinnuhjú	60
3.4. Greining á mannfólki og manngerðum.....	84
4. Niðurstöður	89
Viðauki	91
Heildarlisti dánarbúa (raðað eftir aldri)	91
Uppskrifuð dánarbú	93
Björg Björnsdóttir á Beingarði (1825–1855).....	93
Erlendur Jónsson á Selhólum (1830–1865).....	96
Eyjólfur Pétursson á Krithóli (1834–1854)	98
Guðmundur Ásgrímsson á Enni (1772–1842).....	100
Guðrún Jónsdóttir á Lambanesreykjum (1830–1858).....	102
Jón Árnason á Reynistöðum (1797–1858)	103
Jón Davíðsson á Reykjum (1821–1845).....	107
Lilja Rögnvaldsdóttir á Fjalli (1826–1859)	109
Oddur Oddsson á Flugumýri (1794–1843).....	111
Ólafur Guðmundsson á Syðribrekku (1829–1851)	114
Pétur Eyjólfsson á Hólkoti (1775–1851).....	117

Ragnheiður Sölvadóttir á Kjarvalsstöðum (1790–1863).....	119
Sigurlaug Ingimundardóttir á Bjarnastöðum (1790–1846)	120
Svanborg Oddsdóttir á Bjarnastaðahlíð (1819–1852)	123
Valgerður Jónsdóttir á Skefilsstöðum (1801–1867).....	125
Þórunn Daníelsdóttir á Ögmundarstöðum (1789–1841)	127
Heimildaskrá	130

Töfluskrá

Tafla 1. Atvinnuskipting á Íslandi árið 1850.....	17
Tafla 2. Fólkstala á Íslandi árið 1850.	18
Tafla 3. Hjúskaparstaða á Íslandi árið 1850.	18
Tafla 4. Aldursdreifing vinnuhjúa árið 1850.	20
Tafla 5. Fólksfjöldi í Skagafjarðarsýslu árið 1850.	32
Tafla 6. Hjúskaparstaða í Skagafjarðarsýslu árið 1850.	32
Tafla 7. Atvinnuskipting innan Skagafjarðarsýslu árið 1850.	33
Tafla 8. Hjúskaparstaða vinnuhjúa í Skagafjarðarsýslu árið 1850.	33
Tafla 9. Aldursdreifing vinnuhjúa í Skagafjarðarsýslu árið 1850.	34
Tafla 10. Meðaltal aldurs og verðmæta í dánarbúum.	35
Tafla 11. Hlutfall verðmæta innan dánarbúa.	35
Tafla 12. Meðalverðmæti miðað við aldurshóp (í rd.).	37
Tafla 13. Samantekt á verðmætum yngri vinnumanna.	47
Tafla 14. Samantekt á verðmætum yngri vinnukvenna.	57
Tafla 15. Samanburður á verðmætum yngri vinnuhjúa í ríkisdölum.	58
Tafla 16. Samantekt á verðmætum eldri vinnumanna.	71
Tafla 17. Samantekt á verðmætum eldri vinnukvenna.	81
Tafla 18. Samanburður á verðmætum eldri vinnuhjúa.	82
Tafla 19. Heildarsamantekt á verðmætum vinnuhjúa.	84

1. Inngangur

Þegar manni verður hugsað til vinnuhjúa fyrri tíðar birtast myndir af mikilli fátækt, bágindum og eilífri lífsbaráttu undir harðstjórn grimmra húsbænda og yfirvalda. Lýsingar sagnaritara á síðustu áratugum hafa lengi vel einkennst af slíku orðbragði. Á síðustu árum hefur þetta þó tekið breytingum og fleiri rit hafa reynt að brjóta niður þessar hugmyndir. Fræðimenn líkt og Axel Kristinsson og Árni Daníel Júlíusson hafa til að mynda lagt áherslu á að vinnuhjú hafi verið fjölbreyttur hópur og að vinnumennska hafi í mörgum tilfellum verið æviskeið fremur en lífstíðarstarf.¹ Þessi nýja sagnaritun stangast á við þá hefðbundnu hugmynd af vinnuhjúum sem hefur lengi verið ríkjandi.

Algengt hefur verið að fjalla um vinnuhjú sem afmarkaða stétt innan þjóðfélagsins sem bjó við einstakar aðstæður, efnahagsstöðu og lagaumhverfi. Eldri rit fræðimanna líkt og Guðmundar Jónssonar² og Gísla Gunnarssonar³ hafa lagt megináherslu á takmörkuð réttindi vinnuhjúa og athafnarymi innan samfélagsins. Vilhelm Vilhelmsson er á svipuðum nótum og hefur fjallað um vinnuhjú sem undirsáta samfélagsins líkt og lausa- og húsfólk sem bjó við bág kjör og þurfti að þola siðræna ögun af hálfu húsbænda sinna og yfirboðara.⁴

Markmið þessarar ritgerðar er að skoða eignastöðu vinnuhjúa til að meta hversu margslungin hópur þetta gat verið. Í inngangi verður greint frá afmörkun rannsóknarinnar og skýrt frá forsendum fyrir vali þeirra heimilda sem notaðar voru. Einnig verða mikilvæg hugtök líkt og fátækt og eignastaða skilgreind og gerð verður grein fyrir eldri sagnaritum sem snerta á þessu efni.

¹ Axel Kristinsson, *Hnignun, hvaða hnignun?*, bls. 177-183 og Árni Daníel Júlíusson, *Landbúnaðarsaga Íslands I*, 246-247.

² Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*, bls. 79-81.

³ Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið Ísaland*, bls. 32-38.

⁴ Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk*, bls. 262-263.

1.1. Markmiðslýsing

Meginmarkmið þessarar ritgerðar að veita betri innsýn í efnahagsstöðu vinnuhjúa um miðbik 19. aldar. Í þessari rannsókn er tímabilið 1840 til 1870 tekið fyrir. Meginástæðan fyrir því vali er að þetta var við endalok tímabils þar sem vistarskylda landsmanna var að hluta til óskilgreind í lögum og umbætur á réttindum þeirra höfðu ekki átt sér stað að markverðu leyti. Með vistarskyldu er átt við þá kvöð um að allt jarðnæðislaust fólk skyldi vera í vinnumennsku hjá bónda.¹ Vistarskyldan hafði þekkt hér á landi frá fornu fari en skýrar reglur voru ekki settar fyrr en 1783 með tilskipun um lausamennsku. Með tilkomu lausamenskulaganna árið 1866 hófst ferli sem endaði með endurskoðun laganna árið 1894 þegar vistarskyldan var afnumin að fullu.² Markmið ritgerðarinnar er þess vegna að meta eignastöðu vinnuhjúa í lok þessa tímabils um miðbik 19. aldar, áður en markverðar umbætur voru gerðar á vistarskyldunni.

Fyrir þessa rannsókn hefur Skagafjarðarsýsla orðið fyrir valinu. Meginmarkmiðið hér er að taka fyrir afmarkaðan landshluta þar sem hægt væri að skoða fjölda vinnuhjúa á stuttu tímabili. Skagafjörður stóð upp úr fyrst og fremst vegna fjölda þeirra dánarbúa sem skráð voru á vinnuhjú, þó að fjöldi dánarbúa í heild sinni skipti minna máli. Sýslan var því hentugt og einfalt val fyrir afmörkun þessarar rannsóknar. Tekin verður fyrir stór hópur af vinnuhjúum sem létust innan sýslunnar á tímabilinu. Eignastaða þeirra verður skoðuð og nokkrir fulltrúar úr röðum þeirra verða teknir sérstaklega fyrir og gerð ítarlegri athugun á starfsferli þeirra og fjárhagslegum aðstæðum. Með þessum hætti verður markmiðið að meta fjölbreytileika þessa hóps með tilliti til þátta á borð við efnahagsstöðu, aldurs, kyns og uppruna.

¹ Vef. Gísli Gunnarsson, „Hvað var vistarbandið.“

² Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk*, bls. 262-263.

1.2. Fyrri umfjöllun

Fyrri sagnaritun um vinnuhjú einkennist einna helst af lýsingum á fátækt, undirokun og mismunun af hálfu bænda og yfirvalda. Vinnuhjú hafa þá oft verið máluð sem afmörkuð samfélagsstétt sem bjó við mikla kúgun og undirokun frá húsbændum sínum og yfirvöldum landsins. Í því samhengi hefur vinnumennsku einkum verið lýst sem lífstíðarstarfi sem hægt væri að greina frá störfum bænda.

Gísli Gunnarsson, í bók sinni *Upp er boðið Ísaland*, lýsir „vinnuhjúastéttinni“ sem félagslega ófrjórrí. Jafnvel hraustustu og duglegustu hjú landsins fengu ekki næg laun til að framfleyta börnum sínum. Ef vinnuhjú eignuðust börn braut það einnig gegn samfélagsreglum og hagrænum viðbúnaði landsins. Það var því nauðsynlegt að viðhalda einskonar ófrjálssu einlífi innan raða þeirra. Það hafi verið hlutverk bænda að endurnýja næstu kynslóð vinnuhjúa með lægri launum svo að þau myndu síðar eignast börn. Sökum þess hafi meirihluti hjúa yfir 24 ára að aldri neyðst til að halda sér innan vinnumennsku alla ævi.

Víða er einnig fjallað um vinnuhjú sem fátæka stétt sem glímdi við mikla fátækt og bág kjör. Í BA-ritgerð sinni, *Vinnuhjú á 19. öld*, lýsir Guðmundur Jónsson aðstæðum vinnuhjúa í samhengi svokallaðs húsaga sem ríkti á landinu á 18. og 19. öld. Þannig voru vinnuhjú ofurseld nær ótakmörkuðu valdi húsbænda sinna að sama skapi og börn þeirra. Hér er talað um vinnuhjú sem sérstaka stétt sem var skýrt aðgreind frá öðrum stéttum samfélagsins. Þau voru vistbundið og undirokað verkafólk sem naut fárra réttinda fyrr en á 20. öld. Hann tekur þó fram að þau hafi ekki verið starfstétt í hefðbundnum skilningi, heldur miklu fremur þjóðfélagsstétt sem var vel afmörkuð af félagslegri stöðu þeirra og lagaumhverfi.¹ Í grein árið 1993 nefnir hann einnig að vinnufólk, ásamt lausafólki, húsfólki og þurrabúðarfólki, hafi ekki verið álitid fullgildir þjóðfélagsþegnar af ráðandi stéttum landsins.²

Annað dæmi er bókinn *Sjálfstætt fólk* eftir Vilhelm Vilhelmsson þar sem höfundur tekur fyrir lífnaðarhætti og félagslega stöðu margs konar undirokaðra hópa á 18. öld. Þar er erfið lífsbarátta vinnuhjúa og lausafólks skoðuð með hliðsjón af viðhorfum húsbænda og yfirvalda. Vilhelm lýsir vinnuhjúum sem undirsátum innan samfélagsins og fjallar um

¹ Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*, bls. 79-81.

² Guðmundur Jónsson, „Ósamræmi í frelsishugmyndum oftúlkað“, 62-63.

aðstæður þeirra í samhengi siðrænnar ögunar. Vinnuhjú höfðu með þeim hætti takmarkaðan atbeina og lítið athafnarými innan samfélagsins sökum þeirra venja og löggjafar sem var við lýði á fyrri tímum.¹ Egill Ólafsson er á svipuðum nótum og lýsir aðstæðum vinnuhjúa í samhengi við ögunarbyltingu 17. og 18. aldar og að vinnuhjú, rétt eins og börn húsbændanna, þurftu að bera óttablandna virðingu fyrir yfirmönnum sínum. Skilyrðislaus hlýðni og undirgefni var lykilatriði í samfélagsstöðu þeirra.² Guðmundur Már Ragnarsson skoðaði lagaumhverfi vinnuhjúa í BA-ritgerð sinni og lagði áherslu á takmarkað athafnarými hjúa. Að hans mati var löggjöf um vinnuhjú frá árinu 1866 samin með það í huga að takmarka frelsi vinnuhjúa til að koma í veg fyrir búferlaflutninga þeirra úr sveitum landsins með það að meginmarkmiði að vernda hagsmuni bændastéttarinnar.³ María E. Guðsteinsdóttir hefur skoðað vistarrofsmál milli hjúa og húsbænda þeirra. Hún lagði mikla áherslu á átök þar á milli og tekur fyrir mörg mál þar sem gengið var á rétt hjúa og komið illa fram við þau.⁴

Á síðustu árum hafa þó æ fleiri sagnfræðirit reynt að brjóta niður þessar hugmyndir. Axel Kristinsson, í bók sinni *Hnignun, hvaða hnignun?*, hafnaði þeim algjörlega. Í bókinni setur hann sér það að markmiði að afsanna þá „goðsögn“ að Ísland hafi gengið í gegnum mikið niðurlægingatímabil á árnýöld þar sem dönsk stjórnvöld reyndust þjóðinni óheillavænleg og að ráðandi bændastétt landsins hafi kúgað undirokaða hópa líkt og vinnuhjú og lausafólk. Axel færir rök fyrir því að engar heimildir séu fyrir þeim staðhæfingum að aðstæður vinnuhjúa hafi verið verri hér á landi í samanburði við nágrannapjóðir. Að hans mati hefur gagnrýni fræðimanna líkt og Guðmundar Jónssonar og Gísla Gunnarssonar á vistarskyldu landsins og bága réttarstöðu hjúa oft verið mikil ofmæli. Vinnumennska hafi í raun verið launavinna sem væri sambærileg við verkamannavinnu nútímans. Helsti munurinn þar á milli væri að launafólk nútímans hafi aukinn kaupmátt sem veiti þeim ákveðið frelsi, m.a. til að stofna fjölskyldu og reka eigið bú. Hann bendir einnig á að vinnumennska hafi í mörgum tilfellum verið æviskeið þar til einstaklingar gátu safnað nægu fé til að hefja eigin búskap. Stofnkostnaðurinn hafi einfaldlega verið meiri hér á landi sem orsakaði mikinn fjölda vinnuhjúa hér samanborið

¹ Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk*, bls. 262-263.

² Egill Ólafsson, „Óhlýðni og agaleysi á Íslandi á 17. og 18. öld“, 13-14.

³ *Lbs-Hbs*. Guðmundur Már Ragnarsson, „Ráddu þér sjálfur, vertu frjáls“, bls. 27-28.

⁴ *Lbs-Hbs*. María E. Guðsteinsdóttir, „Sjaldan veldur einn þá tveir deila“, bls. 54-55.

við nágrannaþjóðir.¹ Aukin áhersla hefur einnig verið á fjölbreytileika vinnuhjúa og tímabundið ástand vinnumennsku þeirra. Árni Daníel Júlíusson bendir á að um væri að ræða mjög ungan hóp þar sem flestir væru undir þrítugu.² Í nýlegri grein brýtur Helgi Skúli Kjartansson einnig niður þá hugmynd að vinnuhjú hafi, stöðu sinnar vegna, ekki mátt ganga í hjónaband. Þó svo að slík tilvik (þ.e. hjónabönd vinnuhjúa) hafi verið undantekning innan raða þeirra var það nógu algengt til að verðskulda frekari athugun. Þar að auki bendir hann á að margar yngri vinnukonur sem skráðar voru sem giftar stofnuðu eigið býli síðar meir. Þetta var því einungis stuttur áfangi í lífi þeirra.³

Þessar hugmyndir stangast mikið á við hefðbundnar hugmyndir um undirokuð vinnuhjú sem birtast víða í sagnaritun síðari ára. Vinnuhjú bjuggu vissulega í einhverjum tilvikum við mikið erfiði og lagaumhverfi þjóðarinnar takmarkaði tækifæri þeirra innan samfélagsins í sumum tilfellum. Þó er mikilvægt að hafa í huga fjölbreytni þessa hóps og að ekki var um að ræða eiginlega samfélagsstétt líkt og þekkist nú meðal nútímaverkafólks. Um leið og maður gefur sér það að vinnuhjú hafi verið afmarkaður hópur er auðveldara að tengja hann við ýmis konar vandamál sem aðrir samfélagshópar landsins þurftu síður að klást við, líkt og undirokun og bága efnahagsstöðu. Ef skilin milli vinnuhjúa og bænda voru hins vegar óskýrari en almennt er haldið fram getur það dregið þær niðurstöður að nokkru leyti í efa. Markmið þessarar ritgerðar er þess vegna að skoða eignastöðu vinnuhjúa til að sýna fram á að hér sé um að ræða margslunginn hóp einstaklinga af ólíkum uppruna sem bjó við mjög fjölbreytilega efnahagsstöðu líkt og aðrir samfélagshópar landsins.

¹ Axel Kristinsson, *Hnignun, hvaða hnignun?*, bls. 177-183.

² Árni Daníel Júlíusson, *Landbúnaðarsaga Íslands I*, 246-247.

³ Helgi Skúli Kjartansson, „Gátu þær gift sig?“, bls. 77.

1.3. Heimildir og nálgun

Eins og fyrr var nefnt er meginmarkmið þessarar ritgerðar að meta efnahagsstöðu vinnuhjúa. Með því er átt við þær eignir sem voru skráðar við andlát þeirra í dánar- og skiptubúum. Þetta verður notað sem helsta viðmið rannsóknarinnar til að meta mun á fjárhag einstaklinga. Til að skoða efnahagsstöðu vinnuhjúa verður að notast við uppskriftir dánarbúa. Þar má finna ítarlega lista yfir þá lausafjáreign sem einstaklingar skildu eftir sig við andlát sitt. Þar birtast eignir líkt og búsaðhöld, smíðatól, fatnaður, sængurföt og bækur ásamt ýmsu öðru. Auk þess verða færslur um einstaklinga í skiptabókum notaðar til hliðsjónar, en þar má finna upplýsingar um það hvernig þessum dánarbúum var skipt á milli erfingja, auk upplýsinga um skuldir og annan kostnað sem einstaklingur skildi eftir sig. Þessar skrár eru því gulls ígildi sem heimild um eignastöðu einstaklinga og lífshættu þeirra auk þess sem þau varpa góðu ljósi á lífshætti þjóðarinnar.

Þrátt fyrir verðmæti dánarbúa og skiptibóka sem heimilda hafa þau í mörgum tilvikum ekki verið notuð af mörgum fræðimönnum sem hefðu vafalaust haft gagn af þeim. Til að mynda hefur Már Jónsson lýst þeim sem vannyttum heimildum og að þörf væri á „yfirgripsmikilli og nákvæmri úttekt á þessum heimildum svo þær nýtist sem vert væri til rannsókna á einstaklingum, landsvæðum og félagshópum.“¹

Þó má nefna nokkur dæmi um rannsóknir þar sem þessar heimildir koma við sögu. Í grein árið 1968 skrifaði Sólrún B. Jensdóttir um bókaeign á heimilum í Austur-Húnavatnssýslu á fyrri hluta 19. aldar.² Í grein árið 2002 gerði Christina Folke Ax úttekt á eignum 105 einstaklinga í Reykjavík og nágrennasýslum á árunum 1770-1836.³ Einnig má nefna bækur Harðar Ágústssonar frá árinu 2004 um prestsetrið Laufás við Eyjafjörð og Hrefnu Róbertsdóttur frá árinu 2008 um framleiðslu og notkun á vefnaðarvöru, en þar eru dánarbú notuð til hliðsjónar og samanburðar.⁴ Í grein árið 2011 birti Dagbjartur Dagbjartsson í heilu lagi dánarbú og uppboð húskonunnar Gróu Sigurðardóttur sem féll frá árið 1911.⁵ Á síðustu árum hafa dánarbú einnig verið notuð í fjölda lokaritgerða. Í MA-ritgerð sinni árið 2014 notast Helga Hlín Bjarnadóttir við uppskriftir dánarbúa í

¹ Már Jónsson, „Skiptabækur og dánarbú 1740-1900“, bls. 78.

² Sólrún B. Jensdóttir, „Bókaeign Austur-Húnavetninga 1800-1830“, bls. 142-166.

³ Christina Folke Ax, „Menningarmunur á Íslandi í lok 18. aldar“, bls. 83-86.

⁴ Hörður Ágústsson, *Laufás við Eyjafjörð*, bls. 239, 243-246 og 291-298; Hrefna Róbertsdóttir, *Wool and Society*, bls. 186, 169 og 328.

⁵ Dagbjartur Dagbjartsson, „Varðan hennar Gróu“, bls. 152-159.

rannsókn hennar á neyslu og óhófi Íslendinga á árunum 1770-1787.¹ Emil Gunnlaugsson hefur einnig dánarbú til hliðsjónar í BA-ritgerð sinni um kaupavinnu á 19. öld.² Í nýlegum BA-ritgerðum greinir Rakel Lind Gísladóttir frá dánarbúum 12 íslenskra ungmenna á árunum 1840-1870 og Ómar Bjarni Sigurvinsson skrifar um bókaeign 28 einstaklinga í Árnassýslu árin 1830-1860.³

Dánarbúsuppskriftir og skiptagögn eru það umfangsmikil og fjölbreytt að hægt er að telja þau dæmigerð fyrir samfélagið allt. Hinsvegar er vafasamara hvort heimildagildi þeirra sé nægilega áreiðanlegt til að þau veiti tæmandi upplýsingar um eignastöðu. Slík vandamál birtast t.d. í gögnum um eignir fólks erlendis, líkt og í Bandaríkjunum og Englandi, þar sem vissar eignir eru vantaldar við skráningu. Að sama skapi verður að gera ráð fyrir því að sitthvað vanti í dánarbú hér á landi og að einhverjar uppskriftir gætu verið óvandaðar. Hægt er að vinna gegn þeim skorti með samanburði á uppskriftum svipaðra hópa og einstaklinga á sem flestum stöðum. Athugun á sem flestum þeirra ætti einnig að veita okkur góða mynd af eignum og aðstæðum landsmanna.⁴ Fyrir þessa rannsókn ber því að hafa í huga að þó að dánarbúin sjálf geymi ekki tæmandi upplýsingar um eigur einstaklinga þá geta þau samt sem áður gefið góða mynd af fjárhagsstöðu stærri hópa ef eigur margra aðila eru bornar saman.

Þessar heimildir væru þó að sumu leyti þýðingarlausar ef þær væru ekki bornar saman við uppruna hvers einstaklings. Með því er átt við fjölskyldu þeirra, stöðu foreldra og upphaf starfsferils. Eins og nefnt var hér á undan hefur í nýlegri sagnaritun verið fallið frá þeirri hugmynd að skilgreina vinnuhjú landsins sem eiginlega stétt. Sagnfræðingar hafa í auknum mæli komist að þeirri niðurstöðu að vinnumennska gat verið afar persónubundin. Í sumum tilfellum var hún vissulega lífstíðarstarf en í öðrum var hún einföld starfsgrein. Vinnuhjú voru margslunginn hópur og sennilegt er að efnahagsstaða endurspegli þann fjölbreytileika. Til að rannsaka þessa einstaklinga betur verður fyrst og fremst notast við manntals- og kirkjubækur. Allsherjarmanntöl fyrir landið í heild sinni voru tekin árin 1703, 1762, 1769, 1785, 1801, 1835 og síðan á fimm ára fresti til 1860 og eftir það á tíu ára fresti. Það eru því til staðar ítarleg gögn fyrir tímabilið sem þessi

¹ *Lbs-Hbs*. Helga Hlín Bjarnadóttir, „Þarflegir hlutir og þarf litlir.“

² *Lbs-Hbs*. Emil Gunnlaugsson, „Kaupavinna á 19. öld.“

³ *Lbs-Hbs*. Ómar Bjarni Sigurvinsson, „Bókaeign ungmenna í Árnassýslu árin 1830-1860“ og Rakel Lind Gísladóttir, „Nærpils, nærkjöll, treyja og lífstykki – allt ræflar.“

⁴ Már Jónsson, „Skiptabækur og dánarbú 1740-1900“, bls. 100-101.

rannsókn mun taka fyrir. Í manntölum má sjá hversu margir voru skráðir á hvert heimili, aldur hvers einstaklings og félagsstöðu þeirra. Fyrir þessa rannsókn verður fyrst og fremst notast við manntalsvef Þjóðskjalasafns. Þar er hægt að fletta upp upplýsingum um alla þá einstaklinga sem finnast í heildarmanntölum og flokka þá eftir þáttum líkt og nafni heimilis, samfélagsstöðu og landshluta.¹ Manntalið 1801 hefur að svo stöddu ekki enn verið yfirfært á vefinn og þess í stað verður notast við prentaða útgáfu.²

Kirkjubækur verða notaðar í sama tilgangi. Fyrsta prestsverkabók landsins er gerð árið 1664 og upp úr miðri 18. öld færist þessi siður í vöxt. Öllum prestum landsins var skipað að skrá hjá sér allar skírnir, fæðingar, giftingar og andlát sem áttu sér stað innan hreppsins. Frá 1746 var þeim einnig skipað að skrifa svokallaðar húsvitjunarbækur í formi sóknarmanntala. Þessar heimildir eru sambærilegar við allsherjarmanntölin en geyma einnig upplýsingar um hegðun, menntun og fermingarstöðu hvers einstaklings, sem og aðrar athugasemdir sem presturinn kann að hafa skrifað hjá sér.³ Samanlagt geta þessar heimildir veitt fræðafólki stórkostlegt tækifæri til að rekja ævi hvers einstaklings og bera saman stöðu þeirra á milli ára.

Bréf til Landsnefndarinnar fyrri 1770–1771 verða notuð til að meta viðhorf til húsaga í aðdraganda tilskipunar um lausamennsku árið 1783. Einnig verður hér notast við Alþingistíðindi til að meta umræðu og viðhorf meðal alþingismanna í aðdraganda lausamenskulaganna eftir miðja 19. öld.

Til umfjöllunar eru fimmtíu dánarbú vinnuhjúa sem létust í Skagafirði á árunum 1840 til 1870. Af þessum einstaklingum verða sextán teknir fyrir og gerð ítarlegri lífsferilsathugun. Hér er markmiðið að skoða heildarverðmæti bús hvers og eins og hvaðan þau verðmæti koma. Húsbændur voru skyldugir til að sjá um uppihald hjúa sinna og sjá þeim fyrir mat, húsaskjóli, hreinum klæðum og einnig að leyfa þeim hagagöngu í þeim tilvikum þar sem þau áttu eigin skepnur.⁴ Skráðar eignir þeirra voru því í flestum tilvikum eitthvað sem hjúin sjálf söfnuðu upp án aðkomu húsbænda sinna. Það er því markvert ef hjú á mikið af aukafatnaði og fínum sængurfötum í fórum sínum og gefur til kynna sterkari efnahagsstöðu. Leitað verður eftir fjölda munaðarvara, líkt og bóka, sængurfatnaðar, silfuráhalda, tóbaksvara, silkifatnaðar og fleira sem eðli málsins

¹ Vef. Þjóðskjalasafn Íslands. Manntöl. Vefur á slóðinni manntal.is.

² *Manntalið á Íslandi 1801*.

³ Vef. „Prestþjónustubækur.“

⁴ Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið Ísaland*, bls. 36-37.

samkvæmt var óalgengara að finna á þeim tíma. Fjöldi eigna, líkt og fatnaðar, getur líka sagt mikið um velmegun einstaklingsins, sem og ástand þeirra fata. Ef vinnumaður á einungis örfá klæði sem flest eru skráð sem gömul eða slitin er líklegt að hann hafi glímt við fátækt að einhverju marki. Ef hann á hins vegar fjölda klæða sem eru bæði í góðu ástandi og úr góðu efni eru það merki um sterkari efnahagsstöðu. Þegar talað er um „fátæklegt“ dánarbú er miðað við að heildarverðmat þess hafi verið undir 50 ríkisdöllum. Að sama skapi ef búið er metið á nokkur hundruð ríkisdali er það skilgreint sem „efnamikið“. Þar á milli mætti lýsa einstaklingum sem meðalefnum. Hafa ber þó í huga að verðmatið eitt og sér segir ekki alla söguna þar sem húsbændur sáu hjúum sínum fyrir flestum nauðsynjavörum. Megináhersla verður lögð á að sjá hvaða þátt aldur gæti hafa spilað í eignastöðu þessa einstaklinga en einnig verður gerð grein fyrir fjölbreytileika þeirra, hvaða þættir gætu hafa haft áhrif á fátæksstöðu þeirra, hvað þessir einstaklingar áttu sameiginlegt og hvað greindi á milli þeirra. Í viðauka þessarar ritgerðar má finna ítarlegan lista yfir þessa einstaklinga, auk eignastöðu þeirra. Einnig má þar finna uppskrifuð dánarbú sextán fulltrúa rannsóknarinnar sem áður voru nefndir.

1.4. Uppbygging ritgerðar

Í kafla 2 verður gerð grein fyrir aðstæðum vinnuhjúa á 19. öld og því lagaumhverfi sem var þá við lýði. Í undirkafla 2.1 verður fjallað um vinnumennsku sem starfsgrein, hvað hún fól í sér og hvert hlutverk vinnufólksins var. Einnig verður gerð grein fyrir hlutfalli þeirra á alþjóðavísu með tilliti til fjölda, aldurs og kynjahlutfalls, þar sem megináhersla verður á viðeigandi tölfræði um miðbik 19. aldar. Í undirkafla 2.2 verður gerð grein fyrir þeim lögum sem sögðu til um aðstæður vinnuhjúa með tilliti til launa þeirra og réttinda. Einnig verður snert á því hvernig þessi lög þróuðust þar sem megináhersla verður lögð á að varpa ljósi á það lagaumhverfi sem var við lýði um miðbik 19. aldar.

Í kafla 3 verður eignastaða vinnuhjúa innan dánarbúa skoðuð. Reynt verður að meta algengustu verðmæti og hvernig efnahagsstaða einstaklinga kemur fram þegar bornir eru saman þættir líkt og aldur, kyn, fjölskylda og félagsleg staða. Í undirkafla 3.1 verður farið yfir tölfræði vinnuhjúa í Skagafirði um miðbik 19. aldar eins og hún kemur fram í manntölum með áherslu á þætti líkt og aldur, kyn og fjölda. Í undirkafla 3.2 verður gerð grein fyrir þeirri tölfræði sem kemur fram í dánarbúum rannsóknarinnar. Fimmtíu dánarbú vinnuhjúa innan sýslunnar hafa hér orðið fyrir valinu og fjallað verður um innihald þeirra, algengustu verðmæti, meðaltal eigna og fleira. Í undirköflum 3.3 og 3.4 verða sextán fulltrúar af þessum fimmtíu vinnuhjúum valdir til nánari athugunar. Þessum hópi verður skipt í tvennt eftir aldri, annars vegar á tíu vinnuhjú sem dóu ung (20-40 ára aldursbil) og hins vegar fyrir tíu vinnuhjú sem dóu á efri árum (41-80 ára aldursbil). Gerð verður nánari athugun á æviferli þessara einstaklinga með tilliti til uppruna þeirra, fjölskyldu og starfsferils. Eftir það eru dánarbú þeirra skoðuð og borin saman við ævi þeirra til að sjá hvaða þættir gætu þar legið fyrir. Til að rannsaka þessa einstaklinga betur verður fyrst og fremst notast við manntals- og kirkjubækur eins og áður er getið. Í undirkafla 3.5 er samantekt á þessum sextán fulltrúum þar sem æviferill þeirra og dánarbú verða borin saman.

2. Vinnuhjú á 19. öld

2.1. Hvað voru vinnuhjú?

Vinnuhjú voru á flestum býlum landsins á tímabilinu 1600 til 1800. Árni Daníel Júlíusson bendir á að á því tímabili voru öll lögbylí Akrahrepps í Skagafirði nema eitt með vinnuhjú af einhverju tagi. Oftast mátti finna einn vinnumann og eina vinnukonu. Þetta einkenndi þó fyrst og fremst lögskráð býli og sjaldan var mikið af vinnufólki að finna í þurrabúðum og sjávarhjáleigum.¹ Algengast var að vinnuhjú störfuðu við landbúnaðarvinnu en einnig tóku þau að sér fjölda annarra starfa. Samkvæmt Hagskinnu var vinnuhjú að finna í öllum atvinnugreinum landsins árið 1850:

Tafla 1. Atvinnuskipting á Íslandi árið 1850.

Atvinnugreinar	Alls	Hjú
Ólíkamleg atvinna	2.899	1.425
Landbúnaður	48.513	12.998
Sjávarútvegur	4.057	843
Iðnaður og handverk	740	136
Verslun og samgöngur	605	221
Daglaunamenn	399	8
Eftirlauna- og eignamenn	320	61
Ótilgreind atvinna	380	14
Samtals	57.913	15.706

Heimild: *Hagskinna*, bls. 211.


Samkvæmt Landshagaskýrslum fyrir árið 1850 var fólksfjöldi hér á landi 59.157 manns, þar af 28.234 karlar og 30.923 konur.² Í töflu 2 má sjá að ungt fólk myndaði mikinn meirihluta af íbúafjölda landsins. Konur mynduðu nauman meirihluta innan hvers aldurshóps. Í Hagskinnu er fjöldi vinnuhjúa árið 1850 sagður vera 15.706 sem er 27% af heildarmannfjölda.³ Þetta er þó alls ekki tæmandi fjöldi og ekki er greint frá öðrum hópum líkt og þeim sem störfuðu í foreldrahúsum.

¹ Árni Daníel Júlíusson, *Landbúnaðarsaga Íslands*, bls. 246-247.

² *Skýrslur um landshagi á Íslandi 1850 I*, bls. 40-41.


³ *Hagskinna*, bls. 211.

Tafla 2. Fólkstala á Íslandi árið 1850.



Heimild: Skýrslur um landshagi á Íslandi 1850 I, bls. 40-41.

Tafla 3. Hjúskaparstaða á Íslandi árið 1850.



Heimild: Skýrslur um landshagi á Íslandi 1850 I, bls. 40-41.

Vinnukonur voru ávallt fjölmennari en vinnumenn. Árið 1703 voru 72 karlmenn á móti hverjum 100 konum í hópi vinnuhjúa. Árið 1880 hafði hlutfall karla hækkað í 77 en þó var markverður kynjamunur enn til staðar. Þetta stafar af nokkrum þáttum en fyrst og fremst því að konur voru í meirihluta meðal þjóðarinnar allrar. Einnig gátu karlar átt auðveldara með að sjá fyrir sér utan vinnumennsku með því að gerast daglaunamenn eða

lausamenn, svo dæmi sé tekið. Að auki var algengt fyrir vinnumenn að deyja á sjó sökum slysa á vertíðum. Vegna lægra hlutfalls karla á landinu voru einnig fleiri konur sem gátu ekki fundið sér mannsefni og urðu því vinnukonur til lífstíðar.¹ Í Landshagaskýrslum fyrir árið 1850 má sjá að fjöldi giftra landsmanna var sá sami milli kynja. Fleiri konur voru þó skráðar sem ógiftar, ekkjur og fráskildar.² Erfiðara er að meta hlutfall giftinga meðal vinnuhjúa um landið allt en þó má minnst á tölfræði Helga Skúla Kjartanssonar fyrir vinnukonur í Múlasýslu. Samkvæmt hans útreikningum voru um 64% vinnukvenna sýslunnar ógiftar, samanborið við 8% giftra og 25% ekkna.³

Heitið vinnuhjú getur þó verið örlítið villandi. Eins og fyrr var nefnt hefur íslensk sagnaritun gjarnan málað þennan samfélagshóp sem afmarkaða þjóðfélagsstétt í líkingu við verkafólk og lægri stéttir nútímans. Í mörgum tilfellum gegndu þó börn bændahjóna störfum vinnufólks ef engin óskyld hjú voru til staðar. Misjafnt var þá hvort þau voru skráð sem hjú eða einfaldlega sem börn heimilisins. Algengt var fyrir einstaklinga að gerast vinnuhjú um nokkurra ára skeið til að öðlast reynslu og safna búfénaði til að geta síðan stofnað eigið býli. Sökum þess var meðalaldur vinnuhjúa í flestum tilfellum nokkuð lágur. Til að mynda voru flest vinnuhjú á árunum 1600 til 1800 undir 30 ára aldri. Flestir vinnumenn urðu þá bændur í kringum þrítugt.⁴ Með því að nota manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands er hægt að fá góða mynd af aldursdreifingu vinnuhjúa. Vefurinn býður upp á leit að hópum, en þó ekki eftir samræmdum vinnuheitum, en með því að afmarka leitarskilyrðin og bera saman sem stærsta hópa er hægt að komast að nokkuð öruggri niðurstöðu. Með þessum hætti má sjá að mikill meirihluti vinnuhjúa var yngri en 30 ára. Eftir það fer þeim fækkandi með hverjum aldurshópi. Líkt og í heildarmannfjölda mynduðu konur meirihluta innan hvers aldurshóps.⁵

¹ Árni Daníel Júlíusson, *Landbúnaðarsaga Íslands*, bls. 246-248.


² *Skýrslur um landshagi á Íslandi 1850 I*, bls. 40-41

³ Helgi Skúli Kjartansson, „Gátu þær gift sig?“, bls. 70.

⁴ Árni Daníel Júlíusson, *Landbúnaðarsaga Íslands*, bls. 246-248.

⁵ *Vef. Þjóðskjalasafn Íslands. manntal.is -> manntal 1850.*

Tafla 4. Aldursdreifing vinnuhjúa árið 1850.



Heimild: Vef. Þjóðskjalasafn Íslands. manntal.is -> manntal 1850.

Vistarskylda

Í nær öllum skrifum um vinnumennsku er eitt meginatriðið hin svokallaða vistarskylda eða vistarbandið. Það er góð ástæða fyrir því þar sem vistarbandið var í mörgum tilfellum lykilþáttur í að ákvarða skilmála og lagaumhverfi vinnumennsku í landinu. Með vistarbandinu er átt við þá reglu að ef fólk réði ekki yfir eigin búi var það skuldbundið til að gerast vinnuhjú á heimili bónda. Alls voru þrenns konar vistráðningar til staðar: ársvist, sumarvist og vetrarvist. Aðeins fólk sem réði sig í ársvist var nefnt vinnufólk. Ef einstaklingur var í sumarvist var talað um kaupafólk og um vetrarfólk ef um vetrarvist var að ræða.¹

Lengi hefur vistarbandið verið málað sem einskona- og ögunartæki til að hefta frelsi vinnufólks til verndar bændum. Til að mynda útskýrir Guðmundur Jónsson þessa kvöð út frá löngun bænda í bundið vinnuafl fremur en frjálst. Með þeim hætti tryggðu þeir sér stöðugra og ódýrara vinnuafl þar sem þurrabúðar- og lausamenn áttu það til að draga úr framboði á launavinnu.² Gísli Gunnarsson er á svipuðu máli og nefnir einnig að reynt hafi

¹ Lýður Björnsson, *Saga Íslands VIII*, bls. 58-61.

² Guðmundur Jónsson, „Hundrað ár frá leysingu vistarbandsins“, bls. 65.

verið að hafa stjórn á fólksfjölgun landsins með ákveðnum giftingarhömlum sem fólust í vinnumenskunni.¹ Vilhelm Vilhelmsson hefur einnig lýst lausamenskutílskipuninni árið 1783 sem hluta af „ögunarbyltingu.“ Hann lýsir því svo að unnið hafi verið gegn öllum óskráðum einstaklingum, s.s. lausafólki og sveitarómögum. Með þessum hætti vildi ríkið viðhalda aga, reglu og skipulagi innan samfélagsins og skapa virðingu fyrir þeirri stigveldisskipan sem var þá til staðar. Þar að auki hafi vistarskyldan veitt þeim ákveðna tryggingu fyrir því að börn þeirra færu ekki á vergang eða lentu á sveit ef þau hefðu ekki efni á að koma sér upp heimili.²

Eins og fyrr var nefnt hafa þó æ fleiri sagnfræðingar byrjað að draga þessar staðhæfingar í efa á síðustu árum. Til að mynda hafa Árni Daníel Júlíusson og Axel Kristinsson lagt áherslu á að vinnumenska hafi verið æviskeið frekar en lífstíðarstarf og að það hafi því verið lítil togstreita á milli bænda og vinnuhjúa. Helgi Skúli Kjartansson hefur þar að auki bent á að eldri staðhæfingar um að vinnuhjú hafi ekki mátt ganga í hjónaband stöðu sinnar vegna voru gróf oftúlkun og miklar ýkjur.³

Innan vistarskyldunnar voru vinnuhjú meðlimir þeirrar fjölskyldu sem þau áttu vist hjá. Á 19. öld voru fjölskyldur á Íslandi í senn bæði framleiðslu- og neyslueiningar þar sem allir meðlimir hennar deildu kjörum og húsnæði. Húsbændur sáu vinnuhjúum fyrir öllum nauðsynjavörum líkt og fatnaði og sængurfötum. Það mætti því setja jafnaðarmerki á milli fjölskyldu og heimilis. Íbúar á hverjum bæ bjuggu undir sama þaki, snæddu saman og unnu saman að framleiðslustörfum býlisins.⁴ Í bók sinni frá árinu 1853 veitir danski háskólakennarinn Adolph Bergsøe eftirfarandi lýsingu á húsnæðisháttum:

Gamla vananum, að hjónin, börnin og vinnuhjúin, bæði konur og karlar, sofi allt í sama herberginu, er haldið enn víðast hvar hjá alþýðu manna á Íslandi, en það er þó allvíða, að baðstofan er þiljuð sundur, og að húsbændurnir sofa í öðru herbergi en hjúin.⁵

Vistarkrafan hafði þekkt á landinu frá fornu fari en skýrar reglur voru ekki settar fram fyrr en árið 1783 með tilskipun um lausamensku. Þá var sett fram skýr stefna um

¹ Vef. Gísli Gunnarsson. „Hvað var vistarbandið?“

² Árni Daníel Júlíusson, *Landbúnaðarsaga Íslands*, bls. 106-107 og Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk*, bls. 14 og 80.

³ Helgi Skúli Kjartansson, „Gátu þær gift sig?“, bls. 67-68.

⁴ Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Um fjölskyldurannsóknir“, bls. 31-32.

⁵ Adolph Bergsøe, *Lýsing Íslands á miðri 19. öld*, bls. 37.

atvinnu og eftirlit sem hreppstjórar og húsbændur voru skuldbundnir til að framfylgja. Allir þeir sem ekki höfðu fasta búsetu þurftu nú að ráða sig til ársvistar.¹ Í þessari stefnu var mikil áhersla lögð á að viðhalda aga innan samfélagsins. Húsbóndi átti að bera ábyrgð á slíkri ögun innan heimilisins og átti það við um alla sem dvöldust þar.² Þessi stefna byggðist á hugmyndum um breytingar, úrbætur og viðreisn sem voru ríkjandi á 18. öld. Áhersla var einkum lögð á siðferðislegt gildi vinnunnar. Vinnufólk þyrfti að sína mikla iðjusemi og aga og hlýða húsbændum sínum í einu og öllu.³ Samkvæmt þessari stefnu réði bóndi allri vinnu hjúa sinna og fékk í sinn hlut allan þann arð sem þau unnu sér inn, hvort sem það var á býli hans eða utan þess. Í staðinn var bóndinn ábyrgur fyrir öllu uppihaldi vinnuhjúanna með því að veita þeim fæði, klæði og húsaskjól.⁴

Þessar hugmyndir um húsaga koma víða fyrir í bréfum Landsnefndarinnar fyrri frá árunum 1770 til 1771. Þar saka prestar og hreppstjórar vinnuhjú um að vera löt og uppivöðslusöm. Séra Eiríkur Guðmundsson á Stað í Hrutafirði segir vinnuhjú vera óstýrilát og óhlýðin. Húsbændur þurfi að þola stíf orð sem og mótþróa frá vinnufólki sínu sem geri sífelldar óraunhæfar og tillitslausar kröfur. Að hans mati ættu vinnuhjú að sýna húsbændum sínum hollustu og virðingu. Í mörgum tilvikum hóti vinnufólk að yfirgefa vist sína og þvingi þannig húsbændur sína til að ganga að kröfum þeirra.⁵ Einar Magnússon, umboðsmaður Miðfjarðarjarða, er á svipuðu máli og kennir óhlýðni vinnuhjúa um almennt agaleysi í landinu og telur að húsagatilskipunin sé þýðingarlaus og áhrifalít.⁶

Þessi stefna var þó ekki algild og til voru nokkur ráð til að forðast hana. Sum vinnuhjú gengu í lausamennsku sem tilraun til að losna undan vistarbandinu á meðan aðrir gerðust frjálsir verkamenn og fengu þannig betra kaup. Algengast var að menn fengju vinnu sem fiskimenn á vetrarvertíðum og í formi kaupavinnu hjá sveitabændum á

¹ *Lovsamling for Island* 4, bls. 683-686.

² Helga Hlín Bjarnadóttir, „Húsagi og landsagi á 18. öld“, bls. 39-40.

³ Hrefna Róbertsdóttir, „Samfélag átjándu aldar“, bls. 65-67.

⁴ Gísli Gunnarsson, „Hvað var vistarbandið?“.“

⁵ „Séra Eiríkur Guðmundsson á Stað í Hrutafirði skrifar um verslun og atvinnu 20.12.1770. Lit. X. N° 2.“, bls. 363-364.

⁶ „Einar Magnússon, umboðsmaður Miðfjarðarjarða, ritar álitsgerð um viðreisn landsins [án dags. 1771]. Lit. AA. N° 1.“, bls. 333-334.

sumrin.¹ Þar að auki náði vistarskyldan ekki alltaf til barna þeirra efnameiri né þeirra sem voru löglegir lausamenn eða húsmenn.²

Laun

Erfitt getur verið að meta kaup vinnuhjúa þar sem það var oft sammingsatriði á milli húsbónda og hjús þeirra og gat þar að auki verið misjafnt á milli landshluta. Reglan var þó yfirleitt sú að hvert hjú fékk greitt fast kaup fyrir vistráðningartíma sinn sem varði í flestum tilfellum í eitt ár. Þetta kaup var yfirleitt greitt í fríðu en færðist smám saman yfir í peningagreiðslur eftir því sem leið á 19. öldina.³ Fram að því voru beinar kaupgreiðslur lítt þekktar utan þéttbýlisins. Algengt form kaups var mysa, skæðaskinn og sængurföt ásamt fæði. Í lýsingu Skúla fógeta Magnússonar á Gullbringusýslu á síðari hluta 18. aldar nefnir hann að fæði myndaði um 63% af árskaupi vinnumanna og um 71% fyrir vinnukonur.⁴

Þó engin föst regla hafi verið á þessu launakerfi var ávallt reynt að koma á ákveðnu viðmiði sem húsbændur voru hvattir til að fylgja. Miðað var við 60 til 120 álnir samkvæmt búalögum og alþingisdómum fyrri alda. Fæðis- og klæðiskostnaður eins vinnumanns var þá um 628 álnir á ári. Samanlagt mynduðu því árslaun vinnumanns aðeins um 5-10% af heildarkostnaði bónda við að hafa hann í vinnu. Það gat því í mörgum tilfellum verið ódýrt fyrir bændur að hafa fleiri en eitt hjú á sínum bæ.⁵ Emil Gunnlaugsson bendir á að fyrir kaupafólk, þ.e. vinnufólk sem starfaði einungis á sumartímum, þurfti kaup að vera bundið við viðurkennt hámark samkvæmt lögum og samþykktum. Ef afköst voru yfir meðaltali gat kaupið þó hækkað.⁶ Árið 1720 voru sett lög á Alþingi um kjör vinnuhjúa sem húsbændur áttu að fylgja.⁷ Vinnumönnum voru reiknuð laun sem jafngiltu 80 álnum í þarflegum landaurum, 8 álnum vaðmáls, tvennum nýjum sokkum og einu pari af vettlingum auk nánar tilgreinds fæðis. Samtals voru þetta

¹ Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið Ísaland*, bls. 32-38.

² Helga Hlín Bjarnadóttir, „Húsagi og landsagi á 18. öld“, bls. 39-40.

³ Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*, bls. 33.

⁴ Lýður Björnsson, *Saga Íslands VIII*, bls. 58-61.

⁵ Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið Ísaland*, bls. 36-37.

⁶ *Lbs-Hbs*. Emil Gunnlaugsson, „Kaupavinna á 19. öld“, bls. 14-15.

⁷ Sama heimild.

um 100 álnir á landsvísu, að undanskildu því fæði, klæði og þjónustu sem húsbóndi var skyldugur til að veita hjúum sínum.¹

Gísli Gunnarsson hefur bent á að árslaun vinnumanns hafi í raun lítið breyst frá 14. til 19. aldar. Samkvæmt búalögum var fæðis- og klæðiskostnaður 628 álnir á ári. Árið 1864 reiknaði þingmaðurinn Tryggvi Gunnarsson árslaunin 600 álnir. Á síðari hluta 19. aldar voru vikulaun kaupamanna því 20 álnir sem samsvarar þeim 4 álna daglaunum sem getið er um í búalögum. Viðmiðið hér er að árslaun vinnumanna hafi verið á bilinu 60 til 120 álnir frá 14. til 19. aldar. Sökum þess er hægt að notast við heimildir alls þess tímabils til að álykta meðallaun vinnufólks á 19. öld.²

Hafa ber þó í huga að mjög áberandi kynjamunur var til staðar, bæði innan ákvæða Alþingissamþykktarinnar sem og í öðrum heimildum. Vinnukonum voru reiknuð laun sem jafngiltu um 35 álnum á landsvísu. Þar var innifalið 5 álnir vaðmáls, 5 stikur striga, 1½ álnir af 10 fiska-lérefti, ull í sokka, háleista og vettlinga, ásamt 10 álnum á landsvísu. Vinnumönnum voru því að jafnaði reiknuð meira en helmingi hærri laun en vinnukonum. Að auki við þennan launamun fengu vinnukonur að jafnaði minna fæði en vinnumenn.³

Alþingissamþykktin 1720 fól í sér ákvæði um jafnrétti kynja og skyldaði húsbændur til að greiða vinnukonum jafnhá laun og karlmanni ef hún vann karlmannsverk sem fól m.a. í sér heyskaparvinnu, sjóróður og torfristu. Einnig átti það við um hirðingu sauðfjár líkt og að smala afrétt á haustum, standa yfir sauðum á vetrarheit og hugsanlega gegningar í fjárhúsum.⁴ Þó að hefðbundin störf vinnukvenna hafi verið ólík slíkum „karlastörfum“ unnu þær samt sem áður hörðum höndum bæði innandyra og utan og í mörgum tilvikum unnu þær lengri vinnudaga. Þar að auki þurftu þær að veita vinnumönnunum þjónustu og einnig þurrka, þrifa og gera við fatnað þeirra.⁵

Óljóst er þó hversu vel Alþingissamþykktinni var fylgt og víða sér þess merki að þessum ákvæðum hafi ekki verið framfylgt. Til að mynda hefur Anna Sigurðardóttir tekið fram að hún hafi ekki fundið neinar heimildir sem benda til þess.⁶ Ef tekið er mið af launum vinnukvenna og lausakvenna á 19. öld má sjá að þær fengu þriðjung til helming

¹ *Alþingisbækur Íslands X. 1711-1720*, bls. 562-563.

² Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið Ísaland*, bls. 36-37.

³ Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*, bls. 33.

⁴ Helgi Skúli Kjartansson, „Karlmannskaup fyrir karlmannsvinnu“, bls. 161-162.

⁵ Erla Hulda Halldórsdóttir, „Að vera sjálfstæð“, bls. 88.

⁶ Anna Sigurðarsdóttir, *Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár*, bls. 195.

af kaupi karla, stundum jafnvel minna en það. Þessi munur er einnig til staðar í þeim tilfellum þar sem vinnukonur unnu karlmannsverk.¹ Þetta gefur til kynna að áðurnefndum ákvæðum Alþingissamþykktarinnar um jafnrétti kynja í launamálum hafi ekki verið framfylgt að fullu sem gæti einnig dregið framfylgni annarra ákvæða í efa. Mikilvægt er þess vegna að gera greinarmun á vinnukonum og vinnumönnum í þessum efnum þar sem oft var talsverður munur á kjörum þeirra.

Hvernig stendur á þessari launaskekkju á milli kynjanna? Kvenmannsvinna var almennt talin minna virði þar sem hún fól í mörgum tilfellum í sér sitjandi vinnu.² Annar lykilkáttur er einfaldlega sá að vinnukonur voru hlutfallslega fleiri en vinnukarlar eins og áður var nefnt. Það var því auðveldara að fá þær til starfa og verðmæti þeirra sem starfskraftur varð í kjölfarið talsvert minna en hjá körlum.³ Þessi greinarmunur er einkum mikilvægur þegar fjallað er um efnahagsstöðu þessara einstaklinga. Vinnukonur voru ólíklegri til að safna sér miklum verðmætum og því líklegt að eignastaða þeirra hafi verið í flestum tilfellum lakari en hjá vinnukörlum.

Einnig er nauðsynlegt að benda á að árskjör vinnuhjúa var einungis brot af þeim kostnaði sem fór í uppihald þeirra. Eins og áður var nefnt var húsbændum skylt að sjá um uppihald vinnuhjúa og sjá þeim fyrir mat, húsaskjól og hreinum klæðum. Samkvæmt búalögum var fæðis- og klæðiskostnaður eins vinnumanns 628 álnir á ári. Árslaun vinnumanns mynduðu því 5-10% af heildarkostnaði húsbónda hans við að hafa hann fyrir hjú.⁴ Ef vinnufólk átti eigin skepnur þurfti húsbóndi þess einnig að leyfa þeim hagagöngu og þurfti þá að eyða eigin fóðri og haga í uppihald þeirra sem hefur eflaust ýtt undir erfiðleika þeirra bænda sem glímdu við mikla fátækt.⁵

Niðurstaðan er sú að þó að finna megi sameiginlega þætti þá gátu launagreiðslur verið nokkuð breytilegar. Vissulega er ljóst að húsbændur hafa farið eftir ákveðnum grundvallarviðmiðum í launagreiðslum sínum. Vinnuhjúum voru veitt sængurföt, matur sem og ullarklæði og annarskonar fatnaður af einhverju tagi. Í grunninn voru þó launagreiðslurnar misjafnar eftir einstaklingum og hreppum. Eflaust voru sumir húsbændur grimmari en aðrir og misjafnar hefðir og venjur kunna að hafa verið á milli

¹ Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*, bls. 33

² Helga Hlín Bjarnadóttir, „Húsagi og landsagi á 18. öld, bls. 39-40.

³ Árni Daníel Júlíusson, *Landbúnaðarsaga Íslands*, bls. 246-247.

⁴ Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið Ísaland*, bls. 36-37.

⁵ *Lbs-Hbs*. Ragnhildur Anna Kjartansdóttir, „Fóðrun og hagaganga“, bls. 33.

sveita. Vissulega voru mörg dæmi um vinnuhjú sem fengu lítið fyrir sína vinnu en einnig verður að hafa í huga að sumir bændur voru fátækari en aðrir sem hafði að sjálfsögðu áhrif á launagreiðslur til vinnuhjúa þeirra. Ef vinnuhjú störfuðu hjá efnuðum bónda voru meiri líkur á því að þau fengju betri kaup. Þetta er því lykilþáttur þegar starfsferill vinnuhjúa er skoðaður og efnahagsstaða þeirra er metin. Í næsta kafla verður farið yfir þróun löggjafar, réttindi og aðstæður vinnuhjúa.

2.2. Lagaumhverfi

Fyrri lög og tilskipanir

Fyrsta löggjöfin hér á landi sem kvað á um réttindi vinnuhjúa var svokallaður Píningsdómur frá árinu 1490:

Svo ok höfum vær dæmt ok samþykkt af allri lögréttunni, at engir búðsetumenn skulu vera í landinu, þeir sem eigi hafa búfé til að fæða sik við, svo þó, at þeir eigi ekki minna fé en iij hundruð, svo karlar sem konur, og skyldir til vinnu hjá bændum allir þeir, sem minna fé eigu en nú er sagt, konur og karlar.¹

Samkvæmt þeirri löggjöf þurfti hvert bú að ná lágmarksstærð sem var ígildi þriggja kúgilda. Væri þessu viðmiði ekki náð var eini löglegi valkostur einstaklings að gerast vinnuhjú. Ef þessum ákvæðum var ekki fylgt voru þeir dæmdir til að greiða sekt.² Notast var við Píningsdóminn sem meginlöggjöf landsins í tengslum við stöðu og réttindi vinnuhjúa og það var ekki fyrr en um miðja 18. öld sem yfirvöld gerðu tilraun til að skilgreina þessi mál betur.³

Ein fyrsta löggjöfin sem gerði einhvers konar tilraun til að koma reglu á stöðu og hegðun vinnuhjúa var húsagatilskipunin árið 1746. Markmiðið var að skipa fyrir um hversdagslega iðkun kristilegra dyggða og tók hún gildi samtímis svokallaðri húsvitjunartilskipun sama ár. Sú tilskipun fyrirskipaði yfirvöldum og sóknarprestum hvers hrepps að fylgjast með öllu óguðlegu athæfi eða óhlýðni gagnvart yfirboðurum af hálfu barna eða vinnuhjúa. Stjórnvöld reyndu þó að tryggja rétt beggja aðila og voru gerðar kröfur bæði til vinnufólksins og húsbænda þeirra. Vinnufólki var skipað að sýna húsbændum sínum hlýðni og hollustu og var bannað að strjúka eða fara af bæ í leyfisleysi. Að sama skapi var gerð krafa til allra húsbænda um að veita hjúum sínum nauðsynlegan mat og fatnað og einnig var þeim gert óheimilt að refska þeim með ofbeldi eða ærumeiðingum.⁴

Skýrar reglur um vistarskyldu vinnuhjúa voru þó ekki settar fyrr en árið 1783 með tilskipun um lausamennsku. Meginmarkmið hennar var að sporna við vinnufólksskort

¹ *Lovsamling for Island I*, bls. 42.

² Sama heimild.

³ Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið Ísaland*, bls. 32-38.

⁴ *Lovsamling for Island II*, bls. 605-620.

með því að koma í veg fyrir að fólk gangi í lausamennsku. Tilskipunin skiptist í nú ákvæði. Til að byrja með var öllu lausafólki skylt að ráðast í ársvist hjá bónda innan sex mánaða frá samþykkt laganna. Ef einstaklingur var ekki fær um að gera það skyldi hann fara til næsta hreppstjóra og þaðan til sýslumanns svo þeir gætu komið honum fyrir í vist. Ef ekki var hægt að koma honum fyrir í vist á þeirri stundu var einstaklingnum veitt leyfi til að halda áfram í lausamennsku þar til honum yrði fundið heimili.

So skulu og hier epter aller af bændastande, bæde karlar og konur sem aungvann grasnautnar buskap hafa, vera skyldnger ad gánga i arsvist hiá búande foolke; enn hvorier sem það ekki giora med þá skal fara eins og ádr er tilskipad i þessarar forordning.¹

Ef einstaklingur hafði ekki komið sér í vist innan þessa sex mánaða tímabils og ef hann skorti leyfi frá sýslumanni um annað, yrði hann dæmdur í nokkra mánaða vist í tukthúsi. Dagvinna var einnig bönnuð nema með sérstöku leyfi frá yfirvöldum. Einnig var lagt bann við að hafa börn sín í heimahúsum fram yfir 18 ára aldur. Eftir þann tíma var öllu fólki skylt að flytja að heiman og skrá sig í vist annarsstaðar ef það var ekki fært um að stofna eigið býli. Fólki var þó veitt leyfi til að staldra lengur við hjá foreldrum ef það gerðist vinnufólk þar og ynni launavinnu eins og hvert annað hjú. Slíkt fyrirkomulag mátti þó einungis vara þangað til einstaklingurinn hefði nægilegan bústofn til að flytja að heiman. Fólki var einnig bannað að stunda kaupamennsku eða vinna fyrir daglaunapening. Veitt var þó undanþága fyrir húsfólk og sjávarbúðafólk sem starfaði nú þegar við kaupavinnu. Slíkir aðilar máttu ganga til starfa hjá bændum utan vertíðar. Nauðsynlegt var þó að fá samþykki sýslumanns hverju sinni.² Lögin settu þannig fram skýrari stefnu um atvinnu og eftirlit sem hreppstjórar og húsbændur voru skuldbundnir til að framfylgja.

Lausamennskulögin 1866

Árið 1847 bárust bænarskrár til Alþingis frá yfirboðurum í Dalasýslu, Snæfellsnessýslu og Múlasýslum þar sem farið var fram á endurskoðun og endurbætur á fyrri lögum um

¹ Magnús Moberg, *Inntak úr nokkrum þeim nýjustu konunglegum forordningum sem almúganum er nauðsynlegt að vita*, bls. 28.

² Sama heimild, bls. 25-29.

lausamenn og vinnuhjú. Var þá einkum vísað í áhrifaleysi tilskipunar um lausamennsku frá árinu 1783 sem gerði lítið til að draga úr óhlýðni hjúa. Í kjölfar þess sendi þingið bænarskrá til konungs árið 1853 þar sem farið var fram á nýja löggjöf um húsaga og lausamennsku.¹ Árið 1855 fól konungsfulltrúi á Alþingi málið Reykjavíkurnefndinni svokölluðu sem var skipuð sama ár til að endurskoða jarðamatið. Nefndin skilaði frumvarpi árið 1859 og tveimur árum síðar lagði danska stjórnin frumvarp um lausamennskulög fram til Alþingis. Frumvarpið var þó sniðið eftir atvinnuaðstæðum í Danmörku og því mynduðust strax deilur milli Alþingis og dönsku stjórnarinnar um ákvæði laganna. Þingmenn kröfðust þess að löggin væru samin með íslenskar lands- og siðvenjur í huga. Í nefndarátliti frá hinni áðurnefndu Reykjavíkurnefnd árið 1861 var því lýst svo:

Sé löggin byggð á þessari undirstöðu, verða þau þjóðleg og ávinna sér hylli og hlýðni almennings, en vilji maður annan grundvöll, mæta löggin ótal mótspyrnum, og komast má ske aldrei, sem skyldi inn í meðvitund og félagslíf þjóðarinnar.²

Löggin voru tekin fyrir á þremur þingum: árin 1861, 1863 og 1865 þar sem gerðar voru ýmsar breytingar á frumvarpinu. Alþingi lagði m.a. fram kröfu um breytt lágmarksaldurstakmark. Frumvarpið gerði ráð fyrir 18 ára aldurstakmarki fyrir vistráðningu en þingmenn vildu fremur binda það við 16 ár. Með þeim hætti vildu þingmenn tryggja bændum vinnuafli uppvaxandi kynslóða sem allra fyrst og þannig sporna við vinnufólksskort. Einnig myndaðist ágreiningur um lengd vistarráða. Stjórnin vildi gera það að samkomulagi milli húsbónda og hjús en þingmenn vildu binda vistráðningartímann við eitt ár eins og tíðkast hafði lengi á landinu.³ Eftir rúm fimm ár náðist loks endanlegt samkomulag á milli Alþingis og stjórnar og löggin voru samþykkt árið 1866.⁴

Eldri ákvæði um húsaga voru ennþá við lýði í þessum lögum og tekið er fram að hvert hjú skuli vera háð þeirri stjórn og reglu sem húsbóndi þeirra setti á heimilinu og hlýða þeim í einu og öllu. Refsingar fyrir óhlýðni, mótþróa eða illyrði í garð húsbónda

¹ Vilhelm Vilhemsson, *Sjálfstætt fólk*, bls. 262-263.

² *Alþingistíðindi* 1861. B. Umræður, bls. 1097.

³ Sama heimild, bls. 1098-1121.

⁴ Guðmundur Jónsson, „Vinnuhjú á 19. öld“, bls. 19.

voru nú bundnar við sektir sem miðuðust við 1 til 12 ríkisdali. Ef hjú settu sig upp á móti húsbónda sínum eða áreittu hann í verki voru þau sektuð um 5 til 50 ríkisdali, allt eftir alvarleika. Einungis var gripið til frekari hegningar ef vinnuhjú brutu af sér samkvæmt ákvæðum annarra laga en slíkar refsingar voru ekki hluti af þessum lausamennskulögum.

Vinnuhjúum voru þó einnig veitt meiri réttindi gagnvart húsbændum sínum. Bóndi skuldaði nú vinnufólki sínu kaup og matarverð fyrir vistartíma sinn ef hann skyldi slíta vistarráðunum án lögmætra orsaka. Hann var einnig skuldbundinn til að veita hjúum sínum nægilegt og viðunandi fæði, ásættanlega þjónustu og veita þeim rúmfatnað, skæðaskinn og annað sem þau gætu þurft á að halda. Vinnuhjúum voru einnig veitt ákveðin réttindi í þeim tilvikum þar sem húsbóndi þeirra misþyrmdi þeim, hvort sem um væri að ræða líkamsmeiðsl eða kærulausa og ótillitsama verkstjórn, þ.e. ef hjúíð slasaðist eða veiktist sökum lélegs aðbúnaðar eða hættulegrar vinnu. Í þeim tilvikum var húsbóndinn skyldugur til að greiða heilbrigðiskostnað hjúa og greiða þeim skaðabætur fyrir verktjón þeirra. Þar að auki skyldi hann sæta sektum sem námu 2 til 50 ríkisdöllum. Einnig er tekið fram í lögjöfnni að kaup vinnuhjúa þyrfti að vera sammingsatriði á milli þeirra og húsbændanna. Viðmiðið ætti ávallt að vera sú upphæð sem þekktist af venju innan þeirrar sveitar þar sem þau dvöldust. Ef hjú gat ekki unnið sökum klæðleysis var húsbóndanum veittur sá réttur að taka nægileg föt upp í kaup þeirra þótt það hefði áskilið sér laun í öðrum eyri.¹ Einnig var slakað örlítið á vistarskyldunni með því að gefa einstaklingum kost á að verða sér úti um sérstakt leyfisbréf ef þeir uppfylltu ákveðin skilyrði og gegn vissum kostnaði. Þessi nýju lög veittu vinnufólki að nokkru leyti rýmri réttindi sem voru þar að auki gerð skýrari, en vistarskyldan var þó áfram við lýði.

Sjá má í umræðum á Alþingi frá árunum 1861, 1863 og 1865 að sumir þingmenn lögðu megináherslu á að vernda bændastéttina fyrir búferlaflutningum vinnuhjúa úr sveitum landsins og viðhalda stjórn og aga innan raða vinnuhjúa. Jón Pétursson nefnir árið 1863 að „helsta rötin til stjórnleysis þess sem hér er á landi, sé sjálfræði það, sem hjúin venjast við; en þá er og ráðið, að bæta lögin svo, að húsbóndinn geti náð rétti sínum yfir hjúinu, og að kostnaðurinn fæli hann ekki frá því.“² Allar umbætur þyrftu að vera hóflegar þar sem margir þingmenn töldu það vera varasamt að veita hjúum of mikið vald gagnvart húsbónda sínum. Lykilatriðið að mati þessa alþingismanna var að bændur hefðu

¹ *Alþingistíðindi* 1865. C. Yfirlit skjalna, bls. 236-244.

² *Alþingistíðindi* 1863. B. Umræður, bls. 972.

nægan aðgang að vinnuafli til að rækta jörð sína. Nokkrir þingmenn lögðu þó einnig áherslu á að nauðsynlegt væri að huga að réttindum vinnuhjúa. Stefán Jónsson nefndi árið 1861 að „hér á þingi er ekkert hjú, og er það því fremur skylda þingsins, ekki síður að gæta þess, að rétti þeirra eigi sé hallað, fremur en húsbændanna.“¹

Samantekt

Ekki væri rétt að segja að Alþingismenn vildu sporna gegn auknum réttindum vinnuhjúa. Lausamennskulögin lögfestu vissar refsingar fyrir óhlýðin vinnuhjú og hertu á eldri ákvæðum um húsaga. Þau bættu þó réttarstöðu þeirra á marga vegu og þá einkum gagnvart húsbændum þeirra. Sumir Alþingismenn óttuðust að skortur á vinnuhjúum myndi valda varanlegum skaða fyrir bændasamfélag landsins. Það væri því nauðsynlegt að ganga hóflega í allar umbætur á kjörum og frelsi vinnuhjúa til að vinna gegn þeirri þróun. Margir Alþingismenn voru þó meðvitaðir um vandamál vinnuhjúa og litu alls ekki framhjá þeim við gerð laganna. Meginmarkmiðið var að finna góðan milliveg til að geta brugðist við umkvörtunum vinnuhjúa samtímis því að viðhalda bændasamfélaginu með því að tryggja bændum nægilegan starfskraft. Í raun var tilgangur laganna að skilgreina betur lagalega stöðu húsbænda og vinnuhjúa fremur en að gjörbreyta ákvæðum vistar-skyldunnar. Lögin breyttu því ekki aðstæðum vinnuhjúa að markverðu leyti og ósennilegt er að þau hafi haft stórfelld áhrif á efnahagsstöðu þeirra.


¹ *Alþingistíðindi* 1861. B. Umræður, bls. 1124.

3. Eignastaða

3.1. Vinnuhjú í Skagafirði á 19. öld

Samkvæmt Landshagsskýrslum voru 4033 íbúar í Skagafjarðarsýslu árið 1850, þar af 1944 karlar og 2089 konur. Skráð eru 626 býli. Meirihluti þessara einstaklinga var yngri en 30 ára, eða um 2406, sem jafngildir um 60% af heildarmannfjölda.¹

Tafla 5. Fólksfjöldi í Skagafjarðarsýslu árið 1850.



Heimild: Skýrslur um landshagi á Íslandi I, bls. 35.

Af þeim 4033 íbúum sýslunnar voru 1264 giftir og 2540 ógiftir, ásamt 229 ekkjum, ekkjum og fráskildum einstaklingum. Hlutfallið milli kynja var sambærilegt en einungis hundrað fleiri konur voru ógiftar samanborið við karla.

Tafla 6. Hjúskaparstaða í Skagafjarðarsýslu árið 1850.

	Ógift	Gift	Ekkjar/ekkjur	Fráskilin	Alls
Karlar	1213	632	85	14	1944
Konur	1327	632	122	8	2089
Samtals	2540	1264	207	22	4033
% af heild	63%	31%	5%	1%	100%

Heimild: Skýrslur um landshagi á Íslandi I, bls. 35.

Starfsgreinar innan sýslunnar voru fjölbreytilegar en fólk sem lifði á jarðrækt var þó í miklum meirihluta:

¹ Skýrslur um landshagi á Íslandi, bls. 35.

Tafla 7. Atvinnuskipting innan Skagafjarðarsýslu árið 1850.

Andlegrar stéttar embættismenn og kennarar	145
Veraldlegrar stéttar embættismenn	39
Embættislausir vísindamenn	2
Þeir sem lifa á jarðrækt	3662
Þeir sem lifa á sjávarafla	3
Iðnaðarmenn	19
Verslunarmenn og gestgjafar	25
Daglaunamenn	27
Þeir sem lifa á eftirlaunum og eigum sínum	28
Þeir sem hafa óákveðinn atvinnuveg	21
Sveitarómagar	62
Samtals	4033

Heimild: Skýrslur um landshagi á Íslandi I, bls. 42-47.

Erfitt er þó að segja nákvæmlega til um hversu margir þessara einstaklinga voru vinnuhjú. Vinnumennska var margslungið fyrirbæri og gat tekið miklum breytingum. Ef litið er aftur á manntalsvefinn fyrir árið 1850 má sjá að 836 manns eru skráðir sem vinnumenn, -piltar, -drengrir, -konur, -stúlkur, -kerlingar eða einfaldlega hjú, þar af 393 karlar og 443 konur. Vinnukonur eru örlítið fleiri en það er þó í samræmi við áðurgreint kynjahlutfall innan sýslunnar. Ef miðað er við heildarmannfjölda sýslunnar eins og hann kemur fram í Landshagaskýrslum mynduðu þessi hjú um 20% af íbúum Skagafjarðar. Aldursdreifing vinnuhjúanna er í samræmi við aldersdreifingu heildarfjölda Skagafjarðarbúa. Meirihluti vinnuhjúa var undir 30 ára aldri og sá fjöldi fer dvínandi með vaxandi aldri. Helsti munurinn þar á milli er að konur mynduðu meirihluta í flestum aldurshópum nema á bilinu 31 til 40 ára.¹

Tafla 8. Hjúskaparstaða vinnuhjúa í Skagafjarðarsýslu árið 1850.

	Ógiftir	Giftir	Ekklar/Ekkjur	Fráskilin	Samtals
Vinumenn	305	67	16	5	393
Vinnukonur	372	52	14	5	443
Alls	677	119	30	10	836
% af heild	81%	14%	4%	1%	100%


Heimild: Vef. Þjóðskjalasafn Íslands. manntal.is -> manntal 1850.

Einnig má nota manntalsvefinn til að greina hjúskaparstöðu þessara vinnuhjúa. Þar má sjá að mikill meirihluti þeirra, karla jafnt sem kvenna, var ógiftur. 677 vinnuhjú voru ógift, sem jafngilti um 81% af heildarfjölda. Til samanburðar voru 119 einstaklingar

¹ Vef. Þjóðskjalasafn Íslands. manntal.is -> manntal 1850.

giftir, eða um 14%. Einungis 30 þeirra voru ekklar og ekkjur og 10 manns voru fráskildir. Fleiri vinnumenn voru kvæntir, sem er markvert þar sem þeir voru færri en vinnukonur. Hlutfall ekkla/ekkna og fráskilinna einstaklinga var sá sami á milli kynja. Samanborið við hjúskaparstöðu fyrir sýsluna í heild sinni er hlutfall ógiftra meðal vinnuhjúa mun meiri (81% samaborið við 63%).¹ Þetta er að nokkru leyti skiljanlegt þar sem eðli málsins samkvæmt voru hjónabönd í flestum tilfellum vegur að því að stofna eigið býli.

Tafla 9. Aldursdreifing vinnuhjúa í Skagafjarðarsýslu árið 1850.



Heimild: Vef. Þjóðskjalasafn Íslands. manntal.is -> manntal 1850.

¹ Sjá töflur 6 og 8.

3.2. Skagfirsk dánarbú 1840–1870

Fyrir þessa rannsókn var tekið slembiúrtak af dánarbúum fimmtíu einstaklinga innan Skagafjarðarsýslu á árunum 1840 til 1870, þar af 25 vinnumanna og 25 vinnukvenna. Þessir einstaklingar voru afar fjölbreytilegir og hægt að sjá mikinn mun á þeim hvað varðar aldur, uppruna og efnahagsstöðu. Meðalaldur þeirra er 45 ár. Sá elsti lést 81 árs gamall en sá yngsti einungis 20 ára gamall.¹

Verðmæti eigna þeirra einstaklinga sem hér hafa verið teknir fyrir var að meðaltali 64 ríkisdalir. Verðmesta búið var metið á 165 ríkisdali og það verðminnsta á 11 ríkisdali. Það er því ljóst að hér er um að ræða afar fjölbreyttan hóp. Í eftirfarandi töflu má sjá dreifingu þessara þátta miðað við kynjaskiptingu:

Tafla 10. Meðaltal aldurs og verðmæta í dánarbúum.

	Aldur	Verðmæti (í rd.)
Karlar	43	141
Konur	45	73
Samtals	44	107

Heimild: Sjá viðauka, bls. 91-92.

Ljóst er að vinnumenn áttu að jafnaði fleiri eignir og meiri verðmæti en vinnukonur. Eins og fyrr var nefnt fengu vinnukonur yfirleitt lægra kaup en vinnumenn og er þessi tölfræði í samræmi við það. Þó var eignastaða einstaklinganna afar fjölbreytileg hjá báðum kynjum. Verðmætasta búið meðal vinnumanna var metið á 413 ríkisdali og það verðminnsta á 15 ríkisdali. Meðal vinnukvenna var verðmætasta búið metið á 384 ríkisdali og það verðminnsta á 12 ríkisdali.

Fyrir þessa rannsókn hefur algengustu verðmætum þessara einstaklinga verið skipt í tíu flokka til að meta tíðni þeirra innan dánarbúanna og milli kynja:

Tafla 11. Hlutfall verðmæta innan dánarbúa.

	Fatnaður	Bækur	Reiðtygi	Rúmföt	Leirtau	Kistur	Verkfæri	Prjónaáhöld	Búfenaður	Hestar
Karlar	25	19	24	8	11	24	14	4	19	12
Konur	25	18	17	14	16	25	2	17	12	1
Alls	50	37	41	22	27	49	16	21	31	13
% af heild:	100%	74%	82%	44%	54%	98%	32%	34%	62%	26%

Heimild: Sjá viðauka, bls. 91-92.

¹ Sjá viðauka, bls. 38-39.

Hver einasti einstaklingur átti fatnað af einhverju tagi, þó í misgóðu ástandi, og eru það algengustu eignirnar sem má sjá í dánarbúum. Kistur og annars konar hirslur líkt og koffort og skápar voru einnig mjög algeng og jafnvel eignaminnstu vinnuhjúin áttu í það minnsta eina slíka eign. Slíkar eignir voru vafalaust nothæfar bæði til geymslu á verðmætum þeirra en einnig fyrir flutninga á milli vista. Oftast mátti finna bækur í eigum þeirra og þá fyrst og fremst trúarrit líkt og Vídalíns postillu, Messusöngsbækur og Miðvikudagshugvekjur. Þó áttu einstaka hjú einnig kvæðarit, ljóðabækur eða eintak af Íslendingasögum. Reiðtygi líkt og söðlar, yfirgjarðir, ístöð og reiðbeisli voru einnig afar algeng, hvort sem fólk átti hest eða ekki, enda þurfti fólk að geta komist ferða sinna. Leirtau líkt og diskar, glös, bollar og hnífapör voru til staðar hjá um helmingi einstaklinganna en voru þó algengari meðal kvenna. Það sama á við um rúmföt líkt og sængur og koddar.

Kynjamunurinn kemur skýrast fram í þrjónaáhöldum og verkfærum. Með þrjónaáhöldum er átt við eignir líkt og rokka, snældustóla, nálhús og þrjóna. Mikill meirihluti vinnukvennanna átti slík áhöld en einungis fjórir vinnumenn. Með verkfærum er átt við hamra, sagir, broddstafi, grasorf, plóga og fleira sem notað var í smíða- og landbúnaðarvinnu. Stór hluti vinnumannanna áttu slík tól en einungis tvær vinnukonur. Þessi kynjaskipting er í samræmi við hina almennu verkaskiptingu sem var til staðar á milli kynjanna. Fleiri karlar tóku að sér verkleg störf og smíðavinnu á meðan vinnukonur voru talsvert líklegri til að stunda þrjóna- eða saumavinnu.


Það sem stendur hvað mest upp úr er hlutfall búfenaðar í þessum dánarbúa en meira en helmingur vinnufólksins átti búfenað, sérstaklega sauðfé. Þetta á jafnt við um eignalítill og eignamikil vinnuhjú. Hestar voru sjaldgæfari en það er þó athyglisvert að karlar voru þar í yfirgnæfandi meirihluta, en einungis ein vinnukona átti hest. Þetta er einnig í samræmi við hlutfall reiðtygja þar sem fleiri karlar voru skráðir með slíkar eignir en konur.¹

Ef litið er á verðmæti út frá aldursbili má sjá að verðmæti eigna vinnuhjúa var mest á aldursbilinu 40-50 ára. Verðmæti einstaklinganna eykst jafnt og þétt fram að því og minnkar svo aftur þegar líður á efri ár.²

¹ Sjá viðauka, bls. 38-39.

² Sjá töflu 10.

Tafla 12. Meðalverðmæti miðað við aldurshóp (í rd.).



Heimild: Sjá viðauka, bls. 91-92.

Í næstu köflum verða sextán af þessum vinnuhjúum skoðuð nánar. Þeim er skipt upp í tvo hópa eftir aldri: 20-40 ára aldursbil fyrir þann fyrri og 50-80 ára aldursbil fyrir þann seinni. Skoðuð verða dánarbú þeirra og gerð grein fyrir ævi- og starfsferli þeirra með það að markmiði að sjá hvort eitthvað samræmi sé þar á milli, og ef svo er, hvaða þættir gætu haft hlutverki að gegna.

3.3. Yngri vinnuhjú

Í þessum kafla verða átta af áður nefndum fimmtíu vinnuhjúum tekin til nánari athugunar. Þessir einstaklingar voru á aldrinum 20 til 40 ára við andlátíð. Fyrst verða teknir fyrir fjórir vinnumenn af ólíkum uppruna og efnahagsstöðu. Þar á eftir verða teknar fyrir fjórar vinnukonur með sambærilegum hætti. Í lokin verða hóparnir tveir bornir saman til að greina hvort finna megi markverðan kynjamun þar á milli, og ef svo er, hvaða þættir gætu hafa komið við sögu. Eigum þeirra er skipt í níu flokka: Bækur, fatnað, búsgagn, rúmföt, verkfæri, reiðtygi, búfénað og að lokum verðmæti sem teljast ekki hefðbundnir lausafjármunir, líkt og lausapeningar og arfur. Sá flokkur er einfaldlega skilgreindur sem „annað“. Líkt og áður var nefnt má finna uppskrifuð dánarbú þeirra í heild sinni í viðauka þessarar ritgerðar.

Vinnumenn

Jón Davíðsson á Reykjum (1820–1845)

25 ára – Eignastaða: 15 ríkisdalir

Jón Davíðsson vinnumaður á Reykjum í Hólasókn lést 21. febrúar 1845 úr landfarsótt, 25 ára gamall.¹ Föður hans er ekki getið en móðir hans var Guðrún Þorkelsdóttir vinnukona (f. 1795). Einnig átti hann hálf systur að nafni Sigríður Jónatansdóttir (1823–1894). Hans er fyrst getið árið 1821 þegar hann kom með móður sinni í Hólasókn. Guðrún gerðist vinnukona á Garðakoti og Jón fór sem tökubarn til Bjarnastaða.² Tekið er fram í sóknarmannatali fyrir árið 1822 að Guðrún sem þá var 27 ára gömul sé illa að sér í lestri og almennri kunnáttu en þar að auki óstýrilát í hegðun. Einnig segir að hún hafi eignast Jón í lausaleik á Sjávarborg í Sjávarborgarsókn.³ Brottför hans úr Hólasókn er ekki getið í prestsþjónustubókum. Árið 1835 var Jón kominn sem léttadrengur í Litladal í Auðkúlusókn í Húnavatnssýslu, sagður 16 ára.⁴ Árið 1838 á 19 ára aldri gerist hann vinnumaður á Hofi í Undirfellssókn og sama ár flyst hann yfir í Engidal í Hvanneyrarsókn, Eyjafjarðarsýslu og gerist vinnumaður hjá Jóni Sigfússyni (f. 1803).⁵ Í

¹ ÞÍ. Kirknasafn. Hólar í Hjaltadal BA/3. Prestsþjónustubók Hóla 1816-1848, bls. 182.

² ÞÍ. Kirknasafn. Hólar í Hjaltadal BA/3. Prestsþjónustubók Hóla 1816-1848, bls. 97.

³ ÞÍ. Kirknasafn. Hólar í Hjaltadal BA/2. Prestsþjónustubók Hóla 1816-1841, bls. 96-97.

⁴ Vef. Þjóðskjalasafn Íslands. manntal.is -> manntal 1835.

⁵ ÞÍ. Kirknasafn. Hvanneyri í Siglufirði BA/2. Prestsþjónustubók 1816-1861, bls. 116.

sóknarmannatali fyrir sama ár er hann sagður bæði lítið kunnandi og skiljandi.¹ Í manntalinu 1840 er hann skráður sem vinnumaður hjá Pálma Sæmundssyni (f. 1795) á Máná í sömu sókn.² Árið 1844 er hann í vist á Hofstaðaseli í Hofstaðasókn. Sama ár flyst hann þaðan að Reykjum og var þá kominn aftur í Hólasókn en er ekki getið þar í sóknarmanntali árin 1844 og 1845.³ Ári síðar andast hann þar á bæ, 25 ára gamall. Dánarbú Jóns var skráð þann 19. apríl 1845 en skipti hans eru ekki varðveitt. Sigríður systir hans og móðir þeirra eru skráðar erfingjar.⁴ Árið 1845 var Sigríður systir hans hjá föður sínum í Garðakoti og Guðrún hefur flust aftur til Sjávarborgar.⁵

Dánarbú Jóns var metið á 15 ríkisdali og 44 skildinga. Mikið af fatnaði hans er sagður vera gamall eða í ræflum og var metinn á 11 ríkisdali og 60 skildinga og myndaði því meginþorra eigna hans. Bókasafn hans var nokkuð fjölbreytilegra en hjá mörgum öðrum hjúum, en hann átti eintök af trúarritum, ljóðabókum og Íslendingasögum. Hann er skráður með sex bækur: Upprisuhugvekjur, Missiraskipta offur, Grænlandssögu, Málsháttasafn, Rímur af Arnljóti upplendingakappa og eintak af Historíu vorar sanna Jesú. Þær voru þó ekki í góðu standi og einungis metnar á 64 skildinga samanlagt. Einnig átti hann verkfæri og tól líkt og skegghníf, hjólsveif, strikhefil og sporjárn, metin á 1 ríkisdal og 68 skildinga. Að lokum átti hann reiðtygi sem voru þó í lélegu standi og einungis metin á 64 skildinga. Hann átti hvorki hesta né sauðfé. Að lokum skuldaði hann 5 ríkisdali og 48 skildinga, ein hjá Níels Jónssyni og önnur hjá Birni Jónssyni á Narfastöðum.⁶

Jón var óskilgetinn sonur fátækra vinnuhjúa og var bláfátækur við andlát sitt. Án fjárhagslegs baklands frá fjölskyldu líkt og margir bjuggu við hefur hann neyðst til að standa algjörlega á eigin fótum. Hann var á hálfgerðum flækingi alla sína ævi og ferðaðist víða á milli sýslna á Norðurlandi. Fatnaður hans og reiðtygi var í nokkuð slæmu standi. Einnig átti hann fjölbreytt safn af bókum og verkfærum sem ekki voru mikils virði. Uppruni hans skýrir að mörgu leyti lélega eignastöðu hans. Hann var þar að auki

¹ ÞÍ. Kirknasafn. Hvanneyri í Siglufirði BA/2. Prestsþjónustubók 1816-1861, bls. 53.

² Vef. Þjóðskjalasafn Íslands. manntal.is -> manntal 1840.

³ ÞÍ. Kirknasafn. Hólar í Hjaltadal BA/3. Prestsþjónustubók Hóla 1816-1848, bls. 123 og BC/4. Sóknarmannatal 1836-1864, bls. 174.

⁴ ÞÍ. Sýsl. Skag. ED2/11. Dánarbú 1819-1852.

⁵ Vef. Þjóðskjalasafn Íslands. manntal.is -> manntal 1845.

⁶ Sjá viðauka, bls. 107-108.

kornungur þegar hann lést og fékk því ekki mörg tækifæri til að safna upp verðmætum. Þetta birtist meðal annars í því að hann átti ekki eina einustu skepnu og því kominn á mjög stutt veg við að leggja grundvöll að eigin búskap. Ef ævi hans hefði farið á annan veg er þó möguleiki að hann hefði náð að stofna fjölskyldu og jafnvel eigið býli síðar meir.

Eyjólfur Pétursson á Krithóli (1834–1854)

20 ára – Eignastaða: 213 ríkisdalir

Eyjólfur Pétursson vinnumaður á Krithóli í Víðimýrarsókn lést 5. desember 1854, tvítugur að aldri.¹ Foreldrar hans voru Pétur Eyjólfsson (1793–1844) bóndi og kona hans Málfríður Jónatansdóttir (1805–1883). Eyjólfur var annar af fjórum börnum þeirra og systkini hans voru Ingiríður (f. 1833), Jón (f. 1835) og Sigfús (f. 1840). Einnig átti hann hálsysturina Margrétu Ingunni Bjarnadóttur (f. 1847) sem móðir hans eignaðist í seinna hjónabandi sínu. Eyjólfur hóf ævi sína með fjölskyldu sinni á Eiríksstöðum í Bergstaðasókn, Húnavatnssýslu. Dánarbú föður hans var metið á 1513 ríkisdali,² og því ljóst að foreldrar hans voru efnafólk. Á bænum dvöldust einnig foreldrar Málfríðar og tveir bræður hennar. Í sóknarmannatölum er fjölskyldunni lýst sem góðu og skikkanlegu fólki sem öll voru vel lesandi.³ Eyjólfur hefur því alist upp á fjölmönnum og stöndugum bæ. Pétur lést 7. september 1844 sökum brjóstveiki.⁴ Skipti á dánarbúi hans fóru fram 2. maí 1845. Eyjólfur fékk þar arf að virði 177 ríkisdala og 20 skildinga. Innifalið í því voru hestar, kýr, sauðfé, góð reiðtygi, ýmiskonar fatnaður og búsgögn ásamt hluta af jörð fjölskyldu hans á Eiríksstöðum.⁵ Þann 9. maí 1845 giftist Málfríður vinnumanninum Bjarna Oddssyni (1817–1872) sem starfaði með þeim á Eiríksstöðum.⁶ Eyjólfur var enn á Eiríksstöðum árið 1849, sagður 15 ára gamall.⁷ Annar móðurbræðra hans, Jón Jónatansson (1807–1865), var þá kvæntur Ingibjörgu Arnþórsdóttur (1827–1887) sem hafði verið vinnukona þar á bæ. Faðir hennar var bóndi á Krithóli og þar hófu þau

¹ ÞÍ. Kirknasafn. Glaumbær á Langholti BA/5. Prestsþjónustubók Víðimýrar 1837-1874, bls. 174.

² ÞÍ. Sýsl. Hún. ED2/21. Dánarbú 1843-1851.

³ ÞÍ. Kirknasafn. Bergsstaðir í Svartárdal BC/1. Sóknarmannatal 1786-1844, bls. 242-243.

⁴ ÞÍ. Kirknasafn. Bergsstaðir í Svartárdal BA/2. Prestsþjónustubók Bergsstaða 1817-1871, bls. 176.

⁵ ÞÍ. Sýsl. Skag. ED1/3-3. Skiptabók 1852-1857, bls. 19.

⁶ ÞÍ. Kirknasafn. Bergsstaðir í Svartárdal BA/2. Prestsþjónustubók Bergsstaða 1817-1871, bls. 84.

⁷ ÞÍ. Kirknasafn. Bergsstaðir í Svartárdal BC/2. Sóknarmannatal 1848-1871, bls. 15.

búskap.¹ Árið 1852 gerðist Eyjólfur vinnumaður hjá þeim, 18 ára gamall. Hann týndist í snjóflóði tveimur árum síðar og var einn á ferð.² Dánarbú hans var skráð 11. apríl 1855 og skipti voru framkvæmd 15. nóvember sama ár. Erfingjar voru móðir hans og alsystkin þrjú.³

Dánarbú Eyjólfur var metið á 27 ríkisdali og 12 skildinga. Hann átti þrjú trúarrit: Missiraskiptaoffur, Miðvikudagapredikanir og Leiðarvísi til að lesa Biblíuna. Þær voru allar tiltölulega verðlitlar og einungis metnar á 40 skildinga. Hann átti einnig lítið safn af fötum, sum í fínu standi og önnur eldri og slitnari sem metin voru á 8 ríkisdali og 40 skildinga. Hann átti gott safn af reiðtygjum líkt og hnakk, reiði, reiðgjörð og höfuðleður, allt í mjög góðu ástandi, metið á 7 ríkisdali. Eina búshaldið í hans eigu var gömul kista að virði eins ríkisdals. Einnig átti hann eina ær og einn sauð sem metin voru á 5 ríkisdali og 48 skildinga. Að lokum skuldaði hann fimm aðilum 9 ríkisdali og 24 skildinga: Jóni Magnússyni á Syðra-Vallholti, Árna Gíslasyni á Bakka, Jóni Símonarssyni á Saurbæ, Andrési Ólafssyni á Kolgröf og Birni Jónssyni á Syðri Mælifellsá.⁴ Að auki greinir skiptabókarfærsla hans frá verðmætum sem hann átti á Eiríksstöðum að virði 185 ríkisdala og 42 skildinga. Stór hluti þessara verðmæta var úr áðurnefndum föðurarfi sem Eyjólfur fékk ungur að aldri.⁵

Eyjólfur er gott dæmi um það hvernig ekki má túlka dánarbú sem afgerandi merki um efnahagslegu stöðu. Hann er ekki skráður með miklar eignir við andlát sitt en átti mikil verðmæti á fyrri heimili sínu í Húnavatnssýslu. Uppruni hans og Jóns Davíðssonar gæti ekki hafa verið ólíkari. Á meðan Jón var óskilgetið barn fátækra vinnuhjúa var Eyjólfur sonur efnaðra bændahjóna. Jón ólst upp sem tökubarn og eyddi ævi sinni á miklum flækingi þar sem hann starfar sem vinnumaður á fjölda bæja. Til samanburðar ólst Eyjólfur upp í faðmi fjölskyldu sinnar og tók sín fyrstu skref sem vinnumaður á bæ móðurbróður síns sem hann hafði þekkt frá blautu barnsbeini. Hann var einnig kornungur þegar hann lést og í raun rétt að byrja að koma undir sig fótunum og hafði fengið gott tækifæri til að starfa hjá frænda sínum þegar hann deyr í snjóflóði. Vinnumennska hans var því starfsþjálfun til að búa hann undir að gerast bóndi sjálfur. Ljóst er að hann var

¹ ÞÍ. Kirknasafn. Glaumbær á Langholti BC/3. Sóknarmannatal 1851-1858, bls. 49.

² ÞÍ. Kirknasafn. Glaumbær á Langholti BA/5. Prestsþjónustubók Víðimýrar 1837-1874, bls. 120 og 174.

³ ÞÍ. Sýsl. Skag. ED2/15. Dánarbú 1845-1857 og ED1/3-3. Skiptabók 1852-1857, bls. 107.

⁴ Sjá viðauka, bls. 98-99.

⁵ ÞÍ. Sýsl. Skag. ED1/3-3. Skiptabók 1852-1857, bls. 107.

þegar farinn að safna fyrir búskap ef marka má þær örfáu skepnur sem hann átti. Innifalið í föðurarfi hans var einnig stórt safn af búfénaði og hluti af jörðinni á Eiríksstöðum. Ef örlög hans hefðu farið á aðra leið hefði hann að öllum líkindum nýtt sér þennan sterka fjárhagslega grunn og stofnað þar býli.

Ólafur Guðmundsson á Syðribrekkum (1829–1851)

22 ára – Eignastaða: 344 ríkisdalir

Ólafur Guðmundsson vinnumaður á Syðribrekkum í Hofsstaðasókn lést 18. júlí 1851, 22 ára gamall.¹ Foreldrar hans voru Guðmundur Ólafsson (1788–1850) bóndi og Steinunn Pétursdóttir (1792–1882) kona hans. Ólafur var þriðja barn þeirra af fimm en systkini hans voru Ingibjörg (1822–1862), Rannveig (1823–1885), Pétur (1832–1902) og Sigurður (1833–1874). Ólafur hóf ævi sína á Hellulandi í Rípursókn með fjölskyldu sinni. Þar bjó einnig fjöldi vinnuhjúa, húsfólks og fósturbarna.² Foreldrar hans voru efnafólk og var dánarbú föður hans frá árinu 1850 metið á 2166 ríkisdali.³ Í sóknarmannatölum árána 1839 og 1841 er föður hans lýst sem vel lesnum, heiðarlegum, iðjusömum og vel að sér í andlegri kunnáttu. Móðir hans er sögð ráðdeildarsöm og þrifin kona, vel að sér í lestri og andlegri kunnáttu. Ólafur sjálfur er sagður vera mjög þægur, vel læs og fróðleiksfús.⁴ Árið 1845 var fjölskyldan komin að Hofsstöðum í Hofsstaðasókn þar sem Guðmundur, faðir Ólafs, er skráður sem bóndi.⁵ Árið 1849 gengur Ólafur í vinnumennsku hjá séra Ólafi Þorvaldssyni (1806–1878) á Hjaltastöðum í Flugumýrarsókn, sagður 20 ára gamall.⁶ Þetta var stórbýli þar sem sjö önnur vinnuhjú störfuðu, auk fjölskyldna sumra þeirra, emeritpresta, próventukvenna og ættingja séra Ólafs. Sama ár er fjölskylda Ólafs stödd á Hofdölum hjá Pétri Jónssyni (f. 1811), eiginmanni Ingibjargar, systur Ólafs. Guðmundur hefur þá brugðið búi. Flest systkina Ólafs eru þá flutt að heiman að undanskildum Pétri, yngsta bróður hans, sem er þar vinnumaður.⁷ Um árabíl hafði bróðir Péturs Jónssonar, Sigurður (1828–1876), einnig dvalist hjá honum á Hofdölum. Skömmu

¹ ÞÍ. Kirknasafn. Hofsstaðaþing BA/1. Prestsþjónustubók 1817-1886, bls. 20.

² Vef. Þjóðskjalasafn Íslands. manntal.is -> manntal 1835.

³ ÞÍ. Sýsl. Skag. ED2/13. Dánarbú 1820-1853.

⁴ ÞÍ. Kirknasafn. Ríp í Hegranesi BC/2. Sóknarmannatal 1828-1854, bls. 87 og 123.

⁵ Vef. Þjóðskjalasafn Íslands. manntal.is -> manntal 1845.

⁶ ÞÍ. Kirknasafn. Hofsstaðaþing BA/1. Prestsþjónustubók 1817-1886, bls. 94.

⁷ Vef. Þjóðskjalasafn Íslands. manntal.is -> manntal 1850.

fyrir árið 1850 hafði hann gengið í hjónaband og stofnað eigið býli á Syðribrekkum í sömu sókn. Árið 1851 gerðist Ólafur vinnumaður hans þar á bæ, 22 ára gamall. Guðmundur faðir hans lést 5. apríl 1850 úr brjóstveiki. Dánarbú hans var skráð 28. maí 1850.¹ Ólafur lést einungis ári síðar, en dánarorsök er ekki tekin fram.² Dánarbú hans var skráð 24. október 1851.³ Skipti á búi föður hans voru framkvæmd 23. apríl 1852 og búi Ólafs var skipt degi síðar.⁴

Dánarbú hans var metið á 122 ríkisdali og 36 skildinga. Hann átti fjórar bækur: Vídalínspostillu, Messusöngsbók, Gerðharðshugvekjur ásamt eintaki af Knytlinga- og Úlfarsrímunum, flestar í góðu standi og voru þær metnar á 3 ríkisdali og 60 skildinga. Fatasafn hans var margbreytilegt og flest skráð sem nýlegt eða í góðu ástandi. Föt hans voru metin á 23 ríkisdali og 40 skildinga. Þar að auki átti hann smíðatól af ýmsu tagi líkt og skrúbbhefil, sporjárn, rennismiðju, hefiltönn, bergstöng og orf sem metin voru á 3 ríkisdali og 84 skildinga. Einnig átti hann gott safn af reiðtygjum og oft tvö stykki af hverjum hlut. Þar má nefna tvo hnakka, tvær gjörðir, tvö yfirdekk, sessu, reiðbeisli og ístöð, metið á 14 ríkisdali og 28 skildinga. Einnig átti hann ýmis fínni verðmæti líkt og byssu, metin á 3 ríkisdali, langspil og signet. Í búi hans eru þar að auki skráðir sex sauðir, ein gimbur, fimm ær og lömb, einn hestur og einn foli. Skepnur hans voru metnar á 66 ríkisdali og 80 skildinga og voru verðmætustu eignir hans.⁵ Að auki er skráð í skiptabókarfærslu hans að hann hafi átt 222 ríkisdali og 28 skildinga úr föðurarfi, meðal annars í formi jarðarhluta að virði 40 ríkisdala. Hann fékk þó aldrei tækifæri á að sjá eða nýta þessi verðmæti þar sem hann lést einungis ári á eftir föður sínum. Að lokum skuldaði hann fimm aðilum 7 ríkisdali og 4 skildinga: Gísla Þorlákssyni bóndasyni á Syðribrekkum, Önnu Helgadóttur vinnukonu á Hjaltastöðum, Pétri Jónssyni bónda á Hofdölum, Birni Þorkelssyni bóndasyni á Svaðastöðum og Sigurði Jónssyni bónda á Syðribrekkum sem hafði veitt honum ráðgjöf og aðstoð við fola hans.⁶

Ólafur átti margt sameiginlegt með Eyjólfri Péturssyni. Þeir voru synir efnaðra bænda og ólust upp á bæ foreldra sinna. Báðir hófu vinnumennsku hjá efnuðum bændum

¹ ÞÍ. Sýsl. Skag. ED2/13. Dánarbú 1820-1853.

² ÞÍ. Kirknasafn. Hofstaðaping BA/1. Prestsþjónustubók 1817-1886, bls. 20.

³ ÞÍ. Sýsl. Skag. ED2/13. Dánarbú 1820-1853.

⁴ ÞÍ. Sýsl. Skag. ED1/3-3. Skiptabók 1852-1857, bls. 7 og 10.

⁵ Sjá viðauka, bls. 114-116.

⁶ ÞÍ. Sýsl. Skag. ED1/3-3. Skiptabók 1852-1857, bls. 10.

og fjölskylduvinum og voru rétt svo byrjaðir að koma undir sig fótunum við andlát sitt. Báðir fengu einnig mikil verðmæti í föðurarf. Ef arfurinn er tekinn út úr myndinni átti Ólafur mun eignameira dánarbú einn og sér. Eyjólfur átti einungis tvær skepnur á meðan Ólafur átti nítján, þar á meðal tvo hesta. Reiðtygi hans voru um helmingi verðmætari og hann átti tvennt af mörgum hlutum. Einnig átti hann verðmæta gripi líkt og byssu. Ólafur átti þar að auki mjög gott safn af verkfærum og smíðatólum á meðan Eyjólfur átti engin. Hvernig má skýra þennan mikla eignamun? Helsti munurinn þeirra á milli er að Ólafur starfaði á tveimur bæjum á meðan Eyjólfur var einungis á einum. Tími Ólafs á prestsetri Ólafs Þorvaldssonar gæti vel hafa veitt honum fjárhagslegt forskot og veitt honum meiri reynslu. Einnig ólst Eyjólfur upp við það að eiga mikinn föðurarf í sinni eigu sem hann hefði ávallt getað nýtt sér við stofnun bú. Ólafur fékk föðurarf sinn aldrei í hendur sökum þess að faðir hans dó skömmu fyrir hans eigið andlát. Eyjólfur gæti því hafa haft minni hvatningu til að safna eignum fyrir eigin búskap. Hefði Ólafur lifað lengur hefði hann að öllum líkindum stofnað eigið býli innan örfárra ára og var kominn langleiðina með að safna upp nægilegum verðmætum til að gera það að veruleika, bæði með og án föðurarfs síns.

Erlendur Jónsson á Selhólum (1830–1865)

34 ára – Eignastaða: 162 ríkisdalir

Erlendur Gísli Jónsson vinnumaður á Selhólum í Fagranessókn lést árið 1865, 34 ára gamall.¹ Móðir hans var Helga Hákonardóttir (1802–1870) vinnukona en faðerni hans er óþekkt. Móðir Erlends gefur hann frá sér þegar hann var ungur að aldri og hann er skráður sem tókubarn á Þröm í Reynistaðarsókn árið 1835.² Árið 1840 er hann sendur á Varmaland 10 ára gamall þar sem hann er skráður sem niðursetningur hjá bóndanum Jóni Þórðarssyni (1797–1869).³ Árið 1842 er honum svo komið fyrir í Stórugröf í sömu sókn.⁴ Árið 1845 hefur hann gerst vinnumaður hjá Sigfúsi Sigfússyni (1792–1846) á Þorgeirsbrekku, sagður 15 ára gamall.⁵ Sigfús var tiltölulega fátækur bóndi sem bjó þar

¹ ÞÍ. Sýsl. Skag. ED1/4. Skiptabók 1860-1867, bls. 267.

² Vef. Þjóðskjalasafn Íslands. manntal.is -> manntal 1835.

³ ÞÍ. Kirknasafn. Reynistaðarklaustur BC/2. Sóknarmannatal 1827-1840, bls. 127.

⁴ ÞÍ. Kirknasafn. Reynistaðarklaustur BC/3. Sóknarmannatal 1841-1864, bls. 26.

⁵ Vef. Þjóðskjalasafn Íslands. manntal.is -> manntal 1845.

með eiginkonu sinni. Hann dó 7. september 1846 og var dánarbú hans metið á 90 ríkisdali.¹ Árið 1847 flytur Erlendur aftur í Stórugröf og gerist vinnumaður hjá Stefáni Magnússyni (1810–1851).² Stefán var nokkuð efnaður bóndi og var dánarbú hans metið á 868 ríkisdali.³ Árið 1850, þá 20 ára gamall, gerðist Erlendur vinnumaður hjá Eiríki Þorsteinssyni (1803–1853) bónda og smiði. Dánarbú Eiríks var metið á 751 ríkisdal⁴ og því ljóst að hann og fjölskylda hans voru efnafólk. Þau bjuggu þar með fimm börnum sínum og einni ekkju. Erlendur var eini vinnumaðurinn. Árið 1853 hefur hann flust yfir á Sveinstaði í sömu sókn og gerst vinnumaður hjá Jóhannesi Þorlákssyni (f. 1800).⁵ Sama ár flyst hann til Reynistaða í Reynistaðarsókn þar sem hann gerist vinnumaður hjá umboðsmanninum Einari Stefánssyni (1807–1871). Reynistaðir voru stórbýli þar sem á annan tug manns bjó, þar á meðal sextán vinnuhjú, ein þjónustustúlka, eitt tókubarn og ein ekkja.⁶ Einar var sjálfur stórefnaður maður og var dánarbú hans metið á 1313 ríkisdali.⁷ Árið 1860 er Erlendur í vist á Hóli í Hvammssókn og fer þaðan til Skörðugils í Glaumbæjarsókn. Árið 1862 hefur hann svo flust yfir á Skinþúfu innan sömu sóknar.⁸ Um svipað leyti kynnist hann og kvænist Guðrúnu Jóhannsdóttur (1840–1891) og eignast með henni einn son, Erlend Gísla (1865–1942). Á óþekktum tímapunkti fyrir andlát hans flytjast hjónin að Selhólum í Fagranessókn þar sem Erlendur deyr snemma árs 1865. Dánarbú hans er skráð 22. apríl sama ár⁹ og skipti voru framkvæmd 25. september 1867. Erfingjar eru Guðrún kona hans og sonur þeirra Erlendur.¹⁰

Dánarbú Erlends var metið á 162 ríkisdali og 40 skildinga. Hann átti engar bækur og aðeins lítið safn af fatnaði. Föt hans voru þó öll í góðu ástandi og metin á 8 ríkisdali og 32 skildinga. Einnig átti hann lítið safn af reiðtygjum sem samanstóðu af hnakki, beisli, hnappeldu, tveimur silum og gömlum reiðbuxum, metið á 4 ríkisdali og 32 skildinga. Hann átti örfá verkfæri: tvær hrífur, ljáspíku og brot af orfi, metið á 80 skildinga. Mestu

¹ ÞÍ. Sýsl. Skag. ED2/11. Dánarbú 1819-1852.

² ÞÍ. Kirknasafn. Reynistaðarklaustur BC/3. Sóknarmannatal 1841-1864, bls. 94.

³ ÞÍ. Sýsl. Skag. ED2/14. Dánarbú 1825-1854.

⁴ ÞÍ. Sýsl. Skag. ED2/15. Dánarbú 1845-1857.

⁵ ÞÍ. Kirknasafn. Goðdalir í Dölum BC/2. Sóknarmannatal 1850-1885, bls. 3 og 25.

⁶ ÞÍ. Kirknasafn. Reynistaðarklaustur BC/3. Sóknarmannatal, bls. 158.

⁷ ÞÍ. Sýsl. Skag. ED1/4. Dánarbú 1867-1883.

⁸ ÞÍ. Kirknasafn. Glaumbær á Langholti BA/6. Prestsþjónustubók 1849-1885, bls. 242 og 271.

⁹ ÞÍ. Sýsl. Skag. ED2/20. Dánarbú 1867-1868.

¹⁰ ÞÍ. Sýsl. Skag. ED1/4. Skiptabók 1860-1867, bls. 267.

verðmæti hans voru í formi skepna en hann átti ellefu gemlinga, fjórtán ær og eina hryssu. Einnig átti hann heyleifar fyrir norðan bæ sinn á Selhólum að virði 10 ríkisdala. Þessar skepnur, auk fódursins, voru metnar á 141 ríkisdal. Að lokum skuldaði hann sex ólíkum aðilum 45 ríkisdali og 84 skildinga, þar á meðal ónefndum manni á Suðurlandi, kostnað fyrir heyrirðingu í 20 ár og þjóðvegagjald fyrir árið 1865.¹

Líkt og Jón Davíðsson var Erlendur óskilgetið barn vinnuhjúa og var gefinn sem tókubarn ungur að aldri. Hann átti því ekkert öryggis- eða félagsnet í formi fjölskyldu líkt og Eyjólfur Pétursson og Ólafur Guðmundsson. Honum var komið fyrir á mörgum býlum í æsku og hann eyddi starfsferli sínum í að ferðast milli bæja víðs vegar um sýsluna og staldraði yfirleitt við aðeins í stutta stund á hverjum bæ. Hann náði því aldrei að koma undir sig fótum og átti því talsvert minna af fatnaði, reyðtygjum og verkfærum samanborið við dánarbú Eyjólfis og Ólafar. Allt bendir þó til þess að Erlendur hafi verið kominn vel á veg með að stofna eigið býli. Hann var sá eini þessara manna sem var kvæntur barnsfaðir við andlát sitt og hafði á tíu ára starfsferli sínum safnað upp talsverðum búfénaði. Skuldir hans voru töluverðar og mun meiri en voru til staðar hjá hinum þremur vinnumönnunum. Þar sem Erlendur hafði ekkert öryggisnet við að styðjast neyddist hann til að standa á eigin fótum. Ef markmið hans var að stofna eigið bú einn daginn má líta á þessar skuldir sem merki um þá vinnu sem hann lagði á sig til að ná fram því markmiði. Þær voru þó ekki óyffirstíganlegar og miðað við verðmæti eigna hans er ósennilegt að þær hefðu spillt fyrir áætlunum hans. Ólíkt Jóni starfaði hann einnig á nokkrum stórbýlum hjá efnuðum bændum og hefur það sennilega átt mikilvægan þátt í að veita honum sterka eignastöðu. Sennilegt er að Erlendur hefði gerst bóndi með konu sinni og syni ef örlög hans hefðu orðið önnur.

Samantekt á körlum

Hér hafa verið teknir fyrir fjórir ólíkir vinnumenn sem létust á aldrinum 20 til 40 ára. Tveir þeirra voru óskilgetin börn vinnuhjúa og hinir tveir börn efnaðra bændahjóna. Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á ólíkum verðmætum þeirra í ríkisdöllum:

¹ Sjá viðauka, bls. 96-97.

Tafla 13. Samantekt á verðmætum yngri vinnumanna.

	Jón Davíðsson	Eyjólfur Pétursson	Ólafur Guðmundsson	Erlendur Jónsson
Bækur	0.64	0.40	3.60	0
Fatnaður	11.60	8.40	23.40	8.32
Búsgagn	0.88	6.30	9.03	7.96
Rúmföt	0	0	0	0
Verkfæri	1.68	0	3.84	0.40
Reiðtygi	0.64	7	14.84	4.32
Í fríðu	0	5.48	66.80	141
Peningar og annað	0	185.42	222.28	0
Heildarverðmæti	15.44	213	344	162
Skuldir	5.48	9.24	7.04	40

Heimild: Sjá viðauka, bls. 2-10.

Jón var talsvert fátækari en hinir þrír vinnumennirnir. Hann var óskilgetið barn vinnukonu og ólst upp sem tökubarn á mörgum býlum. Hann gekk í vist víða um Norðurland og settist aldrei lengi að á hverjum stað. Hann hefur því hvorki haft mikil tækifæri til að safna upp eigin búfænað né átt fjölskyldu til að styðjast við. Eyjólfur og Ólafur voru þeir efnamestu af þessum fjórum einstaklingum og voru báðir synir efnamikilla bænda. Þökk sé fjölskyldu þeirra fengu þeir þar að auki mikil verðmæti í föðurarf sem myndar meginþorra eignastöðu þeirra. Erlendur var óskilgetið barn vinnuhjúa líkt og Jón og ólst upp sem tökubarn. Hann hefur þó safnað upp talsverðum verðmætum þrátt fyrir uppruna sinn. Hann ferðaðist mun minna en Jón gerði og hélt sig alltaf innan sömu sýslu. Hann var sá eini af þessum fjórum einstaklingum sem hafði gengið í hjónaband og eignast barn.

Vinnukonur

Björg Björnsdóttir á Beingarði (1825–1855)

30 ára – Eignastaða: 384 ríkisdalir

Björg Björnsdóttir vinnukona á Beingarði í Rípursókn lést 29. júlí 1855, þrítug að aldri.¹ Foreldrar hennar voru vinnuhjúin Björn Jónsson (f. 1791) og Ingibjörg Kjartansdóttir (f. 1800-1838). Hún átti einnig tvo hálfbræður, Jón Brandsson (1823–1911) og Magnús (1834–1880). Björn og Ingibjörg voru ógift hjú sem unnu á sitt hvorum bænum.² Til að byrja með dvaldist hún á Ási hjá föður sínum þar sem bændahjónin höfðu tekið hana að

¹ ÞÍ. Kirknasafn. Ríp í Hegranesi BA/4. Prestsþjónustubók Rípur 1817-1867, bls. 251.

² ÞÍ. Kirknasafn. Glaumbær á Langholti BA/2. Prestsþjónustubók 1818-1848, bls. 28.

sér. Hún er stödd þar árið 1830, sögð 5 ára gömul. Í sóknarmannatali fyrir sama ár er Birni er lýst sem iðjusömum og ráðvöndum manni sem væri bæði vel lesinn og velsæmilegur í almennri kunnáttu. Ári síðar er Björgu komið fyrir í Keldudal í sömu sókn þar sem hún dvelur í nokkur ár.¹ Árið 1831 fluttist móðir hennar til Miklabæjarsóknar sem vinnukona á Minni-Ökrum.² Þann 23. nóvember 1832 giftist hún bóndanum Guðmundi Guðmundssyni (1796–1873) og þau settust að á Vöglum í Miklabæjarsókn. Þann 25. mars 1833 eignuðust þau soninn Magnús sem dó á fyrsta ári sökum landfarsóttar.³ Annar sonur fæddist 1. júlí 1834 sem þau gáfu sama nafn.⁴ Ári síðar flytur Björg frá Keldudal til móður sinnar á Vöglum, sögð 10 ára gömul, þar sem hún eyðir næstu árum.⁵ Ingibjörg lést 4. janúar 1838 úr nokkru sem prestur nefnir slímsótt.⁶ Í kjölfar þess flytur Björg að Undirtúni í Flugumýrarsókn.⁷ Árið 1840 fer hún svo til Rípursóknar sem vinnustúlka á Beingarði, 15 ára gömul.⁸ Ári síðar ferðast hún til Litlu-Sellu í Glaumbæjarsókn⁹ og árið 1845 til Stórugrafar í Reynistaðarsókn.¹⁰ Þar gerðist hún vinnukona hjá Stefáni Magnússyni (1810–1851) sem fyrrnefndur Erlendur Gísli Jónsson hafði einnig starfað. Líkt og áður var nefnt var Stefán efnaður bóndi og dánarbú hans var metið á 868 ríkisdali.¹¹ Í sóknarmannatölum fyrir árin 1842 og 1845 er henni lýst sem skikkanlegri konu með sæmilega lestrarhæfni og nokkurn veginn vel að sér í almennri kunnáttu.¹² Árið 1850 er hún skráð sem vinnukona á Syðribrekku í Hofsstaðasókn, sögð 25 ára gömul.¹³ Þar starfar hún fyrir bóndann Sigurð Jónsson (1828–1876) og fjölskyldu hans sem voru efnafólk. Þegar Sigurður féll frá árið 1876 var bú hans metið á 2905 ríkisdali.¹⁴ Ári síðar fer hún til Rípursóknar og gerist vinnukona á Ríp, sögð 26 ára gömul.

¹ ÞÍ. Kirknasafn. Ríp í Hegranesi BC/2. Sóknarmannatal 1828-1854, bls. 32-33 og 38.

² ÞÍ. Kirknasafn. Miklibær í Blönduhlíð BA/4. Prestsþjónustubók Miklabæjar 1817-1850, bls. 46.

³ Sama heimild, bls. 22 og 99.

⁴ ÞÍ. Kirknasafn. Miklibær í Blönduhlíð BA/4. Prestsþjónustubók 1817-1850, bls. 26 og 102.

⁵ ÞÍ. Kirknasafn. Miklibær í Blönduhlíð BC/1. Sóknarmannatal 1827-1847, bls. 36.

⁶ ÞÍ. Kirknasafn. Miklibær í Blönduhlíð BA/4. Prestsþjónustubók 1817-1850, bls. 48.

⁷ ÞÍ. Kirknasafn. Ríp í Hegranesi BA/4-1. Prestsþjónustubók 1817-1867, bls. 180.

⁸ Vef. Þjóðskjalasafn Íslands. manntal.is -> manntal 1840.

⁹ ÞÍ. Kirknasafn. Glaumbær á Langholti BC/2. Sóknarmannatal 1829-1846, bls. 176.

¹⁰ ÞÍ. Kirknasafn. Reynistaðarklaustur BC/3. Sóknarmannatal 1841-1864, bls. 68.

¹¹ ÞÍ. Sýsl. Skag. ED2/14. Dánarbú 1825-1854.

¹² ÞÍ. Kirknasafn. Glaumbær á Langholti BC/2. Sóknarmannatal 1829-1846, bls. 176 og BC/3. Sóknarmannatal 1841-1864, bls. 68.

¹³ Vef. Þjóðskjalasafn Íslands. manntal.is -> manntal 1850.

¹⁴ ÞÍ. Sýsl. Skag. ED1/4-2. Skiptabók 1867-1883, bls. 577.

Árið 1854 flytur hún svo yfir á Beingarð innan sömu sóknar¹ þar sem hún deyr ári síðar, 30 ára að aldri. Í dánarfærslu hennar er sagt að hún hafi látist sökum brjóstveiki og kvefsóttar.² Dánarbú hennar var skráð þann 29. október árið 1855³ og skipti voru framkvæmd 6. desember sama ár. Erfingjar voru hálfbræður hennar Jón og Magnús. Jón var þá sagður bóndi á Þorbrandsstöðum í Húnavatnssýslu og Magnús vinnumaður á Stigandi í Rípursókn.⁴

Dánarbú Bjargar var metið á 96 ríkisdali og 16 skildinga. Hún átti nokkuð gott safn af bókum og er skráð með sex: Vídalínspostillu, Mynstershugleiðingar, Nýja testamentið, Missiraskiptaoffur, Bænakver og fæðingahugvekjur og eitt Verselsafn. Öll voru þetta trúarrit og voru metin á 4 ríkisdali. Fatasafn hennar var einnig mjög gott og mörg fötin sögð nýleg. Hún átti meðal annars bláan kvenkjól að virði 4 ríkisdala og 48 skildinga, vaðmálsupplut með silfurmilnum að virði 2 ríkisdala og 84 skildinga og nýlegt vaðmálsþils að virði 3 ríkisdala. Föt hennar voru metin á 34 ríkisdali og 80 skildinga. Reiðtygi hennar voru einnig nýleg og í mjög góðu ástandi. Hún er skráð með söðuláklæði, koparstangabeisli, þófaól með ístöðum og koparhengjugjörð sem metin voru á 11 ríkisdali og 48 skildinga. Önnur markverð verðmæti í hennar eigu voru tvær málaðar kistur, metnar á 12 ríkisdali og 48 skildinga og ein boldáangsveruð sæng sem metin var á 8 ríkisdali. Hún átti hvorki skepnur né verkfæri.⁵ Í skiptabókarfærslu hennar er hún einnig skráð með önnur verðmæti að virði 286 ríkisdala og 46 skildinga. Innifalið í því voru 6 ríkisdalir og 86 skildingar fyrir fjórar kindur sem hún seldi á uppboði árið 1854, söðulverð að virði 22 ríkisdala og 60 skildinga sem útlagt var á sama ári, 7 ríkisdali í peningum sem hún lét sjálf eftir sig og 250 ríkisdali í útistandandi vöxtum eftir skuldabréfi hjá Jóni Ólafssyni á Utanverðunesi í Rípursókn annars vegar og Jóni Jónssyni á Stóruökrum í Miklabæjarsókn hins vegar. Að öllum líkindum var þetta fjölskylduarfur sem foreldrar hennar létu eftir sig. Heildarverðmæti hennar voru því metin á 383 ríkisdali og 76 skildinga. Að lokum skuldaði hún Ólafi Sigurðssyni bónda á Ási 1 ríkisdal og 16 skildinga.

¹ ÞÍ. Kirknasafn. Ríp í Hegranesi BC/2. Sóknarmannatal 1828-1854, bls. 65 og 74.

² ÞÍ. Kirknasafn. Ríp í Hegranesi BA/4. Prestsþjónustubók Rípur 1817-1867, bls. 251.

³ ÞÍ. Sýsl. Skag. ED2/15. Dánarbú 1845-1857.

⁴ ÞÍ. Sýsl. Skag. ED1/3-3. Skiptabók 1852-1857, bls. 113.

⁵ Sjá viðauka, bls. 93-95.

Björg var óskilgetið barn vinnuhjúa sem eyddi nokkrum árum sem tókubarn líkt og Jón Davíðsson og Erlendur Gísli Jónsson í fyrri kafla. Ólíkt þeim ólst hún upp hjá foreldrum sínum, fyrst á Ási þar sem faðir hennar var vinnumaður og síðar hjá móður sinni á Vöglum eftir að hún gekk í hjónaband og stofnaði eigið býli. Hún bjó því við ákveðið öryggi á æskuárum sínum og hefur ekki neyðst til að standa á eigin fótum á sama hátt og Jón og Erlendur þurftu að gera. Hún hóf vinnumennsku 15 ára að aldri og eyddi því rúmum 15 árum ævi sinnar sem vinnukona, allt innan sömu sýslu. Þar starfaði hún meðal annars hjá efnuðum bændum líkt og Stefáni Magnússyni og Sigurði Jónssyni. Tími hennar hjá þeim hefur að öllum líkindum stuðlað að góðri eignastöðu hennar. Einnig starfaði hún um nokkurra ára skeið á hverjum bæ sem hefur veitt henni tækifæri til að safna verðmætum. Þá er vert að benda á að móðir hennar féll frá árið 1838. Dánarbú hennar er ekki til staðar en Björg hefur þó að öllum líkindum fengið einhver verðmæti í móðurarf. Skipti eftir foreldra hennar eru ekki varðveitt en hin miklu verðmæti sem hún er skráð með í formi „útistandandi vaxta“ er að öllum líkindum slíkur arfur.

Lilja Rögnvaldsdóttir á Fjalli (1826–1859)

33 ára – Eignastaða: 31 ríkisdalir

Lilja Rögnvaldsdóttir vinnukona á Fjalli í Víðimýrarsókn lést 8. júlí 1859, 33 ára að aldri.¹ Foreldrar hennar voru Rögnvaldur Daníelsson (1786–1862) bóndi og Rósa Sveinsdóttir (f. 1791) kona hans. Hún átti alsystkinin Önnu Margréti (f. 1822) og Jónatan (f. 1829). Lilja hóf ævi sína með fjölskyldu sinni á Litlu-Brekku í Möðruvallaklaustursókn, Eyjafjarðarsýslu. Í sóknarmannatölum er foreldrum hennar lýst sem fróðum og vel lesnum. Lilja og systkini hennar eru sögð vera þæg og vel að sér í andlegri þekkingu.² Fjölskyldan var meðalefnuð og dánarbú Rögnvaldar var metið á 278 ríkisdali.³ Vorið 1843, 17 ára að aldri, fór Lilja í vinnumennsku til Þrastarhóls innan sömu sóknar í og ári síðar að Dagverðartungu í Bægisársókn. Í bæði skiptin var hún þar í vist í rúmt hálf ár og sneri aftur heim á foreldrabæ þegar vistinni var lokið.⁴ Árið 1847 flytur Lilja að heiman og fer til Tréstaða í Glæsibæjarsókn. Þar gerist hún vinnukona fyrir bóndann Grím

¹ ÞÍ. Kirknasafn. Glaumbær á Langholti BA/6. Prestsþjónustubók 1849-1885, bls. 245.

² ÞÍ. Kirknasafn. Möðruvallaklaustur í Hörgárdal BC/4. Sóknarmannatal 1834-1847, bls. 90-91.

³ ÞÍ. Sýsl. Eyj. ED2/9. Dánarbú 1848-1864.

⁴ ÞÍ. Kirknasafn. Möðruvallaklaustur í Hörgárdal BC/4. Sóknarmannatal 1834-1847, bls. 117 og 148.

Jónsson (1806–1859), sögð 20 ára gömul.¹ Anna Margrét og Jónatan urðu eftir og eru enn skráð með foreldrum sínum á Litlu-Brekku árið 1858.² Grímur var stórefnaður maður og dánarbú hans árið 1859 var metið á 3687 ríkisdali.³ Í manntalinu 1845 er Grímur einnig skráður þar sem Norðurlandspóstur og tekið er fram að hann lifi á grasnyt.⁴ Árið 1848 fer Lilja með Grími og fjölskyldu hans til Skagafjarðar þar sem þau setjast að á Fjalli í Víðimýrarsókn. Það var tiltölulega lítið býli þar sem Grímur bjó með konu sinni og tveimur börnum.⁵ Um svipað leyti kynnist Lilja bóndanum Ólafi Gunnarssyni (1818–1897), sem var kvæntur bóndi á Brekku í sömu sókn.⁶ Þau eignast dótturina Rósu í lausaleik 18. apríl 1851.⁷ Lilja tekur Rósu með sér á Fjall þar sem hún elst upp næstu árin. Árið 1854 flytja mæðgurnar yfir á Ípishól innan sömu sóknar þar sem Lilja gerist vinnukona fyrir Þorstein Tómasson (1797–1862).⁸ Þorsteinn var afar fátækur bóndi og dánarbú hans var einungis metið á 57 ríkisdali.⁹ Árið 1857 snúa mæðgurnar aftur til Gríms Jónssonar á Fjalli þar sem Lilja starfaði þar til hún andaðist sumarið 1859.¹⁰ Dánarbú hennar var skráð þann 15. október sama ár¹¹ og skipti voru framkvæmd 21. desember 1860. Rósa var eini erfinginn og faðir hennar mætir við uppskrift dánarbúsins.¹² Ólafur tekur svo dóttur sína með sér til Brekku þar sem hún elst upp með hálf systkinum sínum.¹³

Dánarbú Lilju var metið á 30 ríkisdali og 68 skildinga. Bú hennar er því nokkuð fátæklegt og fábreytt en megnið af því samanstendur af fatnaði sem er misvel farinn og var metinn á 13 ríkisdali og 24 skildinga. Hún átti eintak af Passíusálmum, metið á 24 skildinga, sem var hennar eina bók. Einu reiðtygin voru söðulgarmur metinn á 1 ríkisdal. Að auki átti hún eina ær með lambi, einn sauð og tvær gimbur, metnar á 14 ríkisdali og 32 skildinga. Að lokum er hún skráð með skuldir til tveggja aðila: Lilju Kristínu

¹ ÞÍ. Kirknasafn. Glæsibær í Eyjafirði BC/5. Sóknarmannatal 1844-1852, bls. 102.

² ÞÍ. Kirknasafn. Möðruvallaklaustur í Hörgárdal BC/5. Sóknarmannatal 1848-1858, bls. 366.

³ ÞÍ. Sýsl. Skag. B/8. Innkomin bréf 1857-1859.

⁴ Vef. Þjóðskjalasafn Íslands. manntal.is -> manntal 1845.

⁵ ÞÍ. Kirknasafn. Glaumbær á Langholti BA/5. Prestsþjónustubók 1837-1874, bls. 117.

⁶ ÞÍ. Kirknasafn. Glaumbær á Langholti BC/3. Sóknarmannatal 1851-1858, bls. 14.

⁷ ÞÍ. Kirknasafn. Glaumbær á Langholti BA/5. Prestsþjónustubók Víðimýrar 1837-1874, bls. 17.

⁸ ÞÍ. Kirknasafn. Glaumbær á Langholti BC/3. Sóknarmannatal 1851-1858, bls. 51.

⁹ ÞÍ. Sýsl. Skag. ED2/18. Dánarbú 1862-1864.

¹⁰ ÞÍ. Kirknasafn. Glaumbær á Langholti BC/3. Sóknarmannatal 1851-1858, bls. 88.

¹¹ ÞÍ. Sýsl. Skag. ED2/17. Dánarbú 1860-1861.

¹² ÞÍ. Sýsl. Skag. ED1/3-4. Skiptabók 1857-1860, bls. 181.

¹³ Vef. Þjóðskjalasafn Íslands. manntal.is -> manntal 1870.

Jónsdóttur, bóndakonu á Grófargili í Glaumbæjarsókn og Guðvarðar Hallssonar, bónda á Hrólfsstöðum í Miklabæjarsókn, sem námu 64 skildingum.¹

Hægt er að sjá margt sambærilegt með Lilju og Björgu Björnsdóttur. Báðar ólust upp á býlum foreldra sinna og störfuðu hjá efnuðum bændum. Ólíkt Björgu Björnsdóttur var Lilja þó barn kvæntra bændahjóna og bjó í foreldrahúsum fram að tvítugsaldri. Hún hóf vinnumennsku nokkrum sinnum á unglingsárum sínum en sneri alltaf aftur heim í Litlu-Gröf. Eftir að hún flytur að heiman eyðir hún meirihluta starfsferils síns sem vinnukona Gríms Jónssonar að undanskildum tveimur árum sem hún starfaði hjá Þorsteini Tómassyni á næsta bæ. Tími hennar hjá Grími endurspeglast þó ekki í eignastöðu hennar og var hún nokkuð fátæk við andlát sitt. Þessi takmarkaða hreyfing í starfsferli hennar hefur þó veitt henni tækifæri á að koma sér upp bústofni, ólíkt Björgu sem gekk í vist á fleiri býlum og átti engar skepnur.

Svanborg Oddsdóttir á Bjarnastaðahlíð (1819–1852)

33 ára – Eignastaða: 64 ríkisdalir

Svanborg Oddsdóttir vinnukona á Bjarnastaðahlíð í Goðdalasókn lést árið 1852, 32 ára gömul. Foreldrar hennar voru Oddur Jónsson (1774–1828) húsmaður og Ingibjörg Brynjólfsdóttir (1788–1845) kona hans. Hún átti fjögur alsystkini, þau Eirík (1811–1869), Geirlaugu (1818–1892), Brynjólf (1822–1878) og Odd (f. 1828). Svanborg hóf ævi sína í Bjarnastaðarhlíð.² Faðir hennar var skráður sem húsmaður þar ásamt konu sinni og elsta syni þeirra.³ Árið 1823 flyst fjölskyldan á Þorsteinsstaði í Mælifellssókn þar sem Oddur stofnar eigið býli.⁴ Svanborg er ennþá skráð þar með fjölskyldu sinni árið 1827, sögð 7 ára gömul.⁵ Þann 6. maí 1828 andast faðir hennar 54 ára gamall. Dánarfærsla hans segir að hann hafi dáið „af meinlætum sem sprungu af byltu“.⁶ Dánarbú hans var skráð 18. júní sama ár og á 389 ríkisdali.⁷ Það er því ljóst að foreldrar Svanborgar voru nokkuð vel stæð. Skipti á búi Odds voru framkvæmd 7. júlí og Svanborg fékk 20 ríkisdali og 42 skilinga

¹ Sjá viðauka, bls. 109-110.

² ÞÍ. Kirknasafn. Goðdalir í Dölum BA/2. Prestsþjónustubók 1816-1851, bls. 15.

³ Vef. Þjóðskjalasafn Íslands. manntal.is -> manntal 1816.

⁴ ÞÍ. Kirknasafn. Goðdalir í Dölum BA/2. Prestsþjónustubók 1816-1851, bls. 137.

⁵ ÞÍ. Kirknasafn. Mælifell í Tungusveit BC/1. Sóknarmannatal 1827-1841, bls. 7.

⁶ ÞÍ. Kirknasafn. Mælifell í Tungusveit BA/4. Prestsþjónustubók 1816-1862, bls. 113.

⁷ ÞÍ. Sýsl. Skag. ED2/4. Dánarbú 1825-1833.

í föðurarf.¹ Árið 1832 hefur fjölskyldan flust yfir í Litladal í sömu sókn þar sem móðir hennar er skráð sem ekkja og búandi.² Árið 1835 fer Svanborg til Húnavatnssýslu og gerist léttastúlka í Lýtingsstaðakoti neðra í Bergsstaðasókn hjá bóndanum Jónasi Illugasyni (1789–1856), sögð 16 ára gömul.³ Jónas var nokkuð efnaður bóndi og dánarbú hans var metið á 392 ríkisdali.⁴ Árið 1840 er hún komin á Hól í sömu sókn sem vinnukona hjá Guðmundi Jónssyni (1808–1885). Árið 1845 er hún svo skráð sem vinnukona á Brún, aftur innan sömu sóknar, hjá bóndanum Jóni Sigurðssyni (1806–1859) og sögð 26 ára gömul.⁵ Líkt og Jónas Illugason var Jón efnamaður og dánarbú hans var metið á 525 ríkisdali.⁶ Árið 1849 kemur hún að Kúfustöðum í sömu sókn þar sem hún kynnist vinnumanninum Stefáni Ásmundssyni (1826–1908). Þann 31. maí 1850 giftast þau⁷ og flytja sama ár saman á Stafn í sömu sókn og gerast vinnuhjú fyrir Jóhannes Þorláksson (1799–1853). Jóhannes var meðalefnaður bóndi með dánarbú að virði 271 ríkisdala.⁸ Svanborg er þar sögð vera 31 árs gömul.⁹ Árið 1852 snýr hún aftur á æskujörð sína í Bjarnastaðarhlíð með Stefáni.¹⁰ Þar hafði systir hennar Geirlaug stofnað býli með eiginmanni sínum.¹¹ Svanborg andast þar á bæ þetta sama ár. Dánarbú hennar var skráð þann 9. október 1852¹² og skiptin voru framkvæmd 27. desember 1854. Stefán eiginmaður hennar var erfingi búsins.¹³

Dánarbú hennar var metið á 63 ríkisdali og 96 skilinga. Hún átti þó nokkrar bækur: Vídalínspostillu, Miðvikudagapredikanir, Fæðingarhugvekjur, Sturmshugvekjusálma, Nýja testamentið, Krossskólasálma, Fingrarímur og Jómsvíkingarímur. Þetta er afar fjölbreytt safn og einkum athyglisvert að hér eru skráð bæði trúarit og rímnabækur. Bækur hennar voru metnar á 2 ríkisdali og 92 skilinga.

¹ ÞÍ. Sýsl. Skag. ED1/2-3. Skiptabók 1826-1830, bls. 86.

² ÞÍ. Kirknasafn. Mælifell í Tungusveit BC/1. Sóknarmannatal 1827-1841, bls. 41.

³ Vef. Þjóðskjalasafn Íslands. manntal.is -> manntal 1835

⁴ ÞÍ. Sýsl. Skag. ED1/3-4. Skiptabók 1857-1860, bls. 107.

⁵ Vef. Þjóðskjalasafn Íslands. manntal.is -> manntal 1840 og 1845.

⁶ ÞÍ. Sýsl. Hún. ED2/25. Dánarbú 1856-1864.

⁷ ÞÍ. Kirknasafn. Bergsstaðir í Svartárdal BA/2. Prestsþjónustubók 1816-1871, bls. 85.

⁸ ÞÍ. Sýsl. Skag. EC1/2. Uppboðsbók 1849-1857.

⁹ Vef. Þjóðskjalasafn Íslands. manntal.is -> manntal 1850.

¹⁰ ÞÍ. Kirknasafn. Bergsstaðir í Svartárdal BA/2. Prestsþjónustubók 1816-1871, bls. 145.

¹¹ ÞÍ. Kirknasafn. Goðdalir í Dölum BC/2. Sóknarmannatal 1850-1885, bls. 27.

¹² ÞÍ. Sýsl. Skag. ED2/15. Dánarbú 1845-1857.

¹³ ÞÍ. Sýsl. Skag. ED1/3-3. Skiptabók 1852-1857, bls. 85.

Fatasafn hennar var einstaklega lítið og nokkuð lélegt. Hún er einungis skráð með einn gamlan vaðmálskjól, svuntu, bætt pils, treyju og skyrtugarm. Öll föt hennar eru sögð gömul eða í görmum og voru metin á 1 ríkisdal og 64 skildinga. Að auki átti hún nokkrar kistur og tunnur, fjögur reipi, trog og pott, pokagarma og einn rokk. Mestu verðmæti hennar voru í formi skepna. Hún er skráð með fimm ær auk fóðurs, tvö lömb, tvö folöld og þrjár hryssur sem metin voru á 55 ríkisdali og 64 skildinga. Hún átti þó engin reiðtygi þrátt fyrir að eiga þrjá hesta. Að lokum er hún skráð með skuldir hjá sjö einstaklingum sem námu 37 ríkisdölum. Innifalið í því voru skuldir hennar við Ólaf Guðmundsson hreppstjóra í Litluhlíð í Goðdalasókn, Jón Ólafsson bónda í Kálfarsdal í Bólstaðarhlíðarsókn, Bjarna Guðmundsson í Skyttudal í Bólstaðarhlíðarsókn, Guðmund Gíslason bónda á Bollastöðum í Blöndudalshólasókn, Árna Jónsson bónda á Skottastöðum í Bergsstaðasókn og Jóhannes Jónsson bónda á Krossanesi, auk kaupstaðarskuldar.¹

Svanborg var dóttir húsfólks en foreldrar hennar stofnuðu eigið býli nokkrum árum eftir fæðingu hennar. Hún ólst því upp í foreldrahúsum líkt og Björg Björnsdóttir og Lilja Rögnvaldsdóttir. Ef lítið er á dánarbú föður hennar má sjá að fjölskylda hennar var efnafólk og sjálf fékk hún einhver verðmæti í föðurarf. Hún hóf fyrst vinnumennsku 16 ára að aldri og á næstu fimmtán árum vann hún á ýmsum bæjum innan Bergsstaðasóknar. Það er ekki fyrr en hún kynnist manni sínum sem hún fer úr sókninni. Flestir húsbændur hennar voru meðalefnaðir menn en enginn þeirra var stórefnaður líkt og í tilfalli Bjargar, sem var talsvert efnaðri en bæði Lilja og Svanborg. Hér má aftur sjá ummerki um fylgni á milli líttillar hreyfingar og fjölda búfjár. Líkt og Lilja Rögnvaldsdóttir átti Svanborg afar lítil verðmæti en mikið af sauðfé. Einnig er hún skráð með þrjá hesta sem er athyglisvert og ólíkt öllum öðrum vinnuhjúum í þessari rannsókn. Hér má einnig sjá margt sameiginlegt með eignastöðu Erlends Gísla Jónssonar. Bæði höfðu þau gengið í hjónaband stuttu fyrir andlát sitt og voru því komin vel á veg með að stofna eigið býli. Líkt og Erlendur var hún stórskuldug. Ef þessir tveir einstaklingar sáu fyrir sér að stofna býli í náninni framtíð gætu þau hafa tekið á sig þessar skuldir til undirbúnings fyrir það verk, með það að markmiði að greiða þær þegar þau höfðu komið undir sig fótum.

¹ Sjá viðauka, bls. 123-124.

Guðrún Jónsdóttir á Lambanesreykjum (1830–1858)

28 ára – Eignastaða: 26 ríkisdalir

Guðrún Jónsdóttir vinnukona á Lambanesreykjum á Holti í Fljótum lést 20. apríl árið 1858, 25 ára að aldri. Foreldrar hennar voru Jón Guðmundsson (1789–1855) bóndi og Guðrún Friðleifsdóttir (1794–1869) kona hans. Einnig átti hún tvö alsystkini: Sigríði (1829–1862) og Jóhann (f. 1833). Guðrún hóf ævi sína með fjölskyldu sinni á Bakka í Kvíabekkjásókn í Eyjafjarðarsýslu. Foreldrar hennar bjuggu þar með móður Jóns, systur hans og eiginmanni hennar og dóttur. Engin vinnuhjú eru skráð þar á bæ.¹ Dánarbú föður hennar árið 1856 var metið á einungis 101 ríkisdal.² Því er ljóst að fjölskylda hennar var ekki efnuð. Í sóknarmannatölum fyrir árin 1832 og 1834 er faðir hennar sagður vel læs og sæmilega vel að sér í andlegri þekkingu. Móðir hennar er aftur á móti sögð vera mjög fávís.³ Í sóknarmannatali fyrir árið 1843 er Guðrún, þá sögð 12 ára gömul, sögð vera vel læs, sæmileg í kunnáttu sinni en viljalítill í hegðun og þá einkum með lestur.⁴ Hún flytur að heiman árið 1845 og gerist léttastúlka á Kálfsá innan sömu sóknar, sögð 15 ára gömul.⁵ Stuttu síðar gerist hún vinnukona á Hróthóli í sömu sókn og árið 1846 fer hún að Hóli í Hvanneyrarsókn.⁶ Árið 1847 fer hún svo til Sigluness í Hvanneyrarsókn og gerist vinnukona Þorleifs Þorleifssonar (1807–1863).⁷ Þorleifur var bóndi og hákarlaformaður. Hann var einnig stórefnaður sem sést á því að dánarbú hans árið 1863 nam 1613 ríkisdöllum.⁸ Siglunes var stórt sjávarbýli þar sem Þorleifur bjó með konu sinni og þremur börnum þeirra. Einnig voru þar á bæ tíu önnur vinnuhjú, einn niðursetningur og bróðir húsfreyju. Guðrún er enn skráð þar í manntalinu 1850, sögð 19 ára.⁹ Árið 1856 fer hún til Knappsstaðasóknar¹⁰ og gerist vinnukona hjá Ásgrími Steinssyni (1826–1873) á Gautastöðum. Það var nokkuð stórt býli en þar bjó Ásgrímur ásamt konu sinni, fimm börnum

¹ ÞÍ. Kirknasafn. Kvíabekkur BC/4. Sóknarmannatal 1835-1844, bls. 16.

² ÞÍ. Sýsl. Skag. ED2/15. Dánarbú 1845-1857.

³ ÞÍ. Kirknasafn. Kvíabekkur BC/3. Sóknarmannatal 1826-1834, bls. 74 og 143.

⁴ Sama heimild, bls. 88.

⁵ ÞÍ. Kirknasafn. Kvíabekkur BC/5. Sóknarmannatal 1845-1862, bls. 6.

⁶ ÞÍ. Kirknasafn. Hvanneyri í Siglufirði BA/2. Prestsþjónustubók 1816-1861, bls. 124.

⁷ ÞÍ. Kirknasafn. Kvíabekkur BA/2. Prestsþjónustubók 1817-1864, bls. 170.

⁸ ÞÍ. Sýsl. Eyj. ED2/9. Dánarbú 1848-1864.

⁹ Vef. Þjóðskjalasafn Íslands. manntal.is -> manntal 1850.

¹⁰ ÞÍ. Kirknasafn. Knappsstaðir í Stíflu BA/2. Prestsþjónustubók 1817-1871, bls. 104.

og þremur öðrum vinnuhjúum.¹ Líkt og Þorleifur Þorleifsson var Ásgrímur stórefnaður bóndi og dánarbú hans var metið á 1086 ríkisdali.² Árið 1857 flytur hún að Lambanesreykjum á Holti í Fljótum, sögð 26 ára gömul.³ Þar gerist hún vinnukona Jóhanns Bjarnasonar (1834–1879). Jóhann bjó þar með tveimur börnum sínum og einum vinnumanni.⁴ Guðrún drukknaði í Miklavatni 20. apríl 1858.⁵ Dánarbú hennar var skráð 1. maí 1858⁶ sama ár og skipti voru framkvæmd 25 maí 1859. Erfingjar voru Guðrún móðir hennar og Jóhann bróðir hennar. Guðrún var þá sögð ekkja á Birnunesi í Stærri-Árskógssókn og Jóhann vinnumaður á Deplum í Knappstaðasókn.⁷

Dánarbú hennar var metið á 25 ríkisdali og 53 skildinga. Hún átti engar bækur og megnið af búi hennar samanstóð af fatnaði. Föt hennar voru í tiltölulega góðu standi og engin þeirra voru sögð léleg. Einnig átti hún einn bláan kvenkjól sem var metinn á 5 ríkisdali. Föt hennar voru metin á 10 ríkisdali og 58 skildinga. Að auki átti hún kistu að virði 2 ríkisdala, einn broddstaf að virði 16 skildinga og fína dúnsæng sem metin var á 5 ríkisdali. Einnig átti hún 6 ríkisdali í lausum peningum. Hvorki reiðtygi né skepnur voru skráð í búi hennar. Að lokum skuldaði hún Katrínu Jónsdóttur bóndakonu á Barði 20 skildinga.⁸

Líkt og Lilja Rögnvaldsdóttir var Guðrún barn giftra bændahjóna. Foreldrar hennar voru þó afar fátækir og sagðir illa menntaðir. Hún eyðir þrettán árum í vinnumennsku og starfar um nokkurra ára skeið á nokkrum bæjum. Hún var vinnukona hjá Þorleifi Þorleifssyni í um níu ár sem var stórefnaður bóndi og hákarlaformaður. Hún var eignalítill þegar hún lést en það birtist þó fyrst og fremst í því að hún átti hvorki skepnur né reiðtygi. Fatasafn hennar var mjög lítið en flest þeirra voru þó í góðu standi. Hún átti einnig nokkur vel metin verðmæti líkt og fína dúnsæng sem gefur til kynna að hún hafi verið ágætlega stæð.

¹ ÞÍ. Kirknasafn. Knappsstaðir í Stíflu BC/1. Sóknarmannatal 1829-1881, bls. 126.

² ÞÍ. Sýsl. Skag. ED1/4-2. Skiptabók 1867-1883.

³ ÞÍ. Kirknasafn. Barð í Fljótum BA/4. Prestsþjónustubók 1831-1867, bls. 272.

⁴ ÞÍ. Kirknasafn. Barð í Fljótum BC/7. Sóknarmannatal 1854-1860, bls. 119.

⁵ ÞÍ. Kirknasafn. Barð í Fljótum BA/4. Prestsþjónustubók 1831-1867, bls. 495.

⁶ ÞÍ. Sýsl. Skag. ED2/16. Dánarbú 1847-1859.

⁷ ÞÍ. Sýsl. Skag. ED1/3-4. Skiptabók 1857-1860.

⁸ Sjá viðauka, bls. 102.

Samantekt

Hér hafa verið teknar fyrir fjórar ólíkar vinnukonur til samanburðar við þá vinnumenn sem gerð var grein fyrir fyrr í kaflanum. Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á eignum þeirra:

Tafla 14. Samantekt á verðmætum yngri vinnukvenna.

	Björg Björnsdóttir	Lilja Rögnvaldsdóttir	Svanborg Oddsdóttir	Guðrún Jónsdóttir
Bækur	4	0.24	2.92	0
Fatnaður	34.80	13.24	1.64	10.58
Búsgagn	47.02	1.24	3.76	9.79
Rúmföt	0	0	0	5
Verkfæri	0	0	0	0.16
Reiðtygi	11.48	1	0	0
Í fríðu	0	14.32	55.64	0
Peningar og annað	286.46	0.64	0	6
Heildarverðmæti	383.76	30.68	63.96	25.53
Skuldir	1.16	0.64	27	0.20

Heimild: Sjá viðauka, bls. 11-18.

Björg átti verðmætasta dánarbúið að nær öllu leyti. Hún átti gott safn af bókum og gott fata- og búsgagnasafn. Björg og Lilja voru þær einu sem átti reiðtygi, en Lilja átti einungis einn söðulgarm og Björg átti enga hesta. Aðeins Lilja og Svanborg áttu skepnur af einhverju tagi. Líkt og áður nefndir vinnumenn í fyrri kafla áttu flestar þeirra þó engin sængurföt. Guðrún átti fína dúnsæng, sem verður að teljast merkilegt miðað við að eignastaða hennar var að öðru leyti léleg. Að auki var mikið af fatnaði hennar í góðu standi sem gefur til kynna að hún hafi verið þökkalega stæð. Allar þessar konur ólust upp í foreldrahúsum og bjuggu því við einhvers konar félagsnet og þurftu því síður að standa á eigin fótum í æsku. Hins vegar voru foreldrar þeirra mjög misefnaðir. Björg hóf ævi sína sem tókubarn en fékk tækifæri til að alast upp hjá móður sinni eftir að sú síðarnefnda gekk í hjónaband og stofnaði eigið býli. Sama á við um Svanborgu, en foreldrar hennar voru húsfólk sem stofnuðu eigið býli síðar meir og urðu meðalefnuð ef marka má dánarbú þeirra. Lilja og Guðrún voru báðar börn giftra bændahjóna en foreldrar þeirra voru ekki mjög efnuð. Foreldrar Guðrúnar voru mjög fátæk sem hefur án efa átt sinn þátt í lélegri eignastöðu hennar. Allar störfuðu við vinnumennsku í meira en áratug. Björg starfaði hjá nokkrum stórefnuðum bændum og gæti það hafa verið mikilvægur þáttur í góðri eignastöðu hennar. Að sama skapi mætti þó einnig líta á það sem ummerki um að hún hafi

verið ólíklegri til að safna meiri verðmætum þar sem þessir efnuðu bændur sáu henni fyrir öllum nauðsynjavörum. Það sama á við um Guðrúnu sem starfaði um margra ára skeið hjá stórefnuðum bónda. Eignastaða hennar var fátækleg en eignir hennar voru þó flestar í góðu ástandi og hún átti þar að auki nokkur finni verðmæti.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á verðmætum þeirra átta einstaklinga sem hafa verið til umræðu hér:

Tafla 15. Samanburður á verðmætum yngri vinnuhjúa í ríkisdöllum.

	Jón D.	Eyjólfur P.	Ólafur G.	Erlendur J.	Björg B.	Lilja R.	Svanborg O.	Guðrún J.
Bækur	0.64	0.40	3.60	0	4	0.24	2.92	0
Fatnaður	11.60	8.40	23.40	8.32	34.80	13.24	1.64	10.58
Búsgagn	0.88	6.30	9.03	7.96	47.02	1.24	3.76	9.79
Rúmföt	0	0	0	0	0	0	0	5
Verkfæri	1.68	0	3.84	0.40	0	0	0	0.16
Reiðtygi	0.64	7	14.84	4.32	11.48	1	0	0
Í fríðu	0	5.48	66.80	141	0	14.32	55.64	0
Peningar & annað	0	185.42	222.28	0	286.46	0.64	0	6
Heildarverðmæti	15.44	213	344	162	383.76	30.68	63.96	25.53
Skuldir	5.48	9.24	7.04	40	1.16	0.64	27	0.20

Heimild: Sjá viðauka, bls. 2-18.

Ljóst er að eignastaða var mjög fjölbreytileg hjá báðum kynjum. Þó má sjá einn athyglisverðan kynjamun ef litið er á verkfæraeign þeirra, en ólíkt vinnumönnunum áttu vinnukonurnar nær engin verkfæri og smíðatól, sem er að mörgu leyti í samræmi við það að slík vinna var á þeim tíma talin vera karlmannsverk. Þess í stað áttu konurnar sauma- og þrjónaáhöld, líkt og rokk og nálhús. Einnig má sjá marga sameiginlega þætti milli kynjanna. Þrír efnuðustu einstaklingarnir Eyjólfur, Ólafur og Björg, voru öll börn stór- eða meðalefnaðra foreldra og ólust upp á býlum þeirra. Ólafur og Björg störfuðu þar að auki hjá stórefnuðum bændum sem endurspeglast í því að þau áttu ýmis sjaldgæfari verðmæti. Tveir fátækustu einstaklingarnir, Jón og Guðrún, voru bæði börn fátækra foreldra. Uppruni spilar hér því lykilhlutverk og ljóst að tækifæri þessara einstaklinga mótuðust af uppeldisaðstæðum. Að auki fengu margir þessara einstaklinga verðmæti í arf frá foreldrum sínum. Þeir sem voru óskilgetin tökubörn, líkt og Jón og Erlendur sem ólust ekki upp með neinni fjölskyldu, neyddust til að standa á eigin fótum. Erlendur og Svanborg voru þau einu sem höfðu gengið í hjónaband. Bæði brúðkaupin áttu sér stað

stuttu fyrir andlát þeirra og athyglisvert er að þessir tveir einstaklingar skulduðu mest ásamt því að eiga mikið af búfénaði. Líklegt er að bæði hjónin hafi stefnt að því að stofna eigið bú í náinni framtíð. Skuldirnar endurspegla því líklega undirbúning að því takmarki.

Þessi hópur vinnuhjúa gefur okkur áhugaverða innsýn í starfsferil yngra vinnufólks. Kynjamunur var ekki afgerandi og bæði vinnumennirnir og vinnukonurnar voru misjafnlega vel að sér miðað við uppruna og starfsferil. Flest þeirra enduðu ævi sína ógift, að undanskildum Erlendi og Svanborgu, og einungis tvö þeirra höfðu eignast börn, eitt skilgetið og annað í lausaleik. En þó að mörg þeirra hafi verið barnlaus hefði þeim eflaust gefist tími til að stofna fjölskyldu ef þau hefðu ekki látist svona ung. Lykilþátturinn hér er að allir þessir einstaklingar náðu ekki að nýta sér þá möguleika og tækifæri í lífinu sem buðust. Burtséð frá verðmæti dánarbúa þeirra er vert að hafa í huga að þessir einstaklingar höfðu rétt svo hafið starfsferil sinn. Ef örlög þeirra hefðu verið önnur hefðu sum þeirra eflaust getað gengið í hjónaband og stofnað býli. Dæmi Erlendar og Svanborgar sýnir hversu hratt hlutir gátu breyst hjá vinnuhjúum, en bæði tvö höfðu starfað við vinnumennsku í fjölda ára áður en þau gengu í hjónaband. Einnig má sjá að mörg þeirra voru komin vel á veg með að safna skepnum, líklega með það að markmiði að stofna eigið býli einhvern daginn.

3.3. Eldri vinnuhjú

Í þessum kafla verður tekinn fyrir annar hópur af átta vinnuhjúum, í þetta sinn á aldursbilinu 41 árs til 80 ára. Fyrst verða teknir fyrir fjórir vinnumenn af ólíkum uppruna og efnahagsstöðu. Líkt og í fyrri kafla verða dánarbú þeirra skoðuð og gerð grein fyrir ævi- og starfsferli þeirra. Þar á eftir verða teknar fyrir fjórar vinnukonur með sambærilegum hætti. Í lokin verða hóparnir tveir bornir saman til að greina hvort finna megi markverðan kynjamun og einnig hvort hægt sé að greina ólíka þætti frá vinnufólki síðasta kafla miðað við ólíkan aldur þeirra.

Vinnumenn

Oddur Oddsson á Flugumýri (1794–1843)

49 ára – Eignastaða: 280 ríkisdalir

Oddur Oddsson var vinnumaður á bænum Flugumýri í Flugumýrasókn og var 49 ára gamall þegar hann lést.¹ Foreldrar hans voru vinnuhjúin Oddur Jónsson (1765–1809) og Sigríður Halldórsdóttir (f. 1755). Þau voru gift og áttu tvö önnur börn að auki: Sigríði (1796–1853) og Björgu (1801–1894). Systkinin virðast öll hafa byrjað ævina saman á Völlum í Vallnasókn í Eyjafjarðarsýslu en foreldrar þeirra eru skráð þar sem vinnuhjú árið 1801 hjá séra Þórði Jónssyni (1739–1814) ásamt tveimur öðrum vinnuhjúum. Oddur og Sigríður eru þar skráð sem börn þeirra.² Árið 1812 er Oddur skráður sem vinnumaður á Grund í Tjarnarsókn í Eyjafjarðarsýslu, 18 ára að aldri. Þar bjó Þorlákur Jónsson (f. 1754–1842) með bústýru. Oddur var þar eitt af fimm vinnuhjúum.³ Í sömu heimild er Oddur sagður vera vel læs og þægur en einungis sæmilegur í kunnáttu sinni.⁴ Í manntalinu árið 1816 er Sigríður systir hans skráð sem vinnukona á Hofi og Björg sem niðurseta á Þorsteinsstöðum.⁵ Árið 1818 er hann einnig sagður dyggur og vinnusamur.⁶ Árið 1821 er Oddur 27 ára gamall og enn skráður sem vinnumaður á Grund.⁷ Ári síðar flyst hann yfir

¹ ÞÍ. Sýsl. Skag. ED1/2-6. Skiptabók 1840-1844, bls. 176.

² *Manntal á Íslandi 1801*, bls. 200.

³ ÞÍ. Kirknasafn. Tjörn í Svarfaðardal BC/2. Sóknarmannatal 1807-1813, bls. 65.

⁴ ÞÍ. Kirknasafn. Tjörn í Svarfaðardal BC/2-1. Sóknarmannatal 1807-1813, bls. 65 og 86.

⁵ *Vef. Þjóðskjalasafn Íslands. manntal.is -> manntal 1816.*

⁶ ÞÍ. Kirknasafn. Tjörn í Svarfaðardal BC/3-1. Sóknarmannatal 1818-1827, bls. 10.

⁷ ÞÍ. Kirknasafn. Tjörn í Svarfaðardal BC/3. Sóknarmannatal 1818-1827, bls. 57.

á Fjall í Hólasókn í Skagafjarðarsýslu.¹ Árið 1824 snýr hann aftur til Eyjafjarðar og flytur til Dalabæjar í Hvanneyrarsókn, enn sem vinnumaður.² Árið 1827 flyst hann á Höfn og ári síðar er hann staddur á verslunarstað Siglufjarðar, bæði innan sömu sóknar. Á verslunarstaðnum starfaði hann undir verslunarstjórunum Hermanni Christian Schou og síðar Evald Möller (1812-1864). Árið 1833 snýr hann aftur í vinnumennsku á Dalabæ, 38 ára að aldri.³ Í sömu heimild er honum lýst sem nokkuð daufum og með litla almenna kunnáttu.⁴ Þaðan flytur hann til Skarðadalskots innan sömu sóknar árið 1835⁵ og svo til Hofsóss í árið 1838.⁶ Í manntalinu 1840 er hann skráður sem vinnumaður á Marbæli í Miklabæjarsókn.⁷ Á óþekktum tímamarki flytur hann að Flugumýri þar sem hann andast sumarið 1843, 49 ára að aldri. Dánarbú hans var skráð 4. október sama ár⁸ og skiptin voru framkvæmd tveimur dögum síðar. Oddur var ókvæntur og átti engin börn. Systur hans tvær eru skráðar sem erfingjar hans. Sigríður var vinnukona í Dæli í Glaumbæjarsókn í Skagafjarðarsýslu en Björg var gift húsfreyja í Árgerði í Upsasókn í Eyjafjarðarsýslu.⁹

Dánarbú hans var metið á 279 ríkisdali og 88 skildinga. Hér má sjá dánarbú sem er bæði eignamikið og fjölbreytt. Fatnaður hans virðist hafa verið í tiltölulega góðu standi þar sem sjaldan er tekið fram að hann sé gamall eða lakur og var metinn á 15 ríkisdali og 66 skildinga. Hann átti tvær bækur: eina Messusöngsbók sem metin var á 80 skildinga og gott eintak af Vídalínspostillu með gylltu bandi sem metin var á 3 ríkisdali. Einnig átti hann góða sæng og kotta, bæði með nýlegu veri, sem metin voru á 7 ríkisdali. Hann átti þrjár byssur sem metnar voru á 11 ríkisdali og tvær silfurskeiðar að virði 6 ríkisdala. Mörg verkfæri er einnig að finna í búinu líkt og skarexi, klaufhamar, skegghníf, grasljá og broddstaf og voru þau metin á 2 ríkisdali og 24 skildinga. Hann átti heilt sett af reiðtygjum með nokkrum eintökum af áhöldum eins og hnökkum, ístöðum, yfirgjörðum, sessum og beislum sem metin voru á 6 ríkisdali og 28 skildinga. Mestu verðmæti hans voru þó í formi skepna. Oddur átti 27 sauðfjárgripi, þar á meðal tíu ær, fjóra sauði, fjórar kindur og

¹ ÞÍ. Kirknasafn. Tjörn í Svarfaðardal BA/2. Prestsþjónustubók 1816-1860, bls. 173.

² ÞÍ. Kirknasafn. Hólar í Hjaltadal BA/2. Prestsþjónustubók 1816-1841, bls. 134.

³ ÞÍ. Kirknasafn. Hvanneyri í Siglufirði BC/4-1. Sóknarmannatal 1826-1834, bls. 31, 49, 85 og 104.

⁴ ÞÍ. Kirknasafn. Hvanneyri í Siglufirði BC/4-1. Sóknarmannatal 1826-1834, bls. 85.

⁵ ÞÍ. Kirknasafn. Hvanneyri í Siglufirði BC/5-1. Sóknarmannatal 1835-1857, bls. 8.

⁶ ÞÍ. Kirknasafn. Hvanneyri í Siglufirði BA/2-1. Prestsþjónustubók 1816-1861, bls. 153

⁷ Vef. Þjóðskjalasafn Íslands. manntal.is -> manntal 1840.

⁸ ÞÍ. Sýsl. Skag. ED2/9. Dánarbú 1806-1845.

⁹ ÞÍ. Sýsl. Skag. ED1/2-6. Skiptabók 1840-1844, bls. 176.

nú lömb. Einnig átti hann tvo hesta, einn fimm vetra og annan fjórtán vetra. Skepnur hans voru metnar á 65 ríkisdali og 48 skildinga.¹ Þá átti hann 76 ríkisdali í reiðufé og útistandandi skuldir hjá tíu aðilum sem námu 69 ríkisdölum og 80 skildingum. Að auki átti hann skuldir hjá þremur ólíkum aðilum sem námu 3 ríkisdölum og 48 skildingum.

Foreldrar Odds voru bæði hjú en gift og Oddur var því ekki óskilgetinn. Hann ólst upp með foreldrum sínum og systur á prestssetri og var því umkringdur efnafólki í æsku. Hann gerðist vinnumaður ungur að aldri og var í þeirri stöðu alla sína starfsævi. Hann starfaði á mörgum býlum en staldraði þó við í nokkur ár í senn á hverjum bæ. Hann eyddi um tíu árum á Grund, fimm í Dalabæ og þremur í Skarðadalskoti. Það athyglisverðasta í starfsferli hans eru árin fimm sem hann var á verslunarstað Siglufjarðar þar sem hann starfaði fyrir tvo verslunarstjóra. Þetta hefur veitt honum næg tækifæri til að safna verðmætum og búfénaði. Sóknarmannatölin lýsa honum sem mjög dyggum og vinnufúsum manni sem endurspeglast einnig í starfsferli hans og eignastöðu. Ljóst er að hann átti nægileg verðmæti til að stofna eigið bú en mögulega fékk hann aldrei tækifæri til að kvænast og stofna fjölskyldu, hafi það einu sinni verið markmið hans til að byrja með.

Jón Árnason á Reynistöðum (1797–1858)

61 ára – Eignastaða: 162 ríkisdalir

Jón Árnason vinnumaður á Reynistöðum í Reynistaðarsókn lést sumarið 1858, 61 árs gamall. Foreldrar hans voru Árni Jónsson bóndi (f. 1759) og Sigríður Sveinbjörnsdóttir kona hans (1762–1803). Að auki átti hann þrjú systkini: Sveinbjörn (1795–1859), Guðmund (1800–1863) og Guðbjörgu (f. 1796). Finna má Jón 4 ára að aldri á Þróm í Blöndudalshólasókn í Húnavatnssýslu árið 1801 þar sem faðir hans er sagður vera leiguliði. Þar dvelur einnig móðir Sigríðar en engin vinnuhjú eru þar á bæ.² Árið 1803 lést móðir hans og dánarbúi hennar var skipt þann 1. nóvember sama ár. Bú hennar var metið á 129 ríkisdali og Jón fékk 14 ríkisdali og 40 skildinga í móðurarf. Innifalið í því voru eintak af Vídalíns postillu og Sturms hugvekjum, 4 ær, 2 lömb, pottar, kistur, bandreipi, klifberar, kollar og fatnaður af ýmsu tagi.³ Á óþekktum tímapunkti fer Jón að

¹ Sjá viðauka, bls. 111-113.

² *Manntal á Íslandi 1801*, bls. 66.

³ *ÞÍ. Sýsl. Hún. ED1/1-1. Skiptabók 1792-1806*, bls. 392.

heiman og gerist vinnumaður í Bólstaðarhlíð og er skráður þar árið 1816, 19 ára að aldri.¹ Árið 1827 fer Jón til Skagafjarðar sem vinnumaður í Húsey í Víðimýrarsókn.² Stuttu síðar kynnist hann vinnukonunni Þórunni Jónsdóttur (f. 1800). Í sóknarmannatali fyrir árið 1830 er henni lýst sem vel lesandi, einlægri og siðaðri konu sem væri vel að sér í almennri kunnáttu.³ Þau giftast 16. október 1831. Í hjónabandsfærslu þeirra er Jón sagður vera 36 ára gamall vinnumaður á Víðimýri og Þórunn 31 árs gömul vinnukona á sama bæ.⁴ Þann 19. desember árið 1833 eignast þau sína fyrstu dóttur, Þórunni.⁵ Árið 1835 eru þau bæði komin ásamt dóttur sinnar á Ytravallarholt í sömu sókn þar sem hjónin eru skráð sem vinnuhjú. Í sóknarmannatali sama ár er Jóni lýst sem vel lesandi og vel kunnandi manni sem hegðaði sér vel.⁶ Árið 1837 flytur fjölskyldan úr sókninni til að stofna eigið býli í Vaglagerði í Miklabæjarsókn. Jón er þar sagður 40 ára gamall.⁷ Þann 18. desember sama ár eignast þau dótturina Kristínu. Árið 1840 sest fjölskyldan að í Víðimýri í Víðimýrarsókn.⁸ Þann 11. febrúar árið 1842 eignast hjónin sína þriðju dóttur, Guðbjörgu.⁹ Fjölskyldan er enn þá búsett í Víðimýri árið 1845 en árið 1848 flytjast þau að Daufá í Reykjasókn. Árið 1850 hefur fjölskyldan svo flust að Ystavatni innan sömu sóknar.¹⁰ Árið 1855 er Þórunn yngri skráð sem vinnukona á Syðstavatni innan sömu sóknar og Kristín er gengin í vinnumennsku á Reykjum í Fagranessókn. Jón, kona hans og yngsta dóttir eru enn skráð á Ystavatni sama ár¹¹ en ári síðar hafa þau brugðið búi. Andlát Jóns er ekki í kirkjubók Reynistaðarsóknar en samkvæmt skiptabók hans lést hann sem vinnumaður á Reynistöðum 21. október 1858, 61 árs að aldri.¹² Reynistaður var bær Einars Stefánssonar umboðsmanns sem bjó þar með konu sinni og þremur öðrum

¹ Vef. Þjóðskjalasafn Íslands. manntal.is -> manntal 1816.

² ÞÍ. Glaumbær á Langholti BA/4. Prestsþjónustubók 1818-1836, bls. 67.

³ ÞÍ. Glaumbær á Langholti BC/1. Sóknarmannatal 1815-1838, bls. 24.

⁴ ÞÍ. Glaumbær á Langholti BA/4. Prestsþjónustubók 1818-1836, bls. 52.

⁵ Sama heimild, bls. 27.

⁶ ÞÍ. Glaumbær á Langholti BC/1. Sóknarmannatal 1815-1838, bls. 178.

⁷ ÞÍ. Glaumbær á Langholti BA/2. Prestsþjónustubók 1818-1848, bls. 181.

⁸ ÞÍ. Miklibær í Blönduhlíð BA/3. Prestsþjónustubók 1817-1850, bls. 25 og 87.

⁹ ÞÍ. Glaumbær á Langholti BA/2. Prestsþjónustubók 1818-1848, bls. 67.

¹⁰ Vef. Þjóðskjalasafn Íslands. manntal.is -> manntal 1845 og 1850.

¹¹ ÞÍ. Mælifell í Tungusveit BC/2. Sóknarmannatal 1842-1855, bls. 141.

¹² ÞÍ. Sýsl. Skag. ED1/3-4. Skiptibók 1857-1860, bls. 121.

vinnuhjúum.¹ Dánarbú Jóns var skráð þann 4. nóvember 1858² og skiptin voru framkvæmd 2. mars 1860.³ Þórunn kona hans og dætur þeirra þrjár eru skráðir erfingjar hans. Árið 1860 er hún og elsta dóttir þeirra skráðar í Geldingaholtskoti í Glaumbæjar-sókn. Þórunn eldri er sögð vera húskona sem lifir á skepnum sínum og Þórunn yngri er skráð sem vinnukona.⁴

Dánarbú Jóns var metið á 162 ríkisdali og 42 skildinga. Hér má sjá fjöldann allan af bókum sem metnar voru á 3 ríkisdali og 20 skildinga. Þetta eru einungis trúarrit líkt og Vídalíns postilla, Messusöngsbók, Stúrmshugvekjusalmar, Bjarnabæinir og Handbók presta. Jón átti einnig ýmiskonar fatnað. Aðeins örfá föt eru sögð gömul eða brúkuð og mörg eru sögð nýleg. Þessi föt voru metin á 26 ríkisdali og 58 skildinga. Hér má einnig sjá margs konar verkfæri líkt og smiðjubelg, hnoðhamar, öxi, lóðavog, torfljá, hrífu, dengluhamar, naglbít og aflhólk sem metin voru á 5 ríkisdali og 84 skildinga. Einnig átti hann mjög góða sæng sem metin var á 10 ríkisdali og fjölda kistna og skápa, margt nýlegt, sem metið var á 10 ríkisdali og 48 skildinga. Hér má einnig sjá ýmiskonar eldhúsáhöld líkt og kaffikvörn, tóbaksfjöl, diska, potta, aska, skálar og járnketil. Þar að auki átti hann gott safn af reiðtygjum, þar á meðal reiðgjörð, svipu, beisli, sessu, bandreipi og klifbera. Einnig átti hann kvenreiðtygi fyrir eiginkonu sína sem voru þó í lélegra standi. Reiðtygi hans voru metin á 12 ríkisdali og 60 skildinga. Líkt og í búi Odds Oddssonar voru verðmætustu eigur Jóns skepnur. Hann átti sex ær, allar með vetrarfóðri, tvær hryssur og tvö folöld. Einnig átti hann ónefndan fjölda af sauðfé sem geymdur var hjá Pétri Guðmundssyni á Bessastöðum. Skepnur hans voru metnar á 63 ríkisdali. Engar útistandandi skuldir eru skráðar í dánarbúi hans.⁵

Eignastaða hans er nokkuð góð og svo sannarlega í samræmi við fyrri stöðu hans sem bóndi. Hér má sjá nægilega fjölbreytta eignastöðu til að stofna gott heimili. Ef bú hans er borið saman við bú Odds Oddssonar má hér sjá mun meira úrval af bókum, húsgögnum og eldhúsáhöldum. Þar að auki er um 10 ríkisdala verðmunur á fatnaði þeirra tveggja og reiðtygi Jóns voru metin helmingi verðmætari en þau sem voru í eigu Odds. Oddur átti fleiri sauðfjárgripi, en Jón átti fleiri hesta og kindur hans voru betur búnar með

¹ ÞÍ. Kirknasafn. Reynistaðarklaustur BC/3. Sóknarmannatal 1841-1864, bls. 173.

² ÞÍ. Sýsl. Skag. ED2/17. Dánarbú 1860-1861.

³ ÞÍ. Sýsl. Skag. ED1/3-4. Skiptibók 1857-1860, bls. 121.

⁴ Vef. Þjóðskjalasafn Íslands. manntal.is -> manntal 1860.

⁵ Sjá viðauka, bls. 103-106.

fóðri. Þrátt fyrir þennan mun á fjölda voru skepnur þeirra metnar á álíka háu verði. Þar að auki voru engar skuldir skráðar í dánarbúi Jóns, ólíkt dánarbúi Odds.

Jón var barn bændahjóna og ólst upp á bæ þeirra ásamt fjölda systkina. Foreldrar hans voru meðalefnuð og hann erfði einhver verðmæti sem veittu honum góðan grunn til að stofna eigið býli. Hann var í vinnumennsku á unglingsárum og á rúmum tuttugu árum náði hann að safna upp nægilegum verðmætum til að gerast sjálfur bóndi. Hann kvæntist góðri konu og eignaðist með henni þrjú börn. Hann rak eigið býli í rúm 18 ár en ljóst er þó að fjölskyldan upplifði einhverskonar óstöðugleika þar sem þau fóru á milli fjögurra býla á þessum árum. Ekki liggur fyrir hvað varð til þess að Jón brá búi en jafnvel sem vinnumaður má sjá að hann starfaði á stöndugum bæ, en húsbóndi hans, Einar Stefánsson, var umboðsmaður og bær hans á Reynistöðum hýsti á annan tug einstaklinga. Jón er gott dæmi um það hvernig einstaklingar gátu stofnað eigið býli og orðið bændur en lent í ólukku síðar meir og endað sem vinnumenn.

Guðmundur Ásgrímsson á Enni (1771–1842)

70 ára – Eignastaða: 47 ríkisdalir

Guðmundur vinnumaður á Enni í Hofi á Höfðaströnd lést 20. ágúst 1842, 70 ára að aldri. Foreldrar hans voru bændahjónin Ásgrímur Jónsson (f. 1723) og Úlfheiður Grímsdóttir (1725–1785). Gögn um æskuár hans eru ekki til en samkvæmt prestsþjónustubókum Munkaþverársóknar í Eyjafjarðarsýslu kvæntist hann Helgu Kolbeinsdóttur (1776–1846) þann 16. apríl 1792, þá 21 árs gamall.¹ Guðmundur birtist fyrst í sóknarmannatölum árið 1796 þar sem hann og Helga eru skráð á Syðra-Laugalandi innan sömu sóknar. Faðir Helgu, Kolbeinn Bjarnason (f. 1745), átti þar býli ásamt móður hennar, Helgu Einarsdóttur (1744–1825).² Árið 1801 hefur Guðmundur stofnað eigið býli á sama bæ og er skráður þar sem bóndi á 29. aldursári. Með honum á bæ er kona hans og fjögur börn þeirra: Guðmundur (1797–1843), Gunnlaugur (f. 1798), Helga (1799–1853) og Jón (1800–1882). Ásgrímur faðir hans er einnig skráður þar á bæ sem 78 ára gamall ekill. Foreldrar Helgu eru enn búsett á sama stað á upprunalegu býli jarðarinnar.³ Ári síðar er

¹ ÞÍ. Kirknasafn. Munkaþverá í Eyjafirði BA/1. Prestsþjónustubók 1785-1796, bls. 30.

² Sama heimild, bls. 40.

³ *Manntal á Íslandi 1801*, bls. 257.

Guðmundur og fjölskylda hans skráð í Sigtúni innan sömu sóknar.¹ Árið 1816 hefur hann þó tapað bæ sínum og er skráður sem vinnumaður á Hellu í Árskógskirkjusókn. Börn hans hafa þá mörg gerst vinnuhjú. Guðmundur sonur hans er skráður sem vinnumaður í Grjótgarði í Möðruvallaklaustursókn, Helga sem léttastúlka á Rifkelsstöðum í Munkaþverárklaustursókn og Jón sem vinnumaður á Öngulsstöðum í sömu sókn.² Árið 1819 er Guðmundur skráður sem 46 ára gamall vinnumaður á Ystabæ í Hrísey í Árskógskirkjusókn og ári síðar flyst hann úr sýslunni. Í prestsþjónustubók segir að hann eigi konu og börn í Eyjafjarðarsýslu.³ Árið 1835 hafa hjónin sameinast á ný og voru vinnuhjú á Enni í Hofssókn í Skagafjarðarsýslu.⁴ Þau störfuðu þar á bæ í rúm sjö ár þar til Guðmundur fellur frá þann 20. ágúst 1842, 70 ára að aldri.⁵ Dánarbú hans var skráð þann 19. september sama ár⁶ og skiptin voru framkvæmd 22. desember.⁷ Skráðir erfingjar hans voru Helga kona hans og börn þeirra fjögur. Á þeim tíma voru Guðmundur og Gunnlaugur báðir bændur í Reykjavík, Helga var húsfreyja í Kaupangsseli í Kaupangssókn í Eyjafjarðarsýslu og Jón var vinnumaður í Sleðbrjótseli í Kirkjubæjarsókn í Norður-Múlasýslu.

Dánarbú Guðmundar var metið á 47 ríkisdali og 56 skildinga. Fatnaður hans var í misgóðu standi. Sum föt eru sögð gömul og léleg en önnur eru sögð nýleg. Fatnaður hans var metinn á 24 ríkisdali og 40 skildinga. Einnig átti hann tvær bækur: eitt eintak af Nýju sálmabókinni í góðu standi sem metin var á 1 ríkisdal og 48 skildinga, og eitt eintak af Almanakinu fyrir árið 1843 í talsvert verra standi og var hún einungis metin á 8 skildinga. Einnig átti hann tvær gamlar kistur, samtals metnar á 2 ríkisdali. Hann átti gott safn af reiðtygjum líkt og hnakk, beisli, yfirdekk, ístöð og sessu sem metin voru á 4 ríkisdali. Ólíkt Oddi Oddssyni og Jóni Árnasyni átti hann lítil sem engin verkfæri og í búi hans er einungis skráð ein hrífa, metin á 24 skildinga. Einnig átti hann 5 ríkisdali og 80 skildinga í lausum peningum. Að auki átti hann útistandandi skuldir hjá fjórum bændum: Sölva á

¹ ÞÍ. Kirknasafn. Munkaþverá í Eyjafirði BC/2. Sóknarmannatal 1800-1825, bls. 65.

² Vef. Þjóðskjalasafn Íslands. manntal.is -> manntal 1816.

³ ÞÍ. Kirknasafn. Stærri-Árskógur á Árskógsströnd BA/2. Prestsþjónustubók 1816-1846, bls. 113.

⁴ Vef. Þjóðskjalasafn Íslands. manntal.is -> manntal 1835.

⁵ ÞÍ. Kirknasafn. Hofsbíng BA/1. Prestsþjónustubók Hofsbíngs 1816-1851, bls. 230.

⁶ ÞÍ. Sýsl. Skag. ED2/13. Dánarbú 1820-1853.

⁷ ÞÍ. Sýsl. Skag. ED1/2-6. Skiptabók 1840-1944, bls. 57.

Eyjólfsstöðum, Ólafi í Háagerði, Tómasi í Svínavallakoti og Einari í Bjarnastaðagerði. Skuldirnar voru metnar á 6 ríkisdali og 56 skilinga.¹

Líkt og Oddur Oddsson og Jón Árnason hóf Guðmundur vinnumennsku ungur að aldri. Hann kynntist vinnukonu og komst í þá heppilegu stöðu að geta dvalið með henni á býli foreldra hennar. Stuttu síðar gat hann nýtt sér þá stöðu til að stofna eigið býli með konu sinni á sömu jörð. Hann var þá 29 ára gamall en ólíkt Jóni entist gæfa hans einungis í örfá ár. Hann starfar sem vinnumaður það sem eftir er ævi sinnar og nær aldrei að safna nægilegum fjármunum til að stofna annað býli þótt hann hafi náð háum aldri. Samanborið við bú Odds og Jóns eru verðmæti Guðmundar talsvert minni. Fatnaður hans var í fínu standi en hann átti ekkert verkfærasafn og mjög lítið af búsgagni. Einnig var hann skráður með nokkrar skuldir en þó ekki nærri því eins miklar og dánarbú Odds. Athyglisverðast af öllu er að hann átti ekki eina einustu skepnu sem skýrist að stórum hluta af viðvarandi stöðu hans sem vinnumanns. Oddur og Jón störfuðu þar að auki á stöndugum jörðum. Oddur var í nokkur ár á Verslunarstað Siglufjarðar á meðan Jón var vinnumaður á bæ Einars Stefánssonar umboðsmanns. Til samanburðar fór Guðmundur á milli hefðbundinna býla sem ekki voru sérstaklega stór að neinu markverðu leyti.

Pétur Eyjólfsson á Holkoti (1775–1851)

76 ára – Eignastaða: 36 ríkisdalir

Pétur Eyjólfsson vinnumaður í Hólkoti í Reynistaðarsókn lést árið 1851, 76 ára aldri.² Foreldrar hans voru Eyjólfur Pétursson (1744–1836) bóndi og Arnbjörg Gunnlaugsdóttir (1744–1800) kona hans. Einnig átti Pétur tvö alsystkini: Guðnýju (1769–1846) og Erlend (f. 1774). Pétur byrjar ævi sína á Kárastöðum í Rípursókn þar sem hann elst upp á bæ foreldra sinna.³ Árið 1785 hefur fjölskyldan sest að á Rein innan sömu sóknar.⁴ Árið 1790 gerist hann léttadrengur á bænum Holtsmúla í Reynistaðarsókn, sagður 15 ára gamall.⁵ Ári síðar hefur hann snúið aftur til foreldra sinna í Rípursókn og er skráður með þeim og systur sinni á bænum Rein.⁶ Þann 31. mars 1796 kvænist hann sinni fyrri konu, Sesselju

¹ Sjá viðauka, bls. 100-101.

² ÞÍ. Sýsl. Skag. ED2/13. Dánarbú 1820-1853.

³ ÞÍ. Kirknasafn. Ríp í Hegranesi BA/1. Prestsþjónustubók 1756-1784, bls. 126.

⁴ ÞÍ. Kirknasafn. Ríp í Hegranesi BC/1. Sóknarmannatal 1785-1815, bls. 2.

⁵ ÞÍ. Kirknasafn. Reynistaðarklaustur BC/1. Sóknarmannatal 1789-1792, bls. 15.

⁶ ÞÍ. Kirknasafn. Ríp í Hegranesi BC/1. Sóknarmannatal 1785-1815, bls. 89.

Jónsdóttur (f. 1775), og 24. maí árið 1798 eignast þau soninn Eyjólf.¹ Í sóknarmannatali árið 1799 er Pétur enn skráður á Rein með fjölskyldu sinni en Sesselja og Eyjólfur eru þó ekki skráð þar með honum.² Í sóknarmannatali árið 1788 er Pétur sagður vera ólæs, erfiður og óþægur í hegðun.³ Svipaðar lýsingar má finna í manntali árið 1799 þar sem Pétri er lýst sem nokkuð vel lesandi en slæmum í hegðun og almennt fákunnandi. Til samanburðar er foreldrum hans og systur lýst sem skikkanlegu, skýru og velkunnandi fólki.⁴ Árið 1800 andast móðir hans og árið 1802 gekk faðir hans í hjónaband með Margréti Bjarnardóttur.⁵ Skömmu síðar ferðaðist Pétur til Suðurlands en skilur son sinn eftir í umsjá foreldra sinna og er hann skráður sem tókubarn hjá þeim á Rein árið 1801.⁶ Á einhverjum tímamarki kynnist hann og kvænist seinni konu sinni, Önnu Snorradóttur (1770–1841), og eignast þau dæturnar Gróu þann 13. maí árið 1811 og Oddnýju þann 9. desember 1815.⁷ Eftir það vinnur Pétur ýmis störf á Suðurlandi og næst má finna hjónin skráð sem húsfólk í Veldingshúsi í Bessastaðasókn ásamt dætrum þeirra árið 1816. Árið 1835 hefur Pétur sest að í Hafnarfirði með konu sinni og dóttur þar sem hann þénar daglaun fyrir fiskveiðar á meðan Anna hefur fundið sér stöðu sem ráðskona og Gróa sem þjónustustúlka. Nokkrum árum síðar snýr Pétur aftur til Skagafjarðarsýslu þar sem hann er skráður sem lausamaður á Stafni í Hofssókn árið 1840.⁸ Anna varð eftir í Hafnarfirði og andaðist þar 8. september sama ár, 71 árs að aldri.⁹ Árið 1845 er Pétur skráður í Kjartansstaðarkoti í Glaumbæjarsókn þar sem hann starfar við fyrirvinnu með bústýrunni Krístrúnu Skúladóttur.¹⁰ Að lokum flyst Pétur til Hólkots í Reynistaðarsókn og er skráður þar sem vinnumaður árið 1850. Hann andast þar á bæ rúmu ári síðar, 75 ára að aldri. Dánarbú hans var skráð 10. mars 1851¹¹ og skiptin voru framkvæmd 20. október 1852. Hans skráðu erfingjar voru börnin hans þrjú. Eyjólfur var þá sagður bóndi á Stóra-

¹ ÞÍ. Kirknasafn. Ríp í Hegranesi BA/2. Prestsþjónustubók 1785-1816, bls. 44 og 52.

² ÞÍ. Kirknasafn. Ríp í Hegranesi BC/1. Sóknarmannatal 1785-1815, bls. 155.

³ ÞÍ. Kirknasafn. Ríp í Hegranesi BC/1. Sóknarmannatal 1785-1815, bls. 40.

⁴ ÞÍ. Kirknasafn. Ríp í Hegranesi BC/1. Sóknarmannatal 1785-1815, bls. 155.

⁵ ÞÍ. Kirknasafn Ríp í Hegranesi BA/2. Prestsþjónustubók 1785-1816, bls. 56.

⁶ ÞÍ. Kirknasafn Ríp í Hegranesi BA/2. Prestsþjónustubók 1785-1816, bls. 105.

⁷ ÞÍ. Kirknasafn. Hafnarfjörður BA/2. Prestsþjónustubók 1784-1818, bls. 180 og 185.

⁸ Vef. Þjóðskjalasafn Íslands. manntal.is -> manntal 1816, 1835 og 1840.

⁹ ÞÍ. Kirknasafn. Hafnarfjörður BA/3. Prestsþjónustubók 1816-1862, bls. 365.

¹⁰ Vef. Þjóðskjalasafn Íslands. manntal.is -> manntal 1845.

¹¹ ÞÍ. Sýsl. Skag. ED2/13. Dánarbú 1820-1853.

Lambhaga í Gullbringusýslu. Gróa var vinnukona í Syðribrekkum í Hofssókn í Skaga-fjarðarsýslu og Oddný húsfreyja í Hafnarfirði.¹

Dánarbú Péturs var metið á 36 ríkisdali og 44 skildinga. Þótt bú hans sé ekki verðmætt er það samt sem áður fjölbreytilegt. Hann átti mörg þör af buxum, skyrtur, peysur og annarskonar yfirhafnir, auk fjölda sokka, vettlinga, háleista og hatta. Megnið af fötum hans voru í fínu standi og voru metin á 11 ríkisdali og 54 skildinga. Einnig átti hann góðan fjölda af verkfærum líkt og öxi, grindarsög, grasljá, nokkra hnífa og spæni og munaðarvörur líkt og hárgreiðu og kamb. Öll voru þau þó verðlítill og einungis metin á 2 ríkisdali og 8 skildinga. Hann átti gott safn af reyðtygjum sem samanstóðu af beisli, hnakki, ístöðum, sessu, yfirgjörð, reiðgjörð og svipu. Þau voru metin á 3 ríkisdali og 8 skildinga. Aðrar eigur sem vert er að nefna eru sæng og koddí sem metin voru á alls 2 ríkisdali og 72 skildinga og ein gömul og ónýt kista sem metin var á 1 ríkisdal. Líkt og Oddur Oddsson og Jón Árnason átti hann einnig nokkrar skepnur sem voru verðmætustu eignir hans. Í búi hans eru skráðar tvær ær sem metnar voru á 6 ríkisdali og ein hryssa sem metin var á 8 ríkisdali.² Að lokum skuldaði hann fjórum aðilum: Sigurði hreppstjóra á Ási 3 ríkisdali og 48 skildinga, Ólafi Sigurðssyni á sama bæ 1 ríkisdal og 32 skildinga, Þorleifi Jónssyni í Hólkoti 11 ríkisdali og einnig dóttur sinni Gróu 2 ríkisdali. Hann er skráður með 17 ríkisdali og 80 skildinga í skuldum.

Pétur ólst að mörgu leyti upp í stöðugu og farsælu umhverfi. Foreldrar hans voru bændahjón sem bjuggu á bæ sínum um margra ára skeið. Pétur fékk sjálfur tækifæri til að gerast léttadrengur ungur að aldri og þó að það ævintýri hafi ekki varað lengi virðist hann hafa átt kost á því að flytja aftur inn til foreldra sinna. Þetta gefur til kynna að Pétur hafi átt gott öryggisnet. Það sem einkennir ævi hans fyrst og fremst er þó fjölbreyttur starfsferill hans og festuleysi. Hann yfirgaf fyrra hjónaband sitt og elsta barn og ákvað að flytja þvert yfir landið. Pétur dvaldi lengi á Suðurlandi og tók að sér störf af ýmsu tagi. Í stað þess að ganga í vinnumennsku og safna verðmætum fyrir eigin búskap starfaði hann sem húsmáður, daglaunamaður, lausamaður og fyrirvinnumaður áður en hann gerðist loks vinnumaður í rúmt ár. Þessi flækingslegi lífstíll gæti vel útskýrt hversu litlar eignir eru í dánarbúi hans umfram annað. Einnig er vert að benda á áðurnefndar lýsingar á skapgerð Péturs sem komu fram í sóknarmanntölum. Honum var lýst sem fávísu manni með

¹ ÞÍ. Sýsl. Skag. ED1/3-3. Skiptabók 1852-1857, bls. 19.

² Sjá viðauka, bls. 117-118.

einungis þokkalega lestrarkunnáttu sem hagaði sér almennt illa. Samanborið við jákvæðar lýsingar sömu færslna á foreldrum hans og systur eru þessi persónueinkenni nokkuð athyglisverð. Þessi skapgerð gæti vel hafa átt þátt í fjölbreyttum starfsferli hans.

Það sem einkennir eignastöðu Péturs mest er ástand eignanna en mörg föt hans eru sögð vera gömul og í slæmu standi. Það sama á við um mikið af búsgagni hans. Samanborið við fyrrgreind dánarbú Odds Oddssonar, Jóns Árnasonar og Guðmundar Ásgrímssonar er bú Péturs í nokkuð lélegu standi. Hann átti ágætis verkfæra- og reiðtygjasafn en allt var það metið á lágu verði og sagt vera í slæmu standi. Ólíkt Guðmundi átti hann þó örfáar skepnur en talsvert færri en skráðar voru í eigu Odds og Jóns. Einnig er athyglisvert í búi Péturs að hann er ekki skráður með eina einustu bók í sinni eigu. Hér spila starfsferlar þessara manna stórt hlutverk. Oddur, Jón og Guðmundur voru allir annaðhvort vinnumenn eða bændur stóran hluta ævi sinnar. Til samanburðar starfaði Pétur oftast einungis fyrir sjálfan sig og var að mörgu leyti lausamaður. Þetta hefði átt að veita honum tækifæri á að safna upp miklum verðmætum þar sem lausafólk fékk í mörgum tilfellum herra kaup fyrir vinnu sína, einkum í formi daglaunavinnu líkt og Pétur starfaði lengi við. Þrátt fyrir það lét hann eftir sig eignir sem voru mestmegnis í lélegu standi og metnar á lágu verði. Því má álykta að hann hafi einhverra hluta vegna ekki fundið mikla lukku í lausamennsku sinni og hann endar ævina sem vinnumaður.

Samantekt á körlum

Hér hafa verið teknir fyrir fjórir ólíkir vinnumenn sem allir létust á aldursbilinu 40 til 80 ára. Einn starfaði sem vinnumaður alla ævi, tveir stofnuðu eigið býli sem þeir síðar misstu og einn flakkaði á milli ólíkra starfa áður en hann gerðist loks vinnumaður. Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á verðmætum dánarbúanna í ríkisdöllum:

Tafla 16. Samantekt á verðmætum eldri vinnumanna.

	Oddur Oddsson	Jón Árnason	Guðmundur Ásgrímsson	Pétur Eyjólfsson
Bækur	3.80	3.20	1.56	0
Fatnaður	15.66	26.58	24.40	11.54
Búsgagn	31.26	37.72	11.56	5.62
Rúmföt	10.28	13.48	0	3.12
Verkfæri	2.24	5.84	0.24	2.08
Reiðtygi	6.28	12.60	4	3.08
Í fríðu	65.48	63	0	11
Annað	145.80	0	5.80	0
Heildarverðmæti	279.88	162.42	47.56	36.44
Skuldir	3.48	0	6.56	17.80

Heimild: Sjá viðauka.

Af þessum fjórum einstaklingum voru tveir þeirra tiltölulega efnaðir og tveir nokkuð fátækir ef miðað er við verðmæti dánarbúa þeirra. Jón rak eigið býli til fjölda ára og eignastaða hans er að mörgu leyti í samræmi við það. Fatnaður hans, reiðtygi og búsgagn er allt í mjög góðu standi og metið á háu verði. Þar að auki er hann með gott safn af skepnum og er ekki skráður með neinar skuldir. Oddur er skráður með verðmætara dánarbú, sem er athyglisvert þar sem hann starfaði sem vinnumaður allan sinn starfsferil. Hann átti gott safn af skepnum þótt fatnaður hans, búsgagn og reiðtygi hafi verið metin lægra verði en sambærilegar eignir Jóns. Að auki átti hann skuldir hjá tíu aðilum sem námu um 70 ríkisdöllum og 76 ríkisdali að auki í lausum peningum. Dæmi Odds sýnir okkur að eldri vinnumenn gátu búið við góðan fjárhag án þess að stofna eigið býli. Líkt og Jón var Guðmundur einnig bóndi en eins og nefnt var áður þá tapaði hann býli sínu eftir einungis örfárra ára rekstur. Hann eyddi síðustu árum sínum sem vinnumaður á mörgum bæjum en bjó alltaf við talsverða fátækt, sem sést bersýnilega á eignastöðu hans. Þó að fatnaður hans sé metinn á sambærilegu verði og föt Jóns eru verkfæri hans, búsgagn og reiðtygi talsvert verðminni. Þar að auki átti hann engar skepnur og bjó við skuldir sem námu 7 ríkisdöllum. Pétur er að mörgu leyti frávík í þessum hópi og átti mun ólíkari

starfsferil en starfsbræður hans þrír, þar sem hann eyddi ævi sinni annaðhvort í húsmennsku, lausamennsku eða daglaunastörfum. Eigur hans eru þær verðminnstu í þessum samanburði. Ólíkt Guðmundi átti hann þó örfáar skepnur en bjó einnig við skuldir sem námu nær 18 ríkisdöllum.

Vinnukonur

Þórunn Daníelsdóttir á Ögmundarstöðum (1789–1841)

52 ára – Eignastaða: 117 ríkisdalir

Þórunn Daníelsdóttir vinnukona á Ögmundarstöðum í Reynistaðasókn lést árið 1841, 52 ára að aldri. Foreldrar hennar voru Daníel Sveinsson bóndi (1760–1835) og Sigríður Þorkeldsdóttir kona hans (1752–1813). Þórunn átti einnig alsystkinin Jón (1790–1841) og Sigríði (1797–1866) og að auki eina hálsystur að nafni Guðfinna Árnadóttir (1776–1838). Þórunn er skráð með fjölskyldu sinni í Hólakoti á Holti í Fljótum árið 1799, 11 ára gömul.¹ Hún er enn skráð þar í manntalinu 1801.² Árið 1813 andast móðir hennar og skipti á búi hennar eru framkvæmd þann 19. júní sama ár. Bú hennar er metið á 345 ríkisdali og því ljóst að foreldrar Þórunnar voru efnafólk. Þórunn fær arf sem nemur 32 ríkisdöllum og 32 skildingum. Innifalið í því voru fimm ær, einn sauður, græn reiðtygi og gamall skápur.³ Árið 1816 er hún vinnukona á Sólheimum í Glaumbæjarsókn, sögð 27 ára gömul.⁴ Árið 1834 kemur hún að Bessastöðum í Reynistaðarsókn og gerist vinnukona þar, 44 ára gömul. Árið 1836 flyst hún yfir á Vík innan sömu sóknar og dvelur þar í nokkur ár.⁵ Árið 1840 flytur hún á Ögmundarstaði í sömu sókn.⁶ Í sóknarmannatali fyrir árið 1841 er hún sögð vera vel lesin, ráðsöm og vel að sér í öllu andlegu.⁷ Sama ár andast hún þar á bæ, 50 ára að aldri. Dánarbú hennar var skráð þann 5. júlí 1841⁸ og skiptin voru framkvæmd þann 14. október sama ár. Þórunn var ógift alla sína ævi og eignaðist ekki börn. Eftirlifandi systkini hennar eru skráð sem erfingjar hennar, auk barna Guðfinnu sem

¹ ÞÍ. Kirknasafn. Barð í Fljótum BC/3. Sóknarmannatal 1784-1831, bls. 38.

² *Manntal á Íslandi 1801*, bls. 171.

³ ÞÍ. Sýsl. Skag. ED1/2-1. Skiptabók 1808-1821, bls. 124.

⁴ *Vef. Þjóðskjalasafn Íslands. manntal.is -> manntal 1816.*

⁵ ÞÍ. Kirknasafn. Reynistaðarklaustur BC/2. Sóknarmannatal 1827-1840, bls. 52 og 79.

⁶ *Vef. Þjóðskjalasafn Íslands. manntal.is -> manntal 1840.*

⁷ ÞÍ. Kirknasafn. Reynistaðarklaustur BC/3. Sóknarmannatal 1841-1853 og 1859-1864, bls. 8.

⁸ ÞÍ. Sýsl. Skag. ED2/9. Dánarbú 1806-1845.

hafði fallið frá árið 1838. Jón var vinnumaður á Minna-Búrfelli og Sigríður vinnukona í Eyvindastaðargerði.¹

Dánarbú Þórunnar var metið á 118 ríkisdali og 61 skildinga. Hún átti fjórar bækur: Nýja testamentið, Miðvikudagspredikanir Jóns Vídalíns, Passíusálma og Hallgrímskvæði. Þær voru metnar á 1 ríkisdal og 76 skildinga. Hún átti einnig ágætt úrval af fatnaði í nokkuð góðu standi og lítið er um fatagarma eða föt sem skráð eru sem gömul og léleg. Upphlutir hennar eru klæddir koparmilnum, húfur eru skreyttar með skúf og hún átti fjöldann allan af litríkum klútum. Fatnaðurinn var metinn á 21 ríkisdali og 3 skildinga. Þórunn átti þar að auki góða sæng að virði 4 ríkisdala og nokkuð af öskjum, kistum, kollum og annarskonar áhöldum fyrir geymslu, metin á 6 ríkisdali og 20 skilding. Hún átti lítið safn af reiðtygjum sem samanstóðu af þófum, ístöðum, söðli og áleppum, metin á 2 ríkisdali og 60 skildinga. Mestu verðmæti voru þó í formi sauðfjár en Þórunn átti átta ær, tvo gemlinga og eina gimbur auk lamba sem jafngiltu 31 ríkisdal. Þar að auki er skráð að hún eigi verðmæti sem nemi 38 ríkisdölum og 72 skildingum hjá tíu ólíkum aðilum.² Mögulega var þetta hinn áður nefndi fjölskylduarfur sem hún fékk í hendur á yngri árum sínum en einnig er hugsanlegt að hún hafi lánað fólki verðmæti.

Þórunn var vinnukona allan sinn starfsferil, ógift og barnlaus. Hún var þó barn efnaðra bændahjóna og fékk þó nokkur verðmæti í móðurarf. Færslur hennar í sóknar-mannatölum lýsa henni einnig sem vel menntaðri konu sem gefur til kynna að hún hafi komið af góðu heimili. Þetta skýrir að hluta til fjárhagsstöðu hennar. Fatnaður hennar og búsgagn var almennt í góðu standi og þar að auki átti hún gott safn af skepnum. Einnig er athyglisvert hvað hún átti mikið hjá öðru fólki. Þórunn er gott dæmi um að ókvæntar vinnukonur gátu átt mikil verðmæti þrátt fyrir stöðu sína.

Ragnheiður Sölvadóttir á Kjarvalsstöðum (1796–1863) **66 ára – Eignastaða: 12 ríkisdalir**

Ragnheiður vinnukona á Kjarvalsstöðum á Hólum í Hjaltadal lést þann 1. janúar 1863, 66 ára gömul.³ Foreldrar hennar voru Sölvi Jónsson bóndi (1765–1847) og Sigríður Sigfúsdóttir kona hans (1770–1840). Ragnheiður átti einnig tvö yngri systkini: Sigfús

¹ ÞÍ. Sýsl. Skag. ED1/2-6. Skiptabók 1840-1844, bls. 23.

² Sjá viðauka, bls. 127-129.

³ ÞÍ. Kirknasafn. Hólar í Hjaltadal BA/7. Prestsþjónustubók 1838-1875, bls. 272.

(1798–1865) og Sigríði (1800–1882). Hún var skráð tökubarn á Brattavöllum í Stóra-Árskógssókn í Eyjafjarðarsýslu árið 1798, sögð 4 ára gömul.¹ Árið 1801 er fjölskylda hennar skráð á Skriðukoti í Vallnasókn, Eyjafjarðarsýslu, en Ragnheiður er ekki með þeim.² Árið 1816 er hún skráð sem vinnukona á Nautabúi í Hólasókn, Skagafjarðarsýslu, 20 ára gömul.³ Þar var hún árið 1823 en ári síðar flyst hún yfir á Skúfstaði í sömu sókn, sögð 28 ára gömul. Árið 1824 gerist hún vinnukona hjá bóndanum Ingimundi Guðmundssyni (1789–1847) og konu hans Guðrínu Jónsdóttur (f. 1774) á Bjarnastöðum, aftur innan sömu sóknar. Hjónin bjuggu þar með tveimur börnum sínum. Ragnheiður var ein þriggja vinnuhjúa þar á bæ. Í sóknarmannatali sama ár er hún sögð vera vel læs, þokkalega að sér í almennri kunnáttu og ei óráðvönd. Ingimundur og kona hans eru bæði sögð vera vel læst og skikkanlegt fólk sem var vel að sér í almennri kunnáttu.⁴ Árið 1824 flyst hún með Ingimundi og fjölskyldu hans til Eyjafjarðar þar sem þau setjast að á Skeið í Urðasókn. Árið 1826 flyst hún svo með fjölskyldunni aftur á Bjarnastaði í Hólasókn.⁵ Hún er enn skráð þar 1831, sögð 34 ára gömul.⁶ Árið 1836 hefur Ingimundur og fjölskylda hans flust yfir á Sviðning innan sömu sóknar og Ragnheiður fylgir þeim.⁷ Hún átti eftir að dveljast þar um margra ára bil og er ennþá skráð þar sem vinnukona í manntalinu 1845, 50 ára gömul. Um svipað leyti stofnar yngri sonur Ingimundar, Þiðrik (1817–1871), eigið býli með konu sinni Helgu Bjarnadóttur (1820–1855) á Sviðningi við hlið fjölskyldu sinnar.⁸ Þann 8. maí 1847 lést Ingimundur sökum hjartaveiki, 58 ára. Það ár flytur Ragnheiður yfir á Mannskaðshól í Höfðasókn og tekur Ingimund, elsta son Þiðriks, með sér sem tökubarn en hann var á 5. aldursári.⁹ Árið 1853 flytur hún aftur á Sviðning, 56 ára gömul, og gerist vinnukona hjá Þiðriki og fjölskyldu hans. Ingimundur fylgir henni, nú 12 ára gamall.¹⁰ Þann 15. apríl 1855 deyr Helga, kona Þiðriks, sökum þess sem prestur

¹ ÞÍ. Kirknasafn. Stærri-Árskógur á Árskógsströnd BC/1. Sóknarmannatal 1785-1790, bls. 62.

² *Manntalið á Íslandi 1801*, bls. 203.

³ *Vef. Þjóðskjalasafn Íslands. manntal.is -> manntal 1816.*

⁴ ÞÍ. Kirknasafn. Hólar í Hjaltadal BC/2. Sóknarmannatal 1818-1829, bls. 91, 97 og 107.

⁵ ÞÍ. Kirknasafn. Tjörn í Svarfaðardal BA/2. Prestsþjónustubók 1816-1860, bls. 105 og 183.

⁶ ÞÍ. Kirknasafn. Hólar í Hjaltadal BC/3. Sóknarmannatal 1830-1835, bls. 33.

⁷ ÞÍ. Kirknasafn. Hólar í Hjaltadal BC/4. Sóknarmannatal 1836-1864, bls. 4.

⁸ *Vef. Þjóðskjalasafn Íslands. manntal.is -> manntal 1845.*

⁹ ÞÍ. Kirknasafn. Hólar í Hjaltadal BA/3. Prestsþjónustubók 1816-1848, bls. 159 og 184.

¹⁰ ÞÍ. Kirknasafn. Fell í Sléttuhlíð BA/3. Prestsþjónustubók 1840-1877, bls. 84.

lýsir sem „lifraveiki og bjúg“.¹ Ári síðar er Þiðrik skráður sem húsmaður og ekill á Sviðningi og dætur hans tvær sem tökubörn. Annar bóndi að nafni Skúli Andrésson (1820–1878) hefur þá tekið við býlinu og Ragnheiður er skráð sem vinnukona hans. Ári síðar hefur Þiðrik gengið að eiga aðra konu, Sólveigu Guðmundsdóttur (1835–1896), og stofnað annað býli á Sviðningi með fjölskyldu sinni. Ingimundur, sonur Þiðriks, hefur þá gerst smaladrengur á Kálfsstöðum í sömu sókn og Ragnheiður er skráð þar með honum sem vinnukona, sögð 61 árs gömul. Árið 1861 er hún skráð sem vinnukona á Hólum hjá húsmanninum Hannesi Þorsteinssyni (1823–1863) og fjölskyldu hans. Ári síðar kemur hún að Kjarvalsstöðum þar sem hún er skráð sem 65 ára gömul vinnukona. Ingimundur Þiðriksson er þar skráður sem vinnumaður, 20 ára gamall.² Hún andast þar þann 1. janúar 1863, 66 ára að aldri. Skráð er að hún hafi verið „í dvöl á Kjarvalsstöðum“ sem merkir að hún hafi verið að einhverju leyti óvinnufær og á vegum húsbænda. Ragnheiður var ávallt ógift og barnlaus. Engir erfingjar eru skráðir fyrir dánarbúi hennar. Uppboð á eignum hennar var haldið þann 5. maí sama ár.³ Hvorki dánarbú Ragnheiðar né skipti eru varðveitt. Þess í stað var hér notast við upplýsingar úr uppboðsbókarfærslu hennar. Líkt og greint var frá í fyrri köflum veita dánarbú ekki tæmandi upplýsingar um eignastöðu hvers einstaklings. Í tilfalli Ragnheiðar er einkum varhugavert að styðjast einungis við uppboðsbókarfærslu til að meta efnahagslegu stöðu hennar þar sem ekki er víst að allar hennar eigur hafi verið settar á uppboð.

Bú hennar var metið á 12 ríkisdali og 16 skildinga í uppboðinu. Við fyrstu sýn virðist þetta vera nokkuð lítið dánarbú en eignir hennar voru þó margar í ágætu standi. Hér má sjá fatnað sem var metinn á 7 ríkisdali og 72 skildinga. Þessi fatnaður var mestmegnis í góðu standi og sum föt eru skráð sem nýleg. Einnig átti hún eina skrálæsta kistu, sængurdýnu, brekansræfil og eitt reiðbeisli. Ekkert annað er tilgreint í uppboðsbókinni.⁴

Ragnheiður var barn bændahjóna en var gefin sem tökubarn á unga aldri og starfaði sem vinnukona allan sinn starfsferil. Hún kom ekki af góðu og efnuðu heimili líkt og Þórunn og átti ekki við slíkt bakland að styðjast. Ólíkt Þórunni fer hún lítið á milli

¹ ÞÍ. Kirknasafn. Hólar í Hjaltadal BA/7. Prestsþjónustubók 1838-1875, bls. 262.

² ÞÍ. Kirknasafn. Hólar í Hjaltadal BC/4. Sóknarmannatal 1836-1864, bls. 503, 536, 588 og 719.

³ ÞÍ. Sýsl. Skag. B/11-10. Uppboðsbók 1863-1863.

⁴ Sjá viðauka, bls. 119.

húsbænda. Eftir að hafa gerst vinnukona Ingimundar Guðmundssonar fylgir hún fjölskyldu hans til æviloka. Hún ferðast með þeim á milli sýslna og sókna og tekur börn hans undir sinn væng, einkum Þiðrik, son hans, en hún fylgir honum til Höfðasóknar þegar hann er sendur þangað sem tókubarn. Eftir andlát Ingimundar heldur hún áfram að starfa fyrir Þiðrik eftir að hann stofnar eigið býli og fram að seinna hjónabandi hans eftir að fyrri eiginkona hans fellur frá. Eftir það fylgir hún syni Þiðriks, Ingimundi, þegar hann gerist smaladrengrur á Kjarvalsstöðum. Ragnheiður virðist hafa orðið fullgildur meðlimur þessarar fjölskyldu og fylgt henni í þrjár kynslóðir á rúmum fjórum áratugum. Hún gat því stuðst við þá fjölskyldu allan sinn starfsferil og fékk frá henni allar nauðsynjavörur líkt og fatnað og sængurföt. Ef hún hefur verið sátt við líf sitt og stöðu innan fjölskyldunnar var e.t.v. lítil hvatning fyrir hana að giftast og stofna eigið býli. Að sama skapi hefur hún sennilega upplifað litla hvatningu til að ná höndum yfir mikil verðmæti líkt og önnur vinnuhjú þessarar rannsóknar þar sem allt sem hún þurfti var til á heimilinu.

Valgerður Jónsdóttir á Skefilsstöðum (1801–1867)

66 ára – Eignastaða: 37 ríkisdalir

Valgerður Jónsdóttir vinnukona á Hrafnagili í Hvammssókn lést haustið 1867, 66 ára að aldri.¹ Foreldrar hennar voru Jón Magnússon bóndi (1769–1834) og Vigdís Jónsdóttir kona hans (1763–1819). Að auki átti hún sex alsystkini: Þórunni (1793–1854), Sigríði (1798–1854), Magnús (f. 1798), Halldóru (1799–1836), Vigdísi (f. 1803) og Jón (f. 1818). Einnig átti hún fimm hálsystkini úr seinna hjónabandi föður hennar: Maríu Önnu (1821–1898), Hólfríði (1822–1883), Magnús (1826–1881), Soffíu (1828–1915) og Svein (1832–1862). Valgerður hóf ævi sína á Hróthóli í Kvíabekkjarsókn í Eyjafjarðarsýslu og er skráð þar með fjölskyldu sinni árið 1801.² Í sóknarmannatölum árin 1809 og 1811 er föður hennar lýst sem skikkanlegum manni sem búi yfir góðri andlegri kunnáttu. Móðir hennar er sögð vera skikkanleg með einungis sæmilega kunnáttu.³ Í skiptabókarfærslu föður hennar má sjá að dánarbú hans var metið á 112 ríkisdali.⁴ Það er því ljóst að þó að foreldrar hennar hafi ekki glímt við sára fátækt þá voru

¹ ÞÍ. Sýsl. Skag. ED1/4-2. Skiptabók 1867-1883, bls. 8.

² *Manntal á Íslandi 1801*, bls. 187.

³ ÞÍ. Kirknasafn. Kvíabekkur BC/2. Sóknarmannatal 1796-1811, bls. 185 og 199.

⁴ ÞÍ. Sýsl. Eyj. ED1/6-2. Skiptabók 1829-1837, bls. 293.

þau ekki efnafólk. Þann 17. ágúst 1819 fellur móðir hennar frá sökum þess sem prestur nefnir „vatnssýki“. Einnig er tekið fram að hún hafi „lengi verið brjóstveik og þjáðst lengi“.¹ Þann 30. desember sama ár gengur faðir hennar að eiga Önnu Magnúsdóttur (1794–1862) vinnukonu á Lóni í sömu sókn.² Valgerður er ennþá skráð á Hróthóli árið 1827 en ári síðar gerist hún vinnukona á Gunnólfsá innan sömu sóknar, sögð 27 ára gömul. Árið 1831 flyst hún yfir á Syðriá, aftur innan sömu sóknar,³ og ári síðar fer hún til Hvanneyrarsóknar þar sem hún gerist vinnukona fyrir bóndann Þorfinn Þorfinnsson (1771–1846) á Leyningi, sögð 30 ára gömul.⁴

Þann 19. ágúst 1834 andast faðir hennar úr landfarsótt.⁵ Skipti á dánarbúi hans voru framkvæmd 2. október sama ár og fengu börn hans 47 ríkisdali í arf sem skiptist á milli þeirra, að undanskilinni Þórunni sem fékk mun meira en hún átti að fá úr móðurarfi systkinanna og var því ekki meðtalin. Valgerður fékk í sinn hlut eina veturgamla kind, hempuföt, skyrtuból, gamla kistu, eintak af Grallara og Fæðingarsálmum og annað eintak af Hugvekju sálmum og Bjarnabænum. Föðurarfur hennar var metinn á 3 ríkisdali og 66 skildinga.⁶ Þetta var afar lítill arfur en skiljanlegur í ljósi þess hvað hún átti mörg systkini.

Árið 1839 flyst vinnumaðurinn Jón Jónsson að Leyningi frá Lambanesi í Holti í Fljótum. Þann 17. júní ári síðar eignast Valgerður með honum dótturina Guðbjörgu (1840–1928).⁷ Samkvæmt skiptabókafærslu hennar eignaðist hún einnig dótturina Helgu Jónsdóttur á óþekktum tímapunkti, en faðernis hennar er ekki getið þar.⁸ Árið 1840 flytur hún frá Leyningi til Hafnar innan sömu sóknar, sögð 39 ára gömul. Ári síðar flytur hún svo í Engidal, aftur innan sömu sóknar, þar sem hún gerist vinnukona hjá Jóni Sigfússyni (1802–1858). Árið 1843 er Guðbjörg dóttir hennar skráð með henni þar á bæ, sögð 4 ára gömul niðurseta. Árið 1847 flytur Jón og fjölskylda hans á Árná í sömu sókn og Valgerður og Guðbjörg fylgja þeim.⁹ Tveimur árum síðar flyst hún með Guðbjörgu yfir í Vík og gerist vinnukona hjá bóndanum Þorláki Hallgrímssyni (1810–1862), sögð 48 ára gömul.

¹ ÞÍ. Kirknasafn. Kvíabekkur BA/2. Prestsþjónustubók 1817-1864, bls. 202.

² ÞÍ. Kirknasafn. Kvíabekkur BA/2. Prestsþjónustubók 1817-1864, bls. 89.

³ ÞÍ. Kirknasafn. Kvíabekkur BC/3. Sóknarmannatal 1826-1834, bls. 39 og 69.

⁴ ÞÍ. Kirknasafn. Kvíabekkur BA/2. Prestsþjónustubók 1817-1864, bls. 162.

⁵ ÞÍ. Kirknasafn. Kvíabekkur BA/2. Prestsþjónustubók 1817-1864, bls. 209.

⁶ ÞÍ. Sýsl. Eyj. ED1/6-2. Skiptabók 1829-1837, bls. 296.

⁷ ÞÍ. Kirknasafn. Hvanneyri í Siglufirði BA/3. Prestsþjónustubók 1816-1861, bls. 43.

⁸ ÞÍ. Sýsl. Skag. ED1/4-2. Skiptabók 1867-1883, bls. 8.

⁹ ÞÍ. Kirknasafn. Hvanneyri í Siglufirði BC/5 bls. 59, 70, 91 og 120.

Síðar sama ár fylgja mæðgurnar fjölskyldu hans til Skagafjarðar þar sem þau setjast að á Sauðá í Sjóvarborgarsókn.¹ Þær eru skráðar þar í manntalinu 1850 og Hólmsfríður, systir Valgerðar, er skráð sem vinnukona með þeim.² Árið 1852 fer Valgerður til Rípursóknar og er skráð sem vinnukona í Hellulandi í manntalinu 1855. Guðbjörg hefur þá ráðið sig í vinnumennsku á Kirkjuhóli í Víðimýrarsókn.³ Ári síðar flyst Valgerður að Sjóvarborg í Sjóvarborgarsókn og árið 1859 er hún skráð í Glæsibæ í Reynistaðarsókn, sögð 58 ára.⁴ Á óþekktum tím punkti gerist hún vinnukona á Skefilsstöðum í Hvammssókn þar sem hún andast árið 1867. Dánarbú hennar var skrifað þann 4. október sama ár⁵ og skiptin voru framkvæmd 4. maí 1868. Skráðir erfingjar voru dætur hennar tvær, Guðbjörg og Helga.⁶

Dánarbú hennar var metið á 36 ríkisdali og 58 skildinga. Valgerður átti Sturms hugvekjur, Þorláksskver, Miðvikudagspredikanir og Nýja testamentið. Athyglisvert er að þetta eru ekki sömu bækur og hún fékk eftir föður sinn og hefur hún þá útvegað sér þær sjálf. Þær voru þó ekki í góðu standi og voru aðeins metnar á 40 skildinga. Einnig átti hún stórt safn af fatnaði sem víða er lýst sem slitnum, gömlum eða í görmum. Sumt af fatnaðinum var þó í betra laginu, og sem dæmi má sjá tvo upphluti með koparmilnum, gott klæðispils og þó nokkra fína klúta. Föt hennar voru metin á 21 ríkisdal og 64 skildinga. Að auki átti hún góða sæng að virði 4 ríkisdala og nokkrar kistur og skjóður sem metnar voru á 6 ríkisdali og 20 skildinga. Líkt og margar vinnukonur átti hún einnig sauma- og þrjónaáhöld, líkt og snældur, rekkjuvoð, rokk og þrjóna, metið á 3 ríkisdali og 80 skildinga.⁷

Líkt og Þórunn og Ragnheiður var Valgerður barn bændahjóna og starfaði allan sinn feril í vinnumennsku. Foreldrar hennar voru þó hvorki fátæk né efnafólk en hún fékk þó örlítil verðmæti í arf er þau féllu frá. Eignastaða hennar er nokkurn veginn í samræmi við uppruna hennar. Föt hennar voru ekki í besta standi en hún átti margskonar verðmæti í formi búsgagna. Athyglisvert er þó að hvorki voru skráð reiðtygi né skepnur í búi

¹ ÞÍ. Kirknasafn. Hvanneyri í Siglufirði BA/3. Prestsþjónustubók 1816-1861, bls. 160.

² Vef. Þjóðskjalasafn Íslands. manntal.is -> manntal 1850.

³ ÞÍ. Kirknasafn. Ríp í Hegranesi BA/4. Prestsþjónustubók 1817-1867, bls. 196 og Vef. Þjóðskjalasafn Íslands. manntal.is -> manntal 1855.

⁴ ÞÍ. Kirknasafn. Reynistaðarklaustur BC/3. Sóknarmannatal 1841-1864, bls. 89.

⁵ ÞÍ. Sýsl. Skag. ED2/20. Dánarbú 1867-1868.

⁶ ÞÍ. Sýsl. Skag. ED1/4-2. Skiptabók 1867-1883, bls. 8.

⁷ Sjá viðauka, bls. 125-126.

Valgerðar. Ólíkt Þórunni og Ragnheiði eignaðist Valgerður tvö börn í lausaleik með vinnumönnum. Helgu hefur hún neyðst til að gefa frá sér en Guðbjörg býr með henni allt þar til hún gerist sjálf vinnukona.

Sigurlaug Ingimundardóttir á Bjarnastöðum (1790–1846)

56 ára – Eignastaða: 44 ríkisdalir

Sigurlaug Ingimundardóttir vinnukona á Bjarnastöðum í Flugumýrarsókn lést árið 1846.¹ Foreldrar hennar voru Ingimundur Þorgrímsson bóndi (f. 1760) og Sesselja Gísladóttir kona hans (f. 1766). Hún átti sex systkini: Björn (1793–1857), Sigríði (f. 1796), Jón (1801–1837), Þorlák (1802–1857), Hannes (1805–1851) og Gísla (1807–1887). Sigurlaug hóf ævi sína með fjölskyldu sinni á Miklahóli í Viðvíkursveit og er skráð þar í manntalinu 1801, sögð 10 ára gömul.² Árið 1803 hefur fjölskyldan flust yfir á Litla-Hól sem var næsti bær við hliðina. Í sóknarmannatali fyrir árið 1809 er föður hennar lýst sem iðjusömum en illa lesnum manni auk þess sem almenn kunnátta hans væri einungis í meðallagi. Móður hennar er sögð vera „skikkanleg og gagnleg“ og hafa sæmilega lestrarkunnáttu. Sigurlaug sjálf er sögð vera illa lesin, kyrrlát og dauf til kunnáttu en líkleg til vinnu. Hún er ennþá skráð á Litla-Hóli árið 1813 á 24. Aldursári.³ Því næst er hana að finna sem vinnukonu á Svaðastöðum í Hofsstaðasókn árið 1816.⁴ Árið 1833 fer hún frá Flugumýrarhvammi í Flugumýrarsókn til Bæjar í Höfðasókn þar sem hún fær stöðu sem bústýra.⁵ Þar er hún enn skráð sem ráðskona í manntalinu 1835, 44 ára að aldri.⁶ Húsbóndinn þar var ekkill að nafni Hallgrímur Oddsson (1799–1838) sem bjó þar með tveimur sonum sínum. Á næstu árum fer Sigurlaug á milli nokkurra bæja sem bústýra. Árið 1839 flyst hún frá Bæ yfir á Bjarnastaði í Hofssókn og tekur 6 ára son Hallgríms, Daníel, með sér en hann er skráður þar sem fóstursonur hennar. Sigurlaug er þó ennþá skráð sem ógift á þessum tímamarki.⁷ Í manntalinu 1840 er Daníel nú skráður sem tókubarn á Keldum í Fellssókn en Sigurlaug er enn skráð á Bjarnastöðum sem ráðskona,

¹ ÞÍ. Sýsl. Skag. ED1/3-2. Skiptabók 1847-1852, bls. 10.

² *Manntal á Íslandi 1801*, bls. 142.

³ ÞÍ. Kirknasafn. Ríp í Hegranesi BC/1. Sóknarmannatal 1785-1815, bls. 211, 233 og 251.

⁴ Vef. Þjóðskjalasafn Íslands. manntal.is -> manntal 1816.

⁵ ÞÍ. Kirknasafn. Fell í Sléttuhlíð BA/1. Prestsþjónustubók 1816-1839, bls. 170.

⁶ Vef. Þjóðskjalasafn Íslands. manntal.is -> manntal 1835.

⁷ ÞÍ. Kirknasafn. Fell í Sléttuhlíð BA/1. Prestsþjónustubók 1816-1839, bls. 237.

51 árs gömul. Húsbóndinn þar á bæ var ekillinn Sigmundur Jónsson (1795–1858) sem bjó þar ásamt fjórum börnum sínum og tveimur vinnuhjúum.¹ Ári síðar fer hún að Þúfum² í Miklabæjarsókn þar sem annar ekill, Jónatan Jónsson (1781–1848), átti býli með tveimur börnum sínum.³ Árið 1845 er hún ráðskona á Þrastarstöðum í Hofssókn og fer þaðan að Bjarnastöðum í Flugumýrarsókn.⁴ Í manntalinu 1845 er hún skráð þar sem bústýra, 55 ára gömul. Húsbóndinn þar á bæ var Jón Guðmundsson (ca. 1796 -) sem bjó þar með syni sínum og einni vinnukonu. Dánarbú hennar var skráð 2. nóvember 1846 og skiptin voru framkvæmd 29. júní 1847.⁵ Þó að hún sé skráð sem bústýra í manntalinu 1845 er hún sögð vera vinnukona bæði í dánarbús- og skiptibókarfærslu sinni. Erfingjar hennar voru fimm eftirlifandi systkini hennar: Gísli, Björn, Þorlákur, Hannes og Sigríður. Allir bræður hennar voru kvæntir bændur á þeim tímapunkti. Gísli var þá bóndi á Stóru Ökrum í Miklabæjarsókn, Björn bóndi í Brekkukoti í Hofsstaðasókn, Þorlákur bóndi í Lóni í Hofsstaðasókn og Hannes bóndi á Löngumýri í Glaumbæjarsókn. Sigríður var aftur á móti ógift vinnukona á Svaðastöðum í Hofsstaðasókn.

Dánarbú Sigurlaugar var metið á 43 ríkisdali og 73 skildinga. Hún átti fimm bækur í lélegu standi: Upprisuhugvekjur, Sálmaþók, Miðvikudagapredikanir, Hallgrímsskver og Þórðarbænir. Þær voru einungis metnar á 28 skildinga. Einnig átti hún gott eintak af Vídalínspostillu sem var metið á 2 ríkisdali. Fatnaður hennar var í misjafnlegu ástandi og mörg föt eru sögð gömul og léleg. Hún átti þó góðan vaðmálsfrakka sem metinn var á 2 ríkisdali og 30 skildinga og fínt klæðispils með bláum upphlut og tíu silfurmilnum að virði 3 ríkisdala. Föt hennar voru metin á 12 ríkisdali og 92 skildinga. Einnig á skrá eru margskonar húsgögn og eldhúsáhöld líkt og kaffikvörn, sykurbolli, lítil kanna, strokkur og tóbaksfjöl. Að auki átti hún góða sæng með boldáangsveri að virði 3 ríkisdala og stórt safn kistna sem metnar voru á 5 ríkisdali og 58 skildinga. Líkt og Þórunn átti hún einnig verkfæri til vinnu, svo sem þrjónaáhöld, tvo rokka og snældustól. Þetta var þó einungis metið á 80 skildinga. Hún átti þar að auki vönduð reiðtygi: kvensöðul, ólarreipi, koparhengjur, höfuðleður, kjálkabeisli, áklæði og þófa, metið á 10 ríkisdali og 90 skildinga. Ólíkt Þórunni átti hún einnig lítið safn af verkfærum líkt og orfhrífu, ljáspíkur

¹ Vef. Þjóðskjalasafn Íslands. manntal.is -> manntal 1840.

² ÞÍ. Kirknasafn. Hofsping BA/1. Prestsþjónustubók 1816-1851, bls. 186.

³ Vef. Þjóðskjalasafn Íslands. manntal.is -> manntal 1840.

⁴ ÞÍ. Kirknasafn. Hofsping BA/1. Prestsþjónustubók 1816-1851, bls. 191.

⁵ ÞÍ. Sýsl. Skag. ED2/12. Dánarbú 1821-1850 og ED1/3-2. Skiptabók 1847-1852, bls. 10.

og grasajárn. Líkt og áður var nefnt var það undantekningartilfelli að vinnukonur ynnu við sláttuvinnu og því athyglisvert að hún skyldi eiga slík tól. Verkfærin voru þó öll í lélegu ástandi og einungis metin á 46 skildinga. Engar skepnur eru skráðar í búi hennar.¹

Líkt og Valgerður var Sigurlaug barn meðalefnaðra foreldra og ólst upp á bæ þeirra. Markverðasti munurinn milli hennar og hinna vinnuhjúanna í þessum kafla er að hún eyddi stórum hluta starfsferils síns sem bústýra og ráðskona fremur en hefðbundin vinnukona. Á sex ára tímabili gerist hún bústýra á í það minnsta fjórum býlum. Allt voru þetta bæir ekkla sem allir áttu börn og þurftu aðstoð við að reka býli sitt eftir að konur þeirra féllu frá. Þetta var merkileg sérhæfing sem aðgreinir hana mikið frá öðrum vinnuhjúum þessarar rannsóknar. Eignastaða hennar er að mörgu leyti í takt við þessa stöðu og í dánarbúi hennar er að finna mun meira úrval af eldhúsáhöldum og annarskonar búsgagni í samanburði við bú Þórunnar, Ragnheiðar og Valgerðar.

Samantekt

Hér hafa verið teknar fyrir fjórar vinnukonur til samanburðar við þá vinnumenn sem gerð var grein fyrir fyrr í kaflanum. Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á eignum þeirra í ríkisdöllum:

Tafla 17. Samantekt á verðmætum eldri vinnukvenna.

	Þórunn Daníelsdóttir	Ragnheiður Sölvadóttir	Valgerður Jónsdóttir	Sigurlaug Ingimundardóttir
Bækur	1.76	0	0.40	2.28
Fatnaður	21.30	7.72	21.64	12.92
Búsgagn	18.91	2.48	8.74	12.07
Rúmföt	4.32	1.48	5.80	5.10
Verkfæri	0	0	0	0.46
Reiðtygi	2.60	0.48	0	10.90
Í fríðu	31	0	0	0
Peningar og annað	38.72	0	0	0
Heildarverðmæti	118.61	12.16	36.58	43.73
Skuldir	0	0	0	0

Heimild: Sjá viðauka.

Þrjár þeirra áttu bækur og reiðtygi af einhverju tagi en aðeins Þórunn átti skepnur meðan Sigurlaug var sú eina þeirra sem átti verkfæri. Allar fjórar áttu þó rúmföt af

¹ Sjá viðauka, bls. 120-122.

einhverju tagi líkt og kotta, sængur og rekkjuvoðir. Bú Þórunnar var það verðmætasta að nær öllu leyti og flestar hennar eigur voru metnar á háu verði. Hún átti þar að auki óþekkt verðmæti sem geymd voru hjá öðru fólki. Efnahagsleg staða foreldra hennar ásamt þeim verðmætum sem hún fékk í arf leika hér lykilhlutverk. Við fyrstu sýn virðist Ragnheiður hafa átt verðminnsta búið og var skráð með lítið annað en örfá fót og lítið safn af búsgagni. Hún bjó þó hjá sömu fjölskyldu alla tíð og hafði því litla hvatningu til að ná höndum yfir verðmæti sem ekki voru til á heimilinu. Þar að auki voru eignir hennar flestar í nokkuð góðu standi og sum fót hennar skráð sem nýleg. Fjölskyldur þessa vinnukvenna voru misjafnlega efnaðar. Foreldrar Þórunnar áttu mikil verðmæti en foreldrar Valgerðar og Sigurlaugar voru meðalefnuð.

Samanborið við fjóra vinnumenn þessa kafla voru þessar vinnukonur nokkuð efnaminni. Eftirfarandi er heildartafla með samanburði á öllum átta vinnuhjúunum:

Tafla 18. Samanburður á verðmætum eldri vinnuhjúa.

	Oddur O.	Jón Á.	Guðmundur Á.	Pétur E.	Þórunn D.	Ragnheiður S.	Valgerður J.	Sigurlaug I.
Bækur	3.80	3.20	1.56	0	1.76	0	0.40	2.28
Fatnaður	15.66	26.58	24.40	11.54	21.30	7.72	21.64	12.92
Búsgagn	31.26	37.72	11.56	5.62	18.91	2.48	8.74	12.07
Rúmföt	10.28	13.48	0	3.12	4.32	1.48	5.80	5.10
Verkfæri	2.24	5.84	0.24	2.08	0	0	0	0.46
Reiðtygi	6.28	12.60	4	3.08	2.60	0.48	0	10.90
Í fríðu	65.48	63	0	11	31	0	0	0
Í peningum	145.80	0	5.80	0	37.44	0	0	0
Heildarverðmæti	279.88	162.42	47.56	36.44	117.33	12.16	36.58	43.73
Skuldir	3.48	0	6.56	17.80	0	0	0	0

Heimild: Sjá viðauka.

Marktækast af öllu er hversu margar af vinnukonunum skorti eignir líkt og verkfæri og skepnur. Einungis Þórunn var skráð með skepnur samanborið við þrjá af vinnumönnunum. Enginn markverður kynjabundinn munur var á fatnaði þeirra eða reiðtygjum. Efnaðri vinnumennirnir áttu þó talsvert verðmætara safn af búsgagni samanborið við efnaðri konurnar. Annar áhugaverður munur milli kynjanna er að þrír vinnumannanna voru skráðir með skuldir við andlát sitt á meðan ekki ein einasta skuld er skráð í dánarbúum vinnukvennanna.

Allir þessir einstaklingar voru komnir vel á aldur er þeir féllu frá. Jón og Guðmundur höfðu stofnað býli fyrr á ævinni sem þeir síðan töpuðu. Oddur starfaði við

vinnumennsku alla sína ævi og Pétur lifði í lausamennsku og starfaði við daglaunavinnu áður en hann gerðist vinnumaður. Allar vinnukonurnar störfuðu sem vinnuhjú fram að dauðadegi.

Uppruni var mikilvægur þáttur hjá báðum kynjunum. Tvö efnuðustu vinnuhjúin, Jón og Þórunn, voru börn bændahjóna og fengu verðmæti í arf er foreldrar þeirra féllu frá. Þó svo að skipti á dánarbúi foreldra sé ekki til staðar fyrir alla einstaklingana er líklegt að þeir hafi fengið einhver verðmæti í arf. Ef einstaklingur var óskilgetinn eða kom af fátækari fjölskyldu átti hann lakari fjárhagslegan grundvöll til að stofna eigið býli seinna meir og þurfti mun frekar að treysta á eigin getu og vinnu til að safna upp eignum.

Hjónabandsstaða var ekki afgerandi ummerki um efnamikla eignastöðu. Guðmundur og Pétur voru báðir kvæntir og eignuðust nokkur börn. Pétur kvæntist tvisvar og var ekkill við andlát sitt en stofnaði aldrei býli. Guðmundur stofnaði ungur býli með konu sinni en tapaði því innan örfárra ára. Barneignir voru þó ekki einungis bundnar við hjónaband og Valgerður eignaðist tvö í lausaleik. Dæmi Guðmundar, Jóns og Péturs sýna hve óstöðug skilin gátu verið á milli bænda og hjúa. Engin vinnukvennanna giftist, en sumar bjuggu þó yfir góðu félagsneti, líkt og Ragnheiður sem starfaði hjá sömu fjölskyldu megnið af starfsferli sínum.

3.4. Greining á mannfólki og manngerðum

Í síðustu tveimur köflum hafa verið tekin fyrir sextán vinnuhjú í tveimur aldurshópum. Eignastaða þeirra var margbreytileg, bæði innan þessara hópa og milli kynja. Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á eignastöðu þeirra allra:

Tafla 19. Heildarsamantekt á verðmætum vinnuhjúa.

	Bækur	Fatnaður	Búsgagn	Rúmföt	Verkfæri	Reiðtygi	Í fríðu	Annað	Heildarv.	Skuldir
Jón D.	0.64	11.60	0.88	0	1.68	0.64	0	0	15.44	5.48
Eyjólfur P.	0.40	8.40	6.30	0	0	7	5.48	185.42	213	9.24
Ólafur G.	3.60	23.40	9.03	0	3.84	14.84	66.80	222.28	344	7.04
Erlendur J.	0	8.32	7.96	0	0.40	4.32	141	0	162	40
Oddur O.	3.80	15.66	31.26	10.28	2.24	6.28	65.48	145.80	279.80	3.48
Jón Á.	3.20	26.58	37.72	13.48	5.84	12.60	63	0	162.42	0
Guðmundur Á.	1.56	24.40	11.56	0	0.24	4	0	5.80	47.56	6.56
Pétur E.	0	11.54	5.62	3.12	2.08	3.08	11	0	36.44	17.80
Björg B.	4	34.80	34.74	12.28	0	11.48	0	286.46	383.76	1.16
Lilja R.	0.24	13.24	1.24	0	0	1	14.32	0.64	30.68	0.64
Svanborg O.	2.92	1.64	3.76	0	0	0	55.64	0	63.96	27
Guðrún J.	0	10.58	9.79	5	0.16	0	0	6	25.53	0.20
Þórunn D.	1.76	21.30	18.91	4.32	0	2.60	31	37.44	118.61	0
Ragnheiður S.	0	7.72	2.48	1.48	0	0.48	0	0	12.16	0
Valgerður J.	0.40	21.64	8.74	5.80	0	0	0	0	36.58	0
Sigurlaug I.	2.28	12.92	12.07	5.10	0.46	10.90	0	0	43.73	0

Heimild: Sjá viðauka, bls. 98-135.

Heildarverðmæti voru mjög fjölbreytileg milli beggja aldurshópa og á milli kynja. Yngri vinnuhjú voru mun líklegri til að láta eftir sig háar skuldir. Lítil munur var á bóka- og fataeign milli aldurshópanna en mun fleiri eldri vinnuhjú voru skráð með sængurföt af einhverju tagi (sjö eldri vinnuhjú samanborið við tvö yngri). Greina má mun á milli

kynjanna hvað varðar eign á skepnum og reiðtygjum. Sex vinnumenn áttu skepnur samanborið við þrjár af vinnukonunum. Einungis fimm vinnukonur áttu reiðtygi á meðan allir vinnumennirnir áttu slíka gripi af einhverju tagi. Helsti kynjamunurinn kemur þó fram í verkfæraeign þeirra. Allir vinnumennirnir, að undanskildum Eyjólf Péturssyni, áttu verkfæri en einungis tvær vinnukonur og þá í mjög litlu magni. Þetta er í samræmi við það að verkfæravinna líkt og smíðar og viðgerðir var talin vera karlmannsverk. Þess í stað áttu konurnar mun frekar sauma- og þrjónaáhöld líkt og rokk og nálhús. Einnig er þetta í samræmi við þá tölfræði sem kom fram í fyrri kafla.

Út frá þessum ferilsathugunum má greina fjórar manngerðir, þ.e. ólíka hópa með sérkennum m.t.t. þátta líkt og aldurs, starfsferils, uppruna og eignastöðu. Í fyrsta lagi má sjá ungt fólk frá góðum heimilum sem fór í vinnumennsku til að læra til verka. Hér má nefna Eyjólf Pétursson og Ólaf Guðmundsson sem báðir voru synir efnaðra bænda, fengu mikil verðmæti í arf, m.a. jarðarhluta, og hefðu að öllum líkindum stofnað bú síðar á ævinni. Það sama á við um Björgu Björnsdóttur sem ólst upp í foreldrahúsum og fékk einnig mikil verðmæti í arf.

Önnur manngerð er ungt fólk sem ekkert átti fyrir þó það líklega reyndi. Mörg þeirra voru óskilgetinn og hófu ævi sína sem tökubörn. Þau áttu því ekkert efnahagslegt bakland í formi fjölskylduarfs og þurftu mestmegnis að standa á eigin fótum. Hér má nefna Jón Davíðsson sem var á hálfgerðum flækingsi alla ævi. Erfiðara er að segja til um það hvort þessir einstaklingar hefðu náð að hefja búskap síðar á ævinni en það var ávallt möguleiki miðað við ungan aldur þeirra.

Þriðja manngerðin eru einstaklingar sem stofnuðu bú, hugsanlega af veikum mætti, en brugðu búi og enduðu ævina sem vinnuhjú. Hér má nefna Jón Árnason og Guðmund Ásgrímsson. Jón var sonur meðalefnaðra bændahjóna og fékk einhver verðmæti í fjölskylduarf. Eftir tuttugu ár í vinnumennsku stofnaði hann eigið býli og starfaði sem bóndi í rúm átján ár. Hann brá búi stuttu fyrir andlát sitt og endaði ævina sem vinnumaður á stórbýli. Guðmundur var mun yngri þegar hann stofnaði býli, starfaði sem bóndi í einungis örfá ár og eyddi megininu af starfsferli sínum í vinnumennsku.

Fjórhá manngerðin eru æviráðið vinnufólk. Þessir einstaklingar náðu aldrei að safna nægilegum fjármunum til að stofna eigið býli og störfuðu við vinnumennsku fram á dauðadag. Sumir, líkt og Ragnheiður Sölvadóttir, voru hjá sömu fjölskyldu megnið af starfsferli sínum. Hún var að öllum líkindum álitinn meðlimur þeirrar fjölskyldu og hafði

því minni hvatningu til að útvega sér eigin verðmæti líkt og fatnað og sængurföt. Aðrir líkt og Valgerður Jónsdóttir voru í vist á mörgum bæjum innan sömu sóknar en aðrir fóru víða, líkt og Pétur Eyjólfsson, sem gerðist lausamaður um margra ára skeið.

Uppruni einstaklinganna lék lykilhlutverk í báðum aldurshópunum. Þeir sem voru börn giftra bændahjóna og ólust upp á bæ foreldra sinna voru mun líklegri til að verða efnaðri síðar meir. Þrír efnuðustu einstaklingarnir meðal yngri vinnuhjúanna, Eyjólfur Pétursson, Ólafur Guðmundsson og Björg Björnsdóttir, falla í þennan hóp. Öll voru þau börn stór- eða meðalefnaðra foreldra og ólust upp á býli þeirra. Þar að auki fengu þau öll mikil verðmæti í arf þegar foreldrar þeirra féllu frá. Tvö efnuðustu af eldri vinnuhjúunum, Jón Árnason og Þórunn Daníelsdóttir, voru einnig börn bændahjóna og fengu verðmæti í arf eftir foreldra sína. Ef einstaklingur var óskilgetinn eða kom af fátækari fjölskyldu bjó hann við lakari fjárhagslegan grundvöll og þurfti mun frekar að standa á eigin fótum til að geta stofnað eigið býli seinna meir. Sá eignaminnsti af yngri vinnuhjúunum, Jón Davíðson, var einmitt óskilgetinn og ólst upp sem tókubarn á nokkrum bæjum.

Annar mikilvægur þáttur í starfsferli einstaklinganna voru húsbændur þeirra. Eins og nefnt var áður voru vinnuhjú líklegri til að fá betri kjör hjá stórefnuðum bændum. Efnaðir bændur voru einnig líklegri til að veita hjúum sínum góðan fatnað og sængurföt. Ólafur og Björg störfuðu bæði hjá slíkum húsbændum sem endurspeglast í því að þau áttu nokkra sjaldgæfari og verðmætari gripi. Ólafur átti sem dæmi byssu, langspil og signet, og Björg átti mjög fína boldangsveraða sæng, stórar og málaðar kistur og mikið safn af fínum kjólum og pílsum. Þótt vinnuhjú gætu við fyrstu sýn virst vera fátæk ef miðað er við heildarmat búa þeirra gátu eignir þeirra verið verðmætar ef þau störfuðu hjá efnafólki. Sem dæmi starfaði Guðrún Jónsdóttir um margra ára skeið á bæ Þorleifs Þorleifssonar sem var stórefnaður bóndi og hákarlaformaður á Siglufirði. Hún átti engar skepnur og aðeins örlítið safn af fötum og búsgagni en þær eignir sem hún átti voru nær allar í mjög góðu ástandi og hún átti þar að auki mjög fína dúnsæng. Að sama skapi ef vinnuhjú dvöldust lengi hjá einum húsbónda var minni hvatning fyrir þau að öðlast eignir sem ekki voru til á heimilinu. Hér má aftur benda á Ragnheiði Sölvadóttur sem starfaði hjá sömu fjölskyldu í rúma fjóra áratugi.

Vinnuhjú gátu oft verið skráð með skuldir hjá ólíkum aðilum á nálægum býlum sem veittu þeim aðstoð eða verðmæti. Sem dæmi var Ólafur Guðmundsson sem skuldaði bónda fyrir ráðgjöf og aðstoð við fola hans, Erlendur Jónsson skuldaði fyrir heyrirðingu

í tuttugu ár og Svanborg Oddsdóttir átti skuld í kaupstað. Skuldugustu vinnuhjúin voru Erlendur og Svanborg. Þau voru bæði ung, nýgift og vel á veg komin með að stofna eigið býli. Eignastaða þeirra var ekki mjög mikil en þau áttu eitthvað af búfé. Hugsanlegt er að þessar skuldir endurspegli þau markmið. Eins og fyrr var nefnt voru yngri vinnuhjú líklegri til að láta eftir sig háar skuldir. Yngri vinnuhjúin voru öll skráð með einhverskonar skuldir við andlát sitt. Eldri hjúin voru þó mörg skuldlaus, einkum vinnukonurnar. Aðeins Guðmundur Árnason og Pétur Eyjólfsson voru skráðir með skuldir. Mögulega tóku yngri vinnuhjúin að sér skuldir í formi þjónustu og til að öðlast ákveðin verðmæti í þeirri von um að stofna býli síðar meir og greiða þær skuldir eftir að þau öðluðust öruggari starfs- og fjárhagsstöðu.

Aldur sem áhrifapáttur

Vinnumennska var hluti af lífsferli langflestra Íslendinga um miðja 19. öld. Hún var atvinna til framfæris en líka menntun til starfa síðar á lífsleiðinni, fyrst og fremst til búskapar. Ekki unnu margir á eigin heimili á aldrinum 18–25 ára, en þó var það til. Vinnuhjúum þessarar rannsóknar er skipt í tvo aldurshópa. Yngri vinnuhjúin sem hér hafa verið til umfjöllunar voru sum að hefja sín fyrstu skref í vinnumennsku þegar þau létust. Önnur höfðu starfað sem vinnuhjú á fjölda bæja í rúman áratug, líkt og Jón Davíðsson og Lilja Rögnvaldsdóttir. Aðrir, líkt og Eyjólfur Pétursson og Ólafur Guðmundsson, höfðu einungis verið starfandi í rúm tvö ár. Sum voru óskilgetin tókubörn eða börn fátækra hjóna á meðan önnur komu af stórefnuðu fólki. Lykilatriðið er þó að öll voru þau ung og áttu framtíðina fyrir sér. Hvort sem þau stóðu á sterkari fjárhagslegri grundvelli eða áttu sterkara félagsnet eða ekki áttu þau öll möguleika á því að giftast og stofna býli síðar á ævinni. Dæmi Erlendar Jónssonar og Svanborgar Oddsdóttur sýnir hversu hratt aðstæður þeirra gátu breyst. Bæði tvö höfðu verið í vinnumennsku í meira en tíu ár. Á rúmum tveimur árum kynntust þau mökum sínum og gengu í hjónaband og hefðu að öllum líkindum stofnað býli með þeim ef líf þeirra hefði farið á annan veg. Það eina sem eignastaða allra þessa einstaklinga hefði í raun breytt er sá tími sem það hefði tekið þau að safna upp búfénaði. Erlendur ólst upp sem tókubarn og fékk sín verðmæti eftir margra ára starfsferil, meðal annars á stórbýlum. Einstaklingar líkt og Eyjólfur og Ólafur fengu

mikil verðmæti í föðurarf og hefðu því að öllum líkindum getað gerst bændur ungir að aldri.

Eldri vinnuhjúin voru á öðrum stað í lífinu. Sum þeirra, líkt og Jón Árnason og Guðmundur Ásgrímsson, höfðu þegar verið bændur en tapað býli sínu fyrr á ævinni. Guðmundur var á þrítugsaldri þegar hann stofnaði sitt fyrsta býli og Jón var fertugur. Guðmundur lenti í þeirri heppilegu stöðu að geta stofnað býli á jörð tengdaforeldra sinna á meðan Jón þurfti að safna fjármunum í nokkra áratugi áður en hann gat gerst bóndi. Önnur hjú, líkt og Oddur Oddsson og Þórunn Daníelsdóttir, voru ógift vinnuhjú alla sína ævi. Bæði eru þau gott dæmi um hjú sem áttu mikil verðmæti þrátt fyrir stöðu sína. Þórunn var barn efnaðra foreldra og fékk mikil verðmæti í arf meðan Oddur ólst upp á prestssetri og eyddi mörgum árum í vinnu á Verslunarstað Siglufjarðar. Önnur hjú voru þó fátæk alla sína ævi. Valgerður Jónsdóttir var barn meðalefnaðra foreldra og var eitt af alls tólf börnum. Hún eignaðist tvær dætur í lausaleik og neyddist til að gefa aðra þeirra frá sér sem tökubarn. Ragnheiður Sölvadóttir var ógift og barnlaus alla ævi og var mjög fátæk. Samt sem áður hafði hún fundið sér einskonar fjölskyldu í formi húsbænda sinna. Hún fylgdi þremur kynslóðum af sömu fjölskyldunni í rúma fjóra áratugi og fylgdi þeim víðsvegar um Norðurland.

Þessi aldursskipting sýnir hversu þunn skilin voru á milli vinnuhjúa og bænda. Flestir bændur hófu starfsferil sinn sem vinnuhjú og var oft litið á starfið sem einskonar starfsþjálfun, hvort sem það varði í tvö ár eða fimmtán. Að sama skapi voru margir bændur sem töpuðu býlum sínum og eyddu seinni hluta ævi sinnar sem vinnuhjú. Þessar ferilsathuganir varpa einnig ljósi á það hversu fjölbreytilegt fólk gat verið burtséð frá því hvort það var efnað eða fátækt og hversu margslungin skilgreiningin á vinnuhjúum gat verið.

4. Niðurstöður

Forsenda rannsóknarinnar var að skoða eignastöðu vinnuhjúa á 19. öld með það að markmiði að meta fjölbreytileika dánarbúa og æviferil einstaklinga með tilliti til þátta líkt og efnahagsstöðu, aldurs, kyns og uppruna. Markmiðið var einkum að sýna fram á það að vinnuhjú glímdu ekki öll við mikil bágindi og fátækt og gátu í sumum tilvikum búið við efnamikla eignastöðu.

Fimmtíu dánarbú voru hér tekin fyrir til að varpa ljósi á fjölbreytileika einstaklinganna. Þar á eftir voru sextán fulltrúar teknir sérstaklega fyrir og gerð ítarleg athugun á ævi þeirra og starfsferli. Þeim var skipt bæði í tvo aldurshópa og eftir kyni. Eignastaða einstaklinganna reyndist afar fjölbreytileg hjá báðum aldurshópum og báðum kynjum.

Vinumennska var margslungið fyrirbæri og markmið þessarar rannsóknar er ekki að draga í efa áður nefndar staðhæfingar um að vinnuhjú hafi í einhverjum tilvikum glímt við mikil bágindi. Það sem þessi rannsókn sýnir þó fram á er að líkt og á við um hvern annan þjóðfélagshóp gat efnahagsstaða einstaklinga verið ólík innbyrðis. Til voru vinnuhjú sem áttu lítið annað en örfá klæði. En einnig voru til vinnuhjú sem áttu mikið af fínum verðmætum og skepnum. Þetta átti bæði við um vinnumenn og vinnukonur.

